

Skýrsla

**Katrínar Jakobsdóttur samstarfsráðherra
Norðurlanda um störf
Norrænu ráðherranefndarinnar 2011**

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012)

**Norðurlandaskrifstofa
utanríkisráðuneytisins
Janúar 2012**

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	5
2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda	5
3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda	6
4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins	14
5. Menningarsamstarf.....	16
6. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt	21
7. Jafnréttismál.....	25
8. Menntun og rannsóknir	29
9. Félags- og heilbrigðismál	33
10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál.....	39
11. Umhverfismál.....	44
12. Vinnumál	50
13. Efnahags- og ríkisfjármál.....	57
14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála.....	62
15. Grannsvæðasamstarf	64
16. Norrænar stofnanir á Íslandi	68
17. Norrænar lánastofnanir	76
Fylgiskjal 1: Styttingar	85

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

Prentun Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja 

Skýrslan er framleidd hjá prentsmiðju, sem er vottuð norræna umhverfismerkinu Svaninum, ásamt því að vera prentuð á umhverfsvottaðan pappír

1. Inngangur

Í skýrslu þessari gerir samstarfsráðherra grein fyrir því helsta sem unnið var að á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2011.

Sem fyrr er skýrslan unnin í samstarfi við þá starfsmenn ráðuneytanna sem sitja í norrænum embættismannanefndum og starfshópum á þeirra vegum. Einnig var kallað eftir upplýsingum frá fulltrúum Íslands í norrænum lánasjóðum og Norræna fjárfestingabankanum (NIB), sem og frá þeim tveim norrænu stofnunum sem staðsettar eru á Íslandi, Norræna húsinu og Norræna eldfjallasetrinu. Þá segir í skýrslunni einnig frá samstarfi norrænu forsætisráðherranna og utanríkisráðherranna en samstarf þeirra hefur styrkst í kjölfar Stoltenbergskýrslunnar sem hefur að geyma tillögur um aukið samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála. Auk þess er sagt frá starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) á grannsvæðum og í grannríkjum en fyrir dyrum liggur að gera úttekt á því starfi sem staðið hefur yfir allt frá árinu 1989 þegar samstarf hófst við Eyrstrasaltsríkin Þrjú, Eistland, Lettland og Litháen.

Samstarf Norðurlanda innan NMR sem hvílir á Helsingfors-samningnum fer fram í tíu fagráðherranefndum og 35 norrænum stofnunum, samstarfsstofnunum og fastanefndum. Norðurlönd taka þátt í norrænu samstarfi vegna augljósrar hagkvæmni en ekki síður vegna þess að sameiginleg saga og menning bindur þjóðirnar saman. Samstarfið er bæði yfirgripsmikið og margþætt, það nær til flestra samfélagssviða þar sem norræn samlegðaráhrif nást með því að takast í sameiningu á við margvísleg úrlausnarefni. Í skýrslu sem þessari er ekki hægt að gera því öllu tæmandi skil enda hlýtur hún að litast af því hvað við Íslendingar teljum mikilvægast í samstarfinu. Norrænu samstarfi er að öðru leyti gerð góð skil á netinu, bæði er skrifstofa NMR með vefsvæði og eins eru allar norrænar stofnanir með eigin heimasíður þar sem má afla upplýsinga um norræn samstarfsverkefni.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu einn fund á árinu. Var hann haldinn í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember við upphaf þings Norðurlandaráðs (NR). Aflyst var sumarfundur sem áætlaður var í Helsinki þar sem þá stóðu yfir stjórnarmyndarviðræður í Finnlandi. Ennfremur ræddust norrænir forsætisráðherrar við óformlega í tengslum við leiðtogafundi á alþjóðavettvangi og eftir þörfum.

Meginumræðuefni norrænu forsætisráðherranna á fundinum í nóvember var hið opna norræna samfélag, ekki síst í ljósi árásanna í Ósló og Útey þann 22. júlí. Styrkur norræna samfélaga og norræn samkennd kemur skýrt í ljós þegar svo voðeiflega atburði ber að höndum.

Efnahagsmál á alþjóðavettvangi, m.a. aðgerðir Evrópusambandsins (ESB) vegna skuldavanda á evrusvæðinu og erfíð staða fjölmargra vestrænna

ríkja, voru til umræðu á fundinum. Forsætisráðherra gerði grein fyrir stöðu aðildarviðræðna Íslands en Danir taka við formennsku í ESB um áramót. Forsætisráðherrarnir fjölluðu um alþjóðamál sem efst voru á baugi, einkum breyttar aðstæður og lýðræðiseflingu í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Ennfremur var rætt um önnur alþjóðamál. Forsætisráðherrarnir fjölluðu um hnattvæðingarstarf NMR og niðurstöður sem kynntar höfðu verið á hnattvæðingarþingi daginn áður, sbr. hér síðar.

Venjubundinn fundur norrænna forsætisráðherra með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna var haldinn í lok október í Kaupmannahöfn, í tengslum við þing NR í nóvember. Ennfremur funduðu norrænir ráðherrar með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna og Bretlands eftir miðjan janúar í London.

Árlegt hnattvæðingarþing, sem forsætisráðherrarnir og NMR standa fyrir sameiginlega, var haldið í tengslum við þing NR í lok október. Þar voru kynntar niðurstöður starfshóps forsætisráðherranna um grænan hagvöxt sem settur var á fót í október 2010 og gerði hópurinn skilgreindar tillögur um átta samstarfsverkefni og -svið sem vísað var til ráðherranefnda á einstökum fagsviðum til greiningar og útfærslu. Kynntar voru niðurstöður hnattvæðingarvogar um nýsköpunarhæfni og samkeppnishæfni Norðurlanda í alþjóðlegum samanburði. Forsætisráðherrarnir tóku þátt í umræðum þingsins og meðal frummælenda voru Christian Ketels frá Harvard háskóla og Johnny Åkerholm, forseti NIB.

Í maí sóttu fulltrúar forsætis- og fjármálaráðuneytis árlegan fund norrænu embættismannanefndarinnar *Nordisk forvaltningspolitisk forum* í Helsinki. Hópurinn samanstendur af fulltrúum frá ráðuneytum sem hafa með umbætur og breytingar hjá ríkisvaldinu að gera. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenska forsætisráðuneytið tekur þátt en á fundinum var farið yfir helstu breytingar sem orðið hafa í stjórnsýslu norrænu landanna síðastliðið ár, skipan ráðuneyta og flutning verkefna. Einnig voru væntanlegar breytingar og umbætur kynntar, farið yfir áskoranir og skipst á skoðunum. Gestur fundarins var Jan Sundberg prófessor við stjórnsýslufræðideild Helsinki-háskóla en hann ræddi um niðurstöður nýafstaðinna þingkosninga í Finnlandi og myndun nýrrar ríkisstjórnar. Næsti fundur nefndarinnar verður í Ósló í maí 2012.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Norræna ráðherranefndin (NMR) er vettvangur ríkisstjórnasamstarfs Norðurlanda og sjálfstjórnarlandanna. Stefna samstarfsins er mörkuð af forsætisráðherrunum ásamt *samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM)*. Samstarfsráðherrarnir bera ábyrgð á framkvæmd heildarstefnunnar og samræmingu hennar en fagráðherranefndirnar sjá um framkvæmdina á hverju samstarfssviði fyrir sig. Ennfremur starfa norrænar stofnanir, samstarfsstofnanir og fastanefndir í samræmi við áætlanir fagsviðanna. *Norræna samstarfsnefndin (NSK)* er embættismannanefnd samstarfsráðherranna auk

Þess sem hún gegnir hlutverki stjórnarnefndar fyrir skrifstofu NMR í Kaupmannahöfn.

Samstarfsráðherrarnir bera endanlega ábyrgð á gerð norrænu fjárhagsáætlunarinnar að fenginni tillögu um hana frá framkvæmdastjóra NMR og í nánu samráði við NR. Auk þess bera þeir ábyrgð á ýmsum þverfaglegum viðfangsefnum, svo sem aðgengismálum fatlaðs fólks, málefnum barna og ungmenna, afnámi stjórnsýslulegra landamærahindrana, áætluninni um sjálfbæra þróun, grannsvæðasamstarfi, norðurskautssamstarfi og alþjóðlegu samstarfi NMR. Samstarfsráðherrarnir bera einnig ábyrgð á að framkvæma þá pólitíska stefnu sem mörkuð er á fundum forsætisráðherranna, svo sem um viðbrögð við áskorunum hnattvæðingar 2007 og um grænan hagvöxt sem samþykkt var á fundi þeirra í tengslum við þing NR í lok október. Skrifstofa NMR í Kaupmannahöfn annast daglega framkvæmd norræns samstarfs, þar fer fram þjónusta við embættismannanefndirnar, starfshópa og aðrar norrænar nefndir, umfangsmikið ráðstefnu- og fundahald auk daglegra samskipta við norrænar stofnanir og sendiskrifstofur. Skrifstofan annast einnig alþjóðleg samskipti sem hafa færst í aukana á undanförunum árum. Auk þess reka NMR og NR sameiginlega upplýsingaskrifstofu.

Formennska Finnlands í NMR

Finnar fóru með formennsku í NMR á árinu en yfirskrift áætlunar þeirra var „Græn Norðurlönd – bregðast við loftslagsvanda“. Á formennskuárinu var megináhersla lögð á aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og að styrkja stöðu Norðurlanda sem brautryðjenda og sameinaðs afls í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þeir hófu formennskuár sitt á afar vel sóttri ráðstefnu sem haldin var í lok janúar í Turku þar sem fjallað var um sjálfbærar lausnir á helstu viðfangsefnum samtímans og hvað Norðurlönd hefðu fram að færa í þeim efnum. Samstarfsráðherra sótti ráðstefnuna og sat í pallborði þar sem rætt var um velferðarkerfið, menntun, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun. Norðurlönd skiptast á um að gegna formennsku í NMR, eitt ár í senn. Norðmenn taka við af Finnum og fara með formennsku árið 2012.

Fjárhagsáætlun NMR

Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsáætlun NMR fyrir árið 2011 í lok október árið áður að höfðu samráði við NR. Heildarútgjaldarammi áætlunarinnar á verðlagi ársins 2010 hljóðaði upp á 934,716 milljónir danskra króna, eða rúmlega 20 milljarða íslenskra króna. Framlög landanna til norræns samstarfs eru ákvörðuð samkvæmt sérstakri skiptireglu sem byggir á hlutdeild viðkomandi lands í samanlögðum vergum þjóðartekjum Norðurlanda á þeim síðustu tveimur árum sem upplýsingar liggja fyrir um. Hlutdeild Íslands í áætlun ársins 2011 var 1,1%.

Samstarfsráðherrar bera ábyrgð á fjárhagsáætlun NMR og ákveða skiptingu fjármuna milli fagsviða. Ráðherranefndir menningar- og menntamála fengu í sinn hlut langstærsta hlutinn eða rúm 42% af heildarupphæð áætlunarinnar. Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál fékk 12,4% og 10% af fjármununum var varið til grannsvæðasamstarfs. Tæp 4% runnu til samstarfs á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, skógræktar og matvæla, um 4,7% var varið í samstarf um umhverfismál og samstarf í velferðarmálum fékk í sinn hlut 4% af norrænu fjárhagsáætluninni.

Norræna fjárhagsáætlunin endurspeglar áherslur fagsviðanna í norrænu samstarfi hverju sinni. Áherslan á sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við hnattvæðingu var áfram við lýði í samstarfinu en um 72,4 milljónir danskra króna, eða 7,7% af fjármununum, runnu til slíkra verkefna. Hnattvæðingaráherslan kemur inn á flest fagsvið samstarfsins, svo sem menntun, menningu og listir, skapandi greinar, umhverfismál, rannsóknir og nýsköpun, alþjóðlegt samstarf og velferðarkerfið. Af hnattvæðingarverkefnum er öndvegisrannsóknáætlunin (TFI) stærst og viðamest. Nokkrum hnattvæðingarverkefnum er nú lokið en um áramótin 2011/2012 var enn unnið að sextán verkefnum.

Í lok árs hófust umræður í hópi samstarfsráðherranna um norrænu fjárhagsáætlunina 2013 og er í þeim gengið út frá því að nokkrar breytingar verði gerðar á bæði áherslum og skiptingu fjármuna. Fyrir þessu eru nokkrar ástæður. Starfshópur sem skipaður var af forsætisráðherrum Norðurlanda í kjölfar sumarfundar þeirra 2010 skilaði í maí 2011 tillögum þar sem afmörkuð eru þau svið græns hagvaxtar þar sem sameinaðar aðgerðir Norðurlanda geta skapað norrænan virðisauka.¹ Var skýrslan til umfjöllunar á fundi forsætisráðherranna í lok október þar sem þeir gerðu tillögurnar að sínum. Við þessu þarf NMR að bregðast. Að því ber einnig að hyggja að hnattvæðingarverkefnum mun flestum ljúka á árunum 2012 og 2013 og munu þá losna talsverðir fjármunir sem hægt verður að ráðstafa í önnur verkefni. Þá telja samstarfsráðherrarnir það brýnt að í norrænu fjárhagsáætluninni séu á hverjum tíma fjármunir til reiðu sem hægt sé að ráðstafa með skömmum fyrirvara til pólitískt mikilvægra verkefna þar sem forsætisráðherrar leggja línurnar. Nái þessar hugmyndir fram að ganga má gera ráð fyrir að frá árinu 2013 verði til ráðstöfunar á norrænu fjárhagsáætluninni umtalsverðir fjármunir á sérstökum forgangsverkefnalið, sem í samráði við NR verði hægt að nýta til þess að bregðast hratt við og ráðast í verkefni sem fram kunna að koma og hafa mikla pólitíska þýðingu fyrir löndin.

Stuðningur við íslenska námsmenn á Norðurlöndum vegna efnahagshrunsins

Samstarfsráðherrarnir ákváðu að styrkveitingum til íslenskra námsmanna á Norðurlöndum sem hófust í kjölfar efnahagskreppunnar skyldi fram haldið á árinu en í verkefnið var veitt ríflega 5,5 milljónum danskra króna árin 2009

¹ Sjá nánar á bls. 10.

og 2010 en árið 2011 var einungis veitt rúmlega 2,5 milljónum danskra króna til þess.

Þessir styrkir voru annars vegar framfærslu- og ferðastyrkir til nemenda í iðn- og starfsnámi sem veittir voru til að þeir geti lokið námssamningi á Norðurlöndum og hins vegar styrkur til námsmanna sem voru í lánshæfu námi á Norðurlöndum, voru atvinnulausir yfir sumarmánuðina og höfðu hvorki möguleika á námslánaþyrngreiðslu né rétt á atvinnuleysisbótum.

Auglýst var eftir umsóknum á vormánuðum. Alls bárust 475 umsóknir – sem er fækkun frá fyrra ári þegar umsóknir voru 572 – þar af uppfylltu 248 skilyrði auglýsinga til að hljóta styrk. Eins og fyrri ár bárust flestar umsóknir frá námsmönnum í Danmörku.

Átta nemendur sóttu um og uppfylltu skilyrði til að hljóta styrk til iðn- og starfsmenntanáms í alls 16–25 vikur. Öllum umsækjendum sem uppfylltu skilyrði sem fram komu í auglýsingu um styrk til námsmanna á Norðurlöndum var úthlutað styrk, eða alls 240 nemendum. Úthlutanir til styrkþega greindust svo:

- eftir námslandi: Danmörk 219 (88,3%), Svíþjóð (7,3%), Noregur 10 (4%), Finnland 1 (0,4%)
- eftir kyni: Konur 133 (53,6%) og karlar 115 (44,4%)

Hnattvæðingarverkefni

Áherslan á sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við áskorunum og tækifærum hnattvæðingar, sem hófst 2007, hefur undanfarin ár sett mark sitt á allt norrænt samstarf. Að baki lá hugmyndin um að tefla Norðurlöndum fram sem sameiginlegu svæði í ört vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Til þess að koma áherslunni í framkvæmd voru mótuð svokölluð hnattvæðingarverkefni, sum til skemmri tíma en önnur til lengri tíma. Umfangsmest og fjárfrekast þeirra er TFI. Undirbúningur verkefnisins stóð yfir árið 2008 en það hófst formlega í byrjun árs 2009 og nær til ársins 2013. Um er að ræða styrkveitingar til samnorrænna verkefna sem snúa að loftslagi, umhverfi og orku og hafa Norðurlönd aldrei áður varið svo miklum fjármunum til samnorrænna verkefna. Þegar allt er tekið saman, þ.e. fjármunir NMR og styrkir frá atvinnulífi á Norðurlöndum, úr sjóðum ESB og norrænu rannsóknaráðunum, mun verkefnið velta 500 milljónum danskra króna (10,6 milljörðum íslenskra króna) á 5 ára tímabili.

Þegar mest var voru 22 hnattvæðingarverkefni starfrækt á vegum NMR og árið 2011 runnu 8% af fjárveitingum NMR til þeirra.

Á árunum 2012 og 2013 munu mörg hnattvæðingarverkefni renna sitt skeið og eftir standa einungis eitt eða tvö sem voru frá upphafi ótímabundin. Þótt gert sé ráð fyrir að beinni fjármögnun NMR til verkefna eins og TFI ljúki formlega í lok árs 2012 er afar ósennilegt að það tákni endalok þeirra allra enda hefur miklu verið til kostað við að koma mörgum þeirra á laggirnar.

Nýjar áherslur í norrænu samstarfi – grænn hagvöxtur

Á summarfundi norrænu forsætisráðherranna 2010 var ákveðið að skipa starfshóp (task force) sem var falið að afmarka þau svið græns hagvaxtar þar sem sameinaðar aðgerðir Norðurlanda gætu skapað norrænan virðisauka. Starfshópurinn tók til starfa í nóvember 2010 og skilaði skýrslu með tillögum sínum í maí 2011. Í störfum sínum studdist starfshópurinn einkum við úttekt sem hann lét gera um grænan hagvöxt á Norðurlöndum (McKinsey & Company: Green Growth for Nordic Prosperity) en einnig var tekið mið af því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum á vettvangi NMR. Þá var og horft til þess starfs sem farið hefur fram hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

Norðurlönd hafa þegar sýnt fram á að það er hægt að viðhalda góðum hagvexti á sama tíma og markið í umhverfisvernd og sjálfbærni er sett mjög hátt. Á undanförunum áratugum hefur dregið umtalsvert úr mengun andrúmslofts og sjávar á Norðurlöndum jafnframt því sem tekist hefur að halda hagvexti svæðisins á sama stigi eða betri en meðaltalið í ríkjum OECD. Starfshópurinn bendir á að einhvers konar „græn umskipti” þurfi óhjákvæmilega að eiga sér stað á heimsvísu ef takast eigi að viðhalda hagvexti samfara því að umhverfissjónarmið séu virt. Í slíkum kerfisbreytingum felast tækifæri til fjárfestinga og atvinnusköpunar og nýir markaðir munu líta dagsins ljós. Í þessu ferli telur starfshópurinn að það sé hagfelldara fyrir Norðurlönd að vera sameinuð í aðgerðum sínum en að hvert land vinni að eigin lausnum. Norðurlönd eigi að nýta þann vettvang sem norrænt samstarf er til þess að vera í forystuhlutverki á sviði græns hagvaxtar og að koma málinu á dagskrá innan ESB.

Starfshópurinn lagði til við forsætisráðherrana að ráðist yrði í átta verkefni sem hann telur að Norðurlönd geti í sameiningu unnið að til þess að stuðla að grænum hagvexti. Fjallað var um skýrsluna á fundi forsætisráðherranna í tengslum við þing NR í lok október og sendu þeir frá sér sameiginlega yfirlýsingu um að fela norrænum fagráðherrum að koma verkefnunum í framkvæmd. Hlutverk NMR verður að tryggja árangursríka samhæfingu þess starfs sem forsætisráðherrarnir hafa samþykkt að verði unnið í þeim norrænu fagråduneytum sem málið varðar.

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- 1) Að forsætisráðherrarnir feli orkumálaráðherrunum, ásamt ráðherrum atvinnumála, vísinda og rannsókna, samgangna og landbúnaðar, að kanna möguleika og hagkvæmni þess að löndin komi á fót sameiginlegum tilraunamiðstöðvum þar sem fram fari umfangsmiklar tilraunir og þróunarvinna með nýja orkugjafa. Tilraunastarfsemi af þessu tagi er mjög kostnaðarsöm en í sameiningu gætu Norðurlönd risið undir slíkri starfsemi. Þar gætu m.a. farið fram tilraunir með lífræna orku, vindorku, sólarorku, jarðhitarannsóknir og jarðhitanýtingu, rafbíla og orkusparnað í byggingum. Í því sambandi

- sé mikilvægt að nýta þá vinnu sem farið hefur fram innan norrænu öndvegisrannsóknáætlunarinnar um loftslag, umhverfi og orku (TFI).
- 2) Að forsætisráðherrarnir feli vísinda- og rannsóknaráðherrunum, ásamt orku- og atvinnumálaráðherrunum, að kanna möguleika og hagkvæmni þess að vinna saman að menntun og rannsóknum á þeim sviðum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir grænan hagvöxt. Mikilvægt sé að nýta norrænar rannsóknastofnanir og verkefni svo sem TFI, Norræna rannsóknaráðið (NordForsk), Norrænar orkurannsóknir (NEF), Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (Nordic Innovation), samstarf norrænu háskólarektoranna (NUS), tækniháskólana á Norðurlöndum, samnorrænar skógrannsóknir og landbúnaðarrannsóknir.
 - 3) Að forsætisráðherrarnir feli orkumálaráðherrunum að efla það starf sem snýr að orkuneytendum á Norðurlöndum, m.a. að því er varðar að draga úr orkunotkun heimila á álagstímum, orkusparnaðaraðgerðir og samstarf um að koma á fjölbreyttara orkuframboði, þ.e. að vindorka og vatnsorka komi í auknum mæli í stað kola, gass og olíu. Einnig er lagt til að samstarf og samráð þeirra sem að þessum málum vinna í löndunum verði eflt.
 - 4) Að forsætisráðherrarnir feli atvinnumálaráðherrunum í samstarfi við orku- og húsnæðisráðherrana að afmarka fjögur eða fimm mikilvæg svið í norrænum byggingariðnaði þar sem unnt er að samræma viðmið og staðla um orkusparnað í nýbyggingum, auk þess að koma með tillögur um hvernig megi ryðja úr vegi hindrunum á þessum sviðum. Einnig er lagt til að orkumálaráðherrar, í samstarfi við atvinnumála- og umhverfissráðherrana, beiti sér fyrir auknum metnaði í þessum efnum á vettvangi ESB.
 - 5) Að forsætisráðherrarnir feli atvinnumálaráðherrunum í samstarfi við umhverfis- og orkumálaráðherrana að hefja vinnu við að afmarka þau svið og vöruflokka, þar sem græn innkaup eru árangursrík, til þess að ná settum umhverfismarkmiðum, auk þess að kanna möguleika á að samræma græn innkaup á norræna vísu.
 - 6) Að forsætisráðherrarnir feli umhverfissráðherrunum í samstarfi við orkumálaráðherrana og atvinnumálaráðherrana að þróa sameiginlegar úrvinnsluáferðir fyrir nokkra úrgangsflokka, t.d. frá byggingariðnaði, frá matvælaíðnaði og hugsanlega brotajárn, þar sem möguleikar á arðbærri sorpendurvinnslu eru fyrir hendi.
 - 7) Að forsætisráðherrarnir feli þeim ráðherrum sem fara með þróunarmál að efla norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar með það fyrir augum að samþætta betur umhverfissjónarmið og þróunaraðstoð. Ennfremur er lagt til að kannaðir verði möguleikar á að efla Nordic Climate Facility, styrktarsjóð sem styður umhverfisverkefni í þróunarlöndunum og sem settur var á laggirnar af Norræna þróunarsjóðnum (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu (NEFCO).
 - 8) Að forsætisráðherrarnir feli fjármálaráðherrunum í samstarfi við atvinnumálaráðherrana og orkumálaráðherrana að koma með tillögur

um hvernig unnt sé að samræma og efla aðgerðir í þágu græns hagvaxtar með því að nýta norrænar fjármálastofnanir til þess að fjárfesta í og lána til fyrirtækja sem sérhæfa sig í grænum orkulausnum.

Gert er ráð fyrir að þeir ráðherrar sem verkefnatillögurnar beinast að gefi skýrslu um stöðu og framvindu verkefnanna í tengslum við sumarfund forsætisráðherranna 2012.

Stjórnsýslulegar landamærahindranir

Hinn norræni vettvangur eða nefnd samstarfsráðherra um afnám stjórnsýslulegra landamærahindrana (GF) lagði sem fyrr megináherslu á að við undirbúning nýrrar löggjafar innan Norðurlanda sé þess gætt að ekki skapist nýjar hindranir og að hið sama gildi við innleiðingu ESB-gerða. Nefndin leggur mikla áherslu á skipulagða samvinnu landanna í þeim efnum. Komið var á tengslum GF og NMR við tiltekna embættismenn í hinum ýmsu ráðuneytum landanna til að afla upplýsinga um einstök mál og reglur viðkomandi landa. Vonast er til að sú samvinna verði til að auka skilvirkni við að vinna gegn landamærahindrunum. Í samræmi við áherslu GF á nauðsyn þess að vekja athygli ráðamanna á landamærahindrunum voru slík mál alla jafna fastur liður á dagskrá á flestum fundum norrænna ráðherra- og embættismanna á árinu. GF leggur ríka áherslu á að þeim sem falið er að fjalla um ágreiningsmál sem hugsanlega teljast til landamærahindrana sé fyllilega ljós pólitísk stefna yfirvalda.

Í störfum GF verður þess oft vart að túlkun á norrænum samningum og reglum er ólík milli landa. Mismunandi túlkun á reglum og lögum getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir norræna borgara sem hugsanlega fara á mis við réttindi sem þeim ber.

Nærtækt dæmi er ágreiningur sænskra og íslenskra tryggingamálayfirvalda varðandi synjun sænsku tryggingastofnunarinnar, Forsäkringskassan, á umsóknum íslenskra námsmanna í Svíþjóð um barnabætur, foreldradagpeninga og húsaleigubætur. Röksemd Svía er sú að reglugerð 1408/71, sem á að tryggja Norðurlandabúum aðgang að tryggingakerfinu, gildi ekki lengur þar sem ný reglugerð ESB 883/2004, sem tók gildi 1. maí 2010, gangi framur en Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar. Ákvæði þeirrar reglugerðar gildi því ekki fyrir Ísland. Á þingi NR í Kaupmannahöfn í október gagnrýndi samstarfsráðherra Íslands sænsk stjórnvöld en Ísland hefur bent á að framgangi Svía brjóti í bága við Norðurlandasamninginn. Sænski samstarfsráðherrann Ewa Björling hélt því fram að um leið og umrædd reglugerð yrði innleidd á Íslandi yrðu vandamál íslenskra námsmanna úr sögunni þar sem þeir sætu þá við sama borð og aðrir norrænir nemendur hvað varðar félagsleg réttindi. Samkvæmt starfsáætlun velferðarráðuneytisins er gert ráð fyrir að velferðarráðherra leggi á vörþingi 2012 fram þingsályktunartillögu um gildistöku reglugerðarinnar.

GF vísaði fjölda mála sem nefndin hefur fjallað um til þverfaglegs

sérfræðingahóps um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis² til þess að skera úr um hvort um væri að ræða landamærahindranir þar sem brotið væri á norrænum borgurum þvert á lög og samninga. Sérfræðingahópurinn hóf störf í september 2010 og metur hann hin ýmsu ágreiningstilvik með tilliti til þeirra laga og reglugerða sem um þau gilda á Norðurlöndum. Búist er við að störfum hópsins ljúki í mars 2012. Nokkrar niðurstöður voru kynntar á ráðstefnunni „Tillväxtpotential – varför Norden inte har råd med gränshinder” á vegum GF, NMR og NR í sænska þjóðþinginu í Stokkhólmi 30. nóvember 2011. Ráðstefnan var fjölmenn og vel sótt af norrænum ráðherrum, þingmönnum og embættismönnum. Bæklingurinn „Sagan um Jyrki og Jóhönnu – líf venjulegrar fjölskyldu á Norðurlöndum með landamæri”, sem NMR gaf út á árinu, fjallar með gamansömum blæ um landamærahindranir en sýnir þó í raun að verk er að vinna við úrlausn þeirra.

Norræna barna- og ungmennanefndin

Starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (Nordbuk) var með hefðbundnum hætti. Nefndin starfar í samræmi við framkvæmdaáætlun og nýja stefnu sem gildir út 2013.

Nefndin veitir styrki til verkefna á vegum norrænna æskulýðssamtaka en starfsemin felst aðallega í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, verkefnum tengdum formennskuáætlunum norrænu landanna auk þess sem síðustu framkvæmdaáætlanir hafa lagt áherslu á hnattvæðingarverkefni og þverfagleg verkefni. Verkefni Nordbuk hefur verið að tengja þessi svið saman og tryggja að sjónarhorn barna og ungmenna birtist í flestum verkefnum sem hafa snertiflöt við þennan aldurshóp. Nordbuk skilar skýrslu um störf sín á hverju ári.

Nordbuk úthlutaði tæplega 3,3 milljónum danskra króna til norrænna æskulýðssamtaka á árinu. Alls bárust 112 umsóknir og þar af fengu 31 verkefni styrk. Þrjú íslensk verkefni hlutu styrk eða um 10% af heildinni. Þátttakendur frá Íslandi voru 351 en fjöldi þátttakenda í þeim verkefnum sem hlutu verkefnastyrki voru alls 3334. Kynjahlutfall er nokkuð jafnt. Þátttakendur eru í sumum tilfellum frá landi sem ekki hlaut styrk en taka þátt í verkefnum undir forystu annarra landa. Nordbuk úthlutar einnig styrkjum til starfsemi og félagstengsla æskulýðssamtaka og nam sá styrkur 1,35 milljónum danskra króna á árinu.

Samstarf og samráð við Norðurlandaráð

NMR og Norðurlandaráð (NR) áttu gott samstarf og samráð á árinu enda starfsemin nátengd og hagsmunir þeir sömu. Þó vinnsla norrænu fjárhagsáætlunarinnar sé á ábyrgð NMR er mikið lagt upp úr því að ráðið komi sem mest að þeirri vinnu á flestum stigum þannig að fjárhagsáætlunin endurspeglar sem best pólitískar áherslur samstarfsins hverju sinni.

² Sjá einnig á bls. 38 og 51.

NR kom saman í Kaupmannahöfn 1.–3. nóvember og var þetta þing hið 63. í röðinni. Ályktanir á dagskrá ráðsins sem beinast að NMR og norrænu ríkisstjórnunum voru að þessu sinni 59, af þeim voru tvær frá árinu 2011, 32 frá árinu 2010 en hinar 25 voru frá árunum 2006–2009. NMR gefur skrifleg svör við þeim ályktunum sem þangað beinast en það land sem fer með formennsku hverju sinni ber ábyrgð á að svör berist við þeim ályktunum sem beinast að ríkisstjórnunum landanna. Auk ályktananna berst til NMR á hverju ári fjöldi fyrirspurna frá þingmönnum NR sem afla þarf svara við innan tilskilins tíma.

Venju samkvæmt átti samstarfsráðherra gagnlegan upplýsingafund með Íslandsdeild NR skömmu fyrir þing þess í Kaupmannahöfn þar sem farið var yfir það sem efst var á baugi í norrænu samstarfi.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Eins og undanfarin ár hefur samstarf *norrænu utanríkisráðherranna* verið öflugt og árangursríkt. Áföngum hefur verið náð um að efla enn frekar samstarfið á sviði utanríkis- og öryggismála með hliðsjón af tillögum Thorvalds Stoltenberg, sem fram komu í skýrslu hans árið 2009.

Fregnir af hörmulegum atburðum í Ósló og á Útey í Noregi í lok júlímánaðar snertu allt mannlíf á Norðurlöndum og víðar um heim en færði um leið heim sanninn um hin sterku bönd og samkennd sem sameina Norðurlandabúa. Yfirveguð viðbrögð norsku þjóðarinnar og norskra stjórnvalda voru aðdáunarverð og endurspegla hin norrænu grundvallargildi lýðræðis og réttlætis.

Á árlegum fundi utanríkisráðherranna í Helsinki þann 5. apríl staðfestu þeir formlega norræna samstöðuylýsingu í anda tillagna Stoltenbergs. Í yfirlýsingu sinni frá fundinum lögðu ráðherrarnir áherslu á sameiginlegt gildismat landanna þar sem stuðningur við lýðræði, alþjóðarétt, þar á meðal mannréttindi, jafnrétti kynja og sjálfbær þróun, er hluti af utanríkisstefnu þeirra. Vegna sameiginlegra hagsmuna og landfræðilegrar nálægðar sé það eðlilegt að norrænu löndin standi saman um að mæta áskorunum á sviði utanríkis- og öryggismála. Í þessu sambandi ræddu ráðherrarnir um hugsanlegar aðsteðjandi hættur, þar á meðal náttúruhamfarir, hamfarir af manna völdum, netárásir og hryðjuverk. Verði eitthvert norrænu landanna fyrir slíkum áföllum munu hin löndin koma til aðstoðar með viðeigandi hætti þegar eftir því er leitað. Þessar nýju áherslur í norrænni samvinnu eru í fullu samræmi við öryggis- og varnarhagsmuni hvers einstaks ríkis og styður gildandi Evrópu- og Norður-Atlantshafssamvinnu.

Unnið hefur verið skipulega að tillögum Stoltenbergs um aukið norrænt stjórnarsýslusamstarf utanríkisráðuneytanna í rekstri og staðsetningu sendiráða og voru þau málefni fastur liður á dagskrá á reglulegum fundum ráðherranna á árinu. Óformlegt samstarf norrænu utanríkisráðuneytanna og sendiráða

erlendis hefur átt sér stað um áratuga skeið en hefur dýpkað umtalsvert á undanförunum fáum árum sem eftirfylgni við tillögur Stoltenbergs. Markmiðið er að ná eins hagkvæmu og hagnýtu samstarfi og mögulegt er, innan lagaramma hvers lands. Sparnaður í rekstri, hagkvæm verkaskipting og samþætting eru þar í fyrirrúmi. Norrænu löndin eru með mjög vel skipulagt samstarf um ræðis- og áritanamál, neyðarviðbrögð og fasteignarekstur. Þetta samstarf verður aukið með virkum hætti þannig að það nái einnig til öryggismála sendiskrifstofa, upplýsingatækni og mannauðsmála.

Fjallað var ítarlega um samstarf norrænna sendiráða í húsnæðismálum og er langtíma markmiðið að auka það enn frekar. Tvö eða fleiri norræn ríki samnýta nú húsnæði í fleiri en 30 borgum víðs vegar um heim. Sem kunnugt er unnu norrænu löndin sameiginlega að sendiráðsbyggingu í Berlín en það hefur tvímælaust vakið athygli og eflt sameiginlega ímynd landanna í þeirri borg. Algengast er þó að norrænu ríkin leigi húsnæði saman eða hvort af öðru.

Áþreifanlegur árangur hefur náðst í eftirfylgni norrænu ráðherranna með tillögu Stoltenbergs um netöryggi og varnir gegn netógnum í samstarfi við fagráðuneyti og NMR, sem hefur skilgreint verkefnið og áætlað kostnað og tímasetningar. Noregur hefur tekið að sér að gera tillögur um framhaldið og settar hafa verið á laggirnar norrænar sérfræðinganeindir.

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8)

Árlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í ágúst markaði jafnframt þau tímamót að 20 ár voru liðin frá því að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt og að samstarf ríkjanna hófst af fullum krafti að nýju. Samstarfið hefur eflst verulega og orðið afar náíð með árunum auk þess sem Eystrasaltsríkin hafa gerst aðilar að öllum meiriháttar alþjóðastofnunum, Atlantshafsbandalaginu og ESB. Samstarf og samstaða norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna er vel þekkt stærð á alþjóðavettvangi.

Á fundi sínum í Helsinki í ágúst fjölluðu utanríkisráðherrar NB8 um eftirfylgni við tillögur um nánara samstarf sem Valdis Birkavs, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra Lettlands, og Søren Gade, fyrrverandi varnarmálaráðherra Danmerkur, lögðu fram árið 2010. Tillögurnar ná til ýmissa þátta sem fjallað er um í tillögum Stoltenbergs, sem vísað er til hér að ofan. Undirrituðu ráðherrarnir við þetta tækifæri einnig rammasamkomulag um að sendifulltrúar frá NB8-ríkjum geti fengið aðstöðu í sendiskrifstofu annarra NB8-ríkja þegar viðkomandi ríki hefur ekki sendiskrifstofu á staðnum. Fáí þeir jafnframt aðgang að sérfræðipækkingu viðkomandi sendiskrifstofu og tengslaneti.

Líkt og í utanríkismálasamstarfi Norðurlanda hefur verið lögð áhersla á gagnsemi óformlegra og sveigjanlegra vinnubragða í samstarfinu við Eystrasaltsríkin.

5. Menningarsamstarf

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) hélt tvo fundi á árinu og haldnir voru fjórir fundir í *norrænu embættismannanefndinni um menningarmál (EK-K)*. Árangur af breytingum sem gerðar voru árið 2007 á uppbyggingu menningarstarfsins voru metnar veturinn 2010/2011. Á grundvelli tillagna í matsskýrslu hefur verið unnið að því að lagfæra og bæta uppbyggingu samstarfsins. Meðal þess sem breytt verður er fyrirkomulag menningarþinga. Einnig hefur skrifstofa menningaráætlananna, Norræna menningargáttin (KKN), verið sameinuð Norrænu stofnuninni í Finnlandi (NIFIN) frá og með 1. janúar 2012 og starfseminni breytt að nokkru.

Breytingar á uppbyggingu menningarsamstarfsins

Skýrsla um mat á breytingum á menningarsviðinu frá árinu 2007 var lögð fram á fyrri fundi menningarráðherranna í apríl en hún var unnin af norska fyrirtækinu Telemarksforskning. Meginniðurstaða úttektarinnar er að breytingarnar frá 2007 hafi heppnast vel þó að tilefni sé til minniháttar breytinga á kerfinu. Það sem vel hefur tekist er m.a. að menningaráætlunin tekur til helstu listgreina, regla hæfilegrar fjarlægðar er virt með úthlutunarnefndum og stjórnun af hálfu KKN er góð. Það sem mætti bæta eru menningarþingin og framkvæmd þeirra, ásamt hlut áhugamanna og frjálstra samtaka innan menningaráætlananna. Tillögur skýrsluhöfunda beinast að því að auka pólitíska forgangsröðun og gera stjórnarsýslu KKN skýrari, þ.e. að skoða hvaða forsendur séu fyrir frekara samstarfi við t.d. skrifstofu NMR, Norræna menningarsjóðinn eða NIFIN. Lagt er til að menningaráætlanirnar haldi áfram í óbreyttri mynd, að teknu tilliti til forgangsröðunar ráðherranefndarinnar, og að uppbygging úthlutunarferlisins haldist.

Staðsetning KKN í Sveaborg í Finnlandi er umdeild. Finnar vildu styrkja þá staðsetningu og lögðu til að starfsemin sameinaðist NIFIN og það varð niðurstaðan. Menningarráðherrarnir samþykktu reglur fyrir hina nýju stofnun á fundi sínum í nóvember og MR-SAM staðfesti þær.

KNN og NIFIN sameinuðust frá 1. janúar 2012 undir nafninu Kulturkontakt Nord (Norræna menningargáttin).

Listahátíð í Kennedy Center í Washington 2013

Unnið var að undirbúningi á listahátíð sem Kennedy Center í Washington mun standa fyrir í byrjun árs 2013. Þar verða Norðurlönd í brennidepli. Sendiherrar Norðurlanda í Bandaríkjunum vöktu athygli NMR á listahátíðinni og kynntu þá sameiginlega skoðun sína að þetta væri mikilvægt tækifæri til að vekja athygli á norrænu samstarfi í víðu samhengi og koma Norðurlöndum á kortið frá pólitísku sjónarhorni. Í framhaldi af því var tekin ákvörðun um að ráðherranefndin færi í samstarf við menningarmiðstöðina auk þess sem löndin munu leggja fram listviðburði og taka þátt í kostnaði. Fjárhagsáætlun Kennedy Center hljóðar upp á tæplega 44,8 milljónir danskra króna. NMR

mun leggja fram um 3,5 milljónir danskra króna á þremur árum en auk þess framlags munu norrænir sjóðir styrkja verkefni sem verða á hátíðinni.

Norræna leikjaverkefnið 2012–2015

Verkefnið hefur staðið yfir í sex ár og fengið um 66 milljónir danskra króna. Það hefur þótt skila góðum árangri. Framtíð verkefnisins var til umræðu á árinu en ákveðið var að stíglækka framlag til verkefnisins til ársins 2015, þ.e. fara úr 9 milljónum danskra króna árið 2012 í 6,5 milljónir árið 2013 og 4 milljónir árið 2014, enda um tímabundið átak menningarráðherranna til verkefnisins að ræða.

Alls var veitt sex milljónum danskra króna í styrki á vegum áætlunarinnar til að þróa norræna tölvuleiki sem ætlaðir eru börnum allt að 18 ára aldri.

Árleg ráðstefna tölvuleikjaframleiðenda og tölvuleikjajaiðnaðarins var haldin í byrjun maí í Malmö í Svíþjóð og voru styrkir ársins þá afhentir. Sótt var um styrk til 124 verkefna en sérfræðingahópur áætlunarinnar veitti fimmtán fyrirtækjum þróunarstyrk, þar af tveim íslenskum. CAOZ GAMES fékk styrk vegna „Legends of Valhalla: Online“ (vinnutitill) sem er tölvuleikur ætlaður 9–12 ára og Plain Vanilla Games hlaut styrk fyrir „The Moogies“, tölvuleik fyrir aldurshópinn 2–6 ára.

NOMEX – norrænn tónlistarútflytingur

Verkefnið NOMEX var sett á laggirnar af kynningarmiðstöðvum tónlistar á Norðurlöndum til að mæta þeim áskorunum sem stafræna tæknin hefur orsakað á tónlistarsviðinu. Í verkefninu er lögð áhersla á þrennt, þ.e. að styrkja samkeppnishæfnina á erlendum mörkuðum, að styrkja norrænt samstarf á þessu sviði og að auka þekkingu á stafrænni dreifingu og markaðssetningu.

Menningarmálaráðherrarnir ákváðu að styrkja verkefnið með tveim milljónum danskra króna á árinu 2012 og gáfu vilyrði um stuðning næstu þrjú árin. Er það í samræmi við stefnu ráðherranna um að styðja við mikilvæg verkefni í ákveðinn árafjölda meðan unnið er að því að gera þau sjálfbær. Ísland lagði sérstaka áherslu á að þessi styrkur fengist.

Kynning á norrænum barna- og unglingsbókmenntum

Kynning á norrænum barna- og unglingsbókmenntum var þemaumræða á fundi MR-K í nóvember en ráðherrar Noregs og Svíþjóðar hafa mikinn áhuga á að gert verði átak í því. Þetta umræðuefni hefur verið á dagskrá ráðherranna með nokkrum hléum undanfarin ár, t.d. tillaga um sérstök norræn verðlaun fyrir barna- og unglingsbókmenntir. NR er ekki tilbúið að stofna til sérstakra verðlauna og dómnefnd norrænu bókmenntaverðalaunanna vill ekki eyrnamerkja verðlaunin þessari tegund bókmennta með vissu árabili eins og nefnt hefur verið. Ísland og Færeyjar hafa vakið athygli

á vestnorrænu barnabókaverðlaununum en helsti kostnaður vegna þeirra er þýðingarkostnaður. Í erindi til starfssystkina sinna undirstrikaði norski ráðherrann að norrænar barnabókmenntir fái ekki athygli sem skyldi og að það væri vilji hans að stofnuð yrðu barnabókaverðlaun. Stofna mætti til verðlaunanna undir formennsku Norðmanna 2012 og úthluta í fyrsta sinn árið 2013. Svíar, Danir og Íslendingar hafa brugðist jákvætt við. Íslendingar hafa bent á að ráðherrarnir hefðu þegar verkfæri í formi þýðingarstyrksins og þeim væri í lófa lagið að setja skilyrði um nýtingu hans til þýðingar á barna- og unglingsbókmenntum af og til. Til stendur að taka endanlega ákvörðun á fundi MR-K vorið 2012.

Á árinu voru 40 ár liðin frá undirritun norræna menningarsáttmálans og var þess minnst.

KreaNord – stjórnarnefnd um skapandi greinar

KreaNord stjórnarnefndin vinnur að því að efla Norðurlönd á sviði skapandi greina með því að skapa tengslanet, stuðla að þróun og kynningu og leggja fram tillögur til stjórnámálanna á grundvelli verkefna í löndunum.

MR-K og ráðherranefndin um atvinnumál samþykktu haustið 2010 tillögur KreaNord á stefnumálum fyrir skapandi greinar og hagvöxt á Norðurlöndum. Í framhaldinu ýtti nefndin verkefnum úr vör sem fela í sér:

- að safna góðum dæmum hvaðanæva af Norðurlöndum um verkefni sem hafa heppnast vel til að styrkja nýsköpun,
- að taka saman skýrslu um stöðu höfundarréttarmála í skapandi greinum,
- að kortleggja fjárfestingarmöguleika á Norðurlöndum fyrir skapandi greinar,
- að kortleggja fjárfestingarengla á Norðurlöndum og koma á fót samstarfsneti,
- að láta gera úttekt á hagrænum áhrifum skapandi greina og hverjar eru helstu hindranir,
- að kortleggja hvernig staðið er að frumkvöðlafræðslu í listnámi á háskólastigi á Norðurlöndum.

Sumum verkefnum er lokið en öðrum lýkur á fyrri helmingi ársins 2012. Þá lét KreaNord gera úttekt á starfinu á árunum 2008–2010 og var skýrsla lögð fyrir ráðherranefndirnar haustið 2011.

Vefsíðan hefur verið endurskoðuð og þróuð frekar. Hlutverk hennar er að vera upplýsinga- og skoðanavettvangur fyrir skapandi greinar.

KreaNord tengjast nokkur verkefni sem miða að því að koma norrænum kvikmyndum, nýrri norrænni matargerð, tónlist og tölvuleikjum á framfæri, einkum á fjarlægari mörkuðum.

Ráðherranefndirnar samþykktu að vinnunni innan KreaNord skyldi fram

haldið og var stjórnarnefnd verkefnisins falið að gera tillögu að uppbyggingu þess og fjárhagsáætlun eftir 2012.

Norræni menningarsjóðurinn

Stjórn sjóðsins átti þrjá fundi á árinu en tók afstöðu til styrkumsókna með rafrænum hætti. Nýir fulltrúar í stjórn voru auk þess boðaðir á kynningarfund í byrjun árs. Nýtt tölvukerfi var tekið í notkun síðla árs en mikilvægt er að stjórnin geti nýtt sér kerfið og tekið þannig virkan þátt í starfsemi sjóðsins. Af stórum verkefnum sem sjóðurinn styrkir að eigin frumkvæði ber helst að nefna leiklistarviðburð ársins, sem hlaut styrkvilyrði 2010 og verður sviðsettur á árinu 2012, en fjallað var um verkefnið í skýrslu samstarfsráðherra í fyrra. Er það samstarfsverkefni íslenska leikhópsins Vesturports og borgarleikhússins í Malmö. Frumsýning verður á listahátíð í Reykjavík í vor en í framhaldinu verða sýningar víða. Á liðnu ári var auglýst eftir umsóknum um næsta stórverkefni, norræna barnamenningarhátíð, en umsóknarfrestur rennur út vorið 2012.

Hátt í þúsund umsóknir um margvísleg menningarverkefni berast sjóðnum árlega hvaðanæva af Norðurlöndum en einnig frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen og í stöku tilfellum frá öðrum svæðum þar sem um er að ræða norræna menningarviðburði. Frá Íslandi berst að jafnaði fjöldi umsókna auk þess sem Íslendingar taka þátt í mörgum verkefnum að frumkvæði einstaklinga eða stofnana í grannlöndunum. Á árinu úthlutaði Norræni menningarsjóðurinn samtals 23,4 milljónum danskra króna en fimmtán íslensk verkefni hlutu styrki samtals að upphæð 1,4 milljónir danskra króna. Meðal stórra íslenskra verkefna má nefna: Draumasmiðjuna vegna leikhúss fyrir heyrnarlausu, Ars Borealis vegna sýningar á Akureyri um norðurskautsmenningu, Listahátíð í Reykjavík, Tónskáldafélag Íslands vegna norrænna tónlistardaga, Sögusvuntuna vegna leikgerðar Laxdæla sögu, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur vegna tungumálaverkefnis, Fliiss vegna leiklistarverkefnisins Drama Borealis Iceland 2012 og Tangófélag Reykjavíkur vegna danshátíðar.

Styrkir til íslensku verkefnanna námu um 6,5% af heildarúthlutun úr sjóðnum á árinu. Afgreiddar voru 832 umsóknir og hlutu alls 232 þeirra styrk.

Norræni kvikmyndasjóðurinn

Starfsemi Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins var með hefðbundnum hætti en alls voru veittar 1,7 milljónir norskra króna í styrki til íslenskra verkefna.

Veittur var þróunarstyrkur að upphæð 150 þúsund norskra króna til að fullvinna handrit fyrir kvikmyndina „Málmhaus“ sem framleiðslufyrirtækið Mystery Island vinnur að. Leikstjóri er Ragnar Bragason.

Saga film og leikstjórinn Ragnar Bragason fengu framleiðslustyrk

að upphæð 1 milljón norskra króna til að fullgera leiknu sjónvarpsþáttaröðina „Heimsendi” sem sýnd var á Stöð 2.

Fyrirtækið Ground Control Productions hlaut framleiðslustyrk að upphæð 150 þúsund norskra króna fyrir heimildamyndina „Laxárdeilan” sem Grímur Hákonarson leikstýrir. Myndin fjallar um bændur sem tóku málin í sínar hendur fyrir fjörutíu árum og sprengdu stíflu til að bjarga landi sínu frá eyðingu.

Myndform fékk þrjá dreifingarstyrki samtals að upphæð 120 þúsund norskra króna en með honum er tryggð betri dreifing norrænna mynda á Íslandi.

Veittir voru dreifingarstyrkir að upphæð 280 þúsund norskra króna vegna verkefna sem tengjast „Nordic High Five“ og kvikmyndaverðlaunum NR. Fyrirtækið Græna ljósið, sem sérhæfir sig í dreifingu óháðra mynda, stóð að sýningu kvikmyndanna fimm sem tilnefndar voru en þær voru allar sýndar í Bío paradís.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Stöð 2 og Ríkisútvarpið greiddu samtals 11 milljónir íslenskra króna á aðildargjöld á liðnu ári – íslenskt framlag var því tæplega einn þriðji af veittum styrkjum sjóðsins á tímabilinu.

Menningaráætlunin um ferðastyrki

Haldnir voru þrír vinnufundir en mestur hluti starfsins fór fram á netinu. Í erindi til MR-K lögðu úthlutunarnefndir áætlunarinnar áherslu á eftirfarandi:

- 1) Armslengdarmarkmiðið er mikilvægt þar sem stjórnámálemenn leggja línurnar en koma ekki að úthlutun styrkja.
- 2) Sérfræðingar af ýmsum sviðum menningarlífsins fara yfir og meta umsóknir. Hvorki stjórnámálemenn né embættismenn koma að mati á umsóknum.
- 3) Umsóknarferlið kallar á sérþekkingu á sérhverju sviði lista og menningar og er hún fyrir hendi í sérfræðingahópnum.
- 4) Einungis eru veittir styrkir til fagfólks. Verulega miklu ráðstöfunarfjármagni þyrfti að bæta við ef áhugafólki yrði bætt við sem mögulegum styrkþegum.
- 5) Skilyrði fyrir styrkveitingum tryggja að unnið sé að því að bæta gæði lista- og menningarstarfs á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.
- 6) Markmið hinna þriggja hluta eru skýr og ferlið gegnsætt. Upplýst er um allar ákvarðanir um styrkveitingar.
- 7) Áætlunin einkennist af sveigjanleika og kerfið byggir á verkefnum. Það er auðvelt fyrir stjórnámálemenn að breyta um áherslur innan áætlunarinnar.
- 8) Útvíkkun áætlunarinnar sem nú nær einnig til Eystrasaltsríkjanna var djörf ákvörðun sem hefur lánast vel að mati úthlutunarnefndarinnar.

Tillit var tekið til þessara grundvallaratriða þegar framtíðaráherslur

áætlunarinnar voru ákveðnar. Breytingar hafa verið gerðar, m.a. var opnað fyrir umsóknir frá allt að sex manna hópum og dvölin ekki takmörkuð við viku heldur allt að tíu dögum.

Ferðastyrkjaáætluninni bárust 857 umsóknir til meðferðar en þær voru 758 árið áður.

6. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Starfið innan *norrænu ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)* á árinu fylgdi þeim áherslum sem mótaðar eru í starfsáætlun til fjögurra ára 2009–2012 og eru í samræmi við verkefnalýsingar sem þar eru markaðar fyrir umrædd svið. Starfsemi *norrænu embættismannanefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK-FJLS)* er umfangsmikil með sterk tengsl við atvinnuvegi, rannsóknastarfsemi og stjórnsýslu. Af þeim ástæðum starfar embættismannanefndin í fjórum deildum, EK-FJLS/fiskveiðar og fiskeldi, EK-FJLS/landbúnaður, EK-FJLS/matvæli og EK-FJLS/skógrækt. Samræmingu á starfsemi deildanna annast EK-FJLS/stjórnarnefnd.

Starfsáætlunin er í samræmi við heildarstefnumörkun norræns samstarfs og leggur megin áherslu á verkefni á sviðum þar sem samkeppnisstaða Norðurlanda er góð í alþjóðlegu samhengi og þar sem samstarfið gefur mikinn virðisauka. Þetta var leiðarstefið í starfseminni sem skiptist í nokkra megin þætti svo sem hagsæld og velferð, matvæli og heilsa, veðurfarsbreytingar, sjálfbæra notkun erfðalinda og alþjóðastarf. EK-FJSL/stjórnarnefnd hélt þrjá fundi á árinu.

Finnar héldu vel utanum starfið en samkomulag varð um að Danir stæðu að ráðherrafundi í byrjun árs en ráðherrafundur Dana hafði fallið niður af ýmsum ástæðum. Fór sá fundur fram í Kaupmannahöfn 11. febrúar. Voru þar til lykta leidd ýmis mál en erfðast var málefni Norræna erfðalindasetursins (NordGen) þar sem unnið hafði verið að fjárhagslegri endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar í formennskutíð Dana. Íslenskur vísindamaður, dr. Árni Bragason, tók að sér að leiða stofnunina tímabundið meðan á þeirri endurskipulagningu stóð og vinna í henni. Mál skipuðust með þeim hætti að Árni sótti í framhaldinu um starf forstjóra þegar það var auglýst um mitt ár og hlaut starfið sem nokkur fjöldi sótti um. Er Árni þriðji Íslendingurinn til að leiða þessa erfðalindastofnun. Voru tveir ráðherrafundir á árinu en reglulegur fundur var haldinn í Tavastehus í Finnlandi í byrjun júlí mánaðar. Megin viðfangsefni fundarins voru umhverfismál tengd landbúnaði, Evrópusamstarfið og efling rannsóknasamstarfs innan MR-FJSL.

Sjávarútvegur

Finnar fólu Álendingum ákveðið forsvar innan sjávarútvegsdeildarinnar á sambærilegan hátt og Danir höfðu falið Færeyingum á sínu formennskuári. Á

árinu voru haldnir tveir fundir í embættismannanefndinni EK-FJLS/fiskveiðar og fiskeldi. Sá fyrri á Álandseyjum í maí og hinn síðari í Helsinki í nóvember. Í báðum tilvikum var fundað í vinnuhópi (AG-fisk) og í tengslum við seinni fundinn var haldinn árlegur fundur með norrænum aðilum sem starfa hjá hinum ýmsu alþjóðlegu stofnunum sem þessu tengjast. Þá voru á árinu fundir í hinum ýmsu vinnu- og verkefnahópum sem nefndin kemur að.

Haldnar voru nokkrar ráðstefnur með áherslu á sjávarútveg eða tengd málefni svo sem hlýnun sjávar. Stærst þeirra var ráðstefna um fiskeldi sem fram fór dagana 4.–6. október í Helsinki. Þá studdi sjávarútvegsdeildin við starf Nordic Innovation að áhersluverkefnum á sviðinu. Er þar um mörg verkefni að ræða, t.d. um sjávarútveg almennt, fiskeldi og líftækni. Verður þessum verkefnum fylgt úr hlaði með ráðstefnu sem fram fer í Ósló þann 25. janúar 2012. Á árinu var því starfi deildarinnar fram haldið að efla samstarf við ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviðinu svo sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Unnin var könnun um það hvernig hin ýmsu verkefni sem deildin hefur komið að seinni árin skiptast á milli verkefnasviða. Um er að ræða alls um 50 verkefni en rúmlega 63% þeirra beinast að því að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda út á við. Um 12% snúast um loftlagsmál og svipaður fjöldi um heilsu- og velferðarmál, um 4% um erfðaauðlindir, um 2% eru á sviði dreifbýlisþróunar beint og 7% á sviði alþjóðlegs samstarfs.

Landbúnaður

Sjálfbær notkun erfðalinda er enn sem fyrr eitt af meginverkefnum EK-FJLS/landbúnaður og fer þar mest fyrir starfsemi NordGen en sú stofnun varð til við sameiningu Norræna genbankans fyrir nytjaplöntur, Norræna genbankans fyrir búpening og Norrænu frænefndarinnar í skógrækt. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í þróun samstarfsverkefna á vegum MR-FJLS á Norðurlöndum og ekki síður í tengslum við alþjóðlega samvinnu á sviði erfðalinda, t.d. innan FAO þar sem mikill hagur er af norrænu samstarfi. Norðmenn hafa lagt mikið undir í þessu samstarfi með byggingu á glæsilegri fræhvelvingu á Svalbarða en hún stendur einnig opin þróunarþjóðum sem vilja auka öryggi sinna fræsafna.

Ljóst er þó að erfðalindasamstarfið mun þróast áfram og jafnframt að því kunni að vera of þröngur stakkur skorinn ef það er einvörðungu rekið innan hins formlega norræna samstarfs. Því er skoðað með hvaða hætti megi draga fleiri aðila að málinu og efla starfsemina. Á árinu hófst samnorrænt átak í plöntukynbótum sem verður nátengt starfsemi NordGen í framhaldi af úttekt á þeim málum sem unnin var á síðustu tveimur árum. Kemur hér til beint fjárframlag frá löndunum fimm auk framlags úr sameiginlegum sjóðum. Athygli manna hefur beinst að neikvæðri þróun í plöntukynbótum á Norðurlöndum þar sem dregið hefur úr nýsköpun, samtímis því sem ljóst er að mikið mun reyna á þessa starfsemi í tengslum við hraðfara veðurfarsbreytingar.

Með þessu verkefni, sem nefnist PPP (public, private partnership in plant breeding), er blásið til sóknar í norrænum plöntukynbótum og til þess ætlast að NordGen verði virkur aðili í því starfi. Í tengslum við ofarnefndan samarfund ráðherranna var haldin ráðstefnan „Nordisk Forskning i den bio-baserede videnskøkonomi“, sem fjallaði um hvort og hvernig norrænt rannsóknastarf sé undirbúið til að vinna að eflingu á sjálfbærum landbúnaði, skógrækt og sjávarútvegi. Komu fram mörg sjónarhorn á norrænt samstarf á þessum vettvangi.

Hrundið var af stað öðrum áfanga í verkefninu „Ný norræn matargerð“ (NNM) en það er til næstu þriggja ára. Verkefnið byggist á því að markaðssetja norrænar matarhefðir með skírskotun til þess hráefnis sem er að finna í löndunum. Verkefnið tengir saman mörg svið svo sem erfðaefni, framleiðsluhætti, þjóðmenningu og matarmenningu við markaðsfærslu, svo eitthvað sé nefnt. Unnið var að markáætlun á árinu.

Styrkt var áttunda ráðstefna samtaka um norðurhjaralandbúnað (Circumpolar Agricultural Association) sem einnig hlaut stuðning frá Norræna Atlantssamstarfinu (NORA) og var haldin í Alta í Norður-Noregi. Íslendingar áttu þar fulltrúa sem lögðu til efni en þessi vettvangur er áhugaverður vegna aukinnar áherslu á verkefni norðurslóða. Er unnið að því að tengja starf þetta við aðkomu NMR að norðurskautssamstarfinu.

Skrifstofa Norræna samstarfsráðsins fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) fluttist frá Finnlandi í húsakynni NordForsk í Ósló, sem er liður í að auka samþættingu í stjórnun norræna rannsóknasamstarfsins á verkefnasviði MR-FJSL. Á árinu var umboð NKJ aukið og tengist það nú MR-FJSL nánar en áður. Unnið er að stefnuskrá og verkefnaáætlun sem lögð verður fyrir árlegan ráðherrafund sem haldinn verður í Þrándheimi í lok júní 2012.

Matvæli

Embættismannanefnd matvælaeildar, EK-FJLS/matvæli, hélt tvo fundi á árinu, í apríl í Kaupmannahöfn og í nóvember í Helsinki, auk fjölda funda og ráðstefna í eða á vegum sérfræðingahópa deildarinnar, þ.e. vinnuhóps um matvælaeftirlit og neytendafræðslu (NMF), vinnuhóps um matvæli, næringu og eiturefnafræði (NKMT) og vinnuhóps um örverufræði og dýraheilbrigði/dýravelferð (NMDD). Auk þess starfaði samráðsnefnd forstjóra matvælastofnana á Norðurlöndum venju samkvæmt. Þá styrkti matvælaeildin eins og áður starfsemi norrænu aðferðafræðinefndarinnar um matvæli (NMKL). Matvælaeildin hefur um langt skeið beitt sér fyrir leiðbeiningum um matarvenjur. Fyrsta opinbera norræna næringarráðgjöfin (NNR) var gefin út árið 1980. Næringarráðgjöfin er endurskoðuð áttunda hvert ár og kom síðast út árið 2004. Miðað er að því að hún sé leiðbeinandi um matarvenjur en vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á að gott mataræði og næring eru undirstaða góðrar heilsu. Ný endurskoðun stendur nú yfir en henni mun ljúka árið 2012. Annað stórt verkefni matvælaeildarinnar af sama meiði

er framkvæmd norrænnar áætlunar um betri heilsu og lífsgæði. Þá kemur matvæladeildin með öðrum deildum ráðherranefndarinnar að verkefninu „Ný norræn matargerð II“ sem er framhald verkefnisins „Ný norræn matargerð“. Verkefnið hefur að inntaki að halda áfram þar sem frá var horfið við að koma á framfæri, innan Norðurlanda og utan, þekkingu á tengslum matvæla við uppruna, menningu og matarhefðir í einstökum löndum og landsvæðum, þróa verkefnið áfram og koma á framfæri við umheiminn. Stýrihópur verkefnisins hélt tvo stutta stjórnarfundir á árinu, í Kaupmannahöfn í apríl og Ósló í nóvember, auk vinnufundar og kynnisferðar til Álandseyja í ágúst. Ákveðið var að EK-FJLS/matvæli kæmi með virkum hætti að rannsókn- og nýsköpunarstarfi með aðild að Norræna samstarfsráðinu fyrir landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ).

Skógrækt

Skógræktardeildin EK-FJLS/skógrækt hélt þrjá embættismannafundi á árinu, sameiginlega með landbúnaðardeildinni eins og venja er.

Samstarfið á vegum skógræktardeildarinnar byggðist að miklu leyti á starfinu innan Norrænna skógræktarrannsókna (SNS). Á vegum SNS eru starfrækt mörg verkefni sem skrifstofa SNS í Kaupmannahöfn stýrir. Jafnframt hefur verið unnið að því að móta og efla samstarf við evrópsku skógræktarrannsóknastofnunina (EFI) en skrifstofa SNS og EFI-Nord er rekin sameiginlega. Íslendingar hafa tekið mjög virkan þátt í starfi margra hópa SNS, sem hefur orðið til þess að styrkja stöðu skógræktarrannsókna verulega hér á landi. Jafnframt halda vinnuhópar SNS fundi hér á landi.

Eftirfylgni stefnumótunarinnar á grunni Selfoss-yfirlýsingar norrænu skógarmálaráðherranna frá 2008 hefur verið fyrirferðarmikil og varðað veginn í skógræktarsamstarfinu en Ísland leiddi þá vinnu. Þetta er ítarleg skýrsla með tillögum að innra starfi auk fjölda skilgreindra verkefna. Stefnumótunin til eftirfylgni Selfoss-yfirlýsingarinnar var lögð fram á sumarfundi MR-FJLS í Tavastehus og samþykkt þar formlega. Finnar lögðu á formennskuári sínu áherslu á verkefni sem eru skilgreind í Selfoss-stefnumótuninni, auk þess að vinna að framgangi skógræktarmála innan samstarfsins kringum Eystrasaltið. Stefnumótunin á grunni Selfoss-yfirlýsingarinnar lagði upp með verkefni og áherslur, sem flest eiga að vera komin í framkvæmd árið 2012. SNS lagði jafnframt áherslu á stuðning við verkefni tengd yfirlýsingunni.

Skógræktardeildin tók þátt í framkvæmd ráðstefnu í tengslum við ofanefndan sumarfund ráðherranna í Tavastehus og fjallar um hvernig norrænt rannsóknastarf sé búið undir að vinna að eflingu á sjálfbærum landbúnaði, skógrækt og sjávarútvegi. Á ráðstefnunni komu fram mörg áhugaverð sjónarhorn á norrænt samstarf innan skógræktarinnar.

7. Jafnréttismál

Ný norræn samstarfsáætlun í jafnréttismálum

Samstarfið grundvallaðist á samstarfsáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014 sem ber heitið „Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag“. Í áætluninni er sérstaklega fjallað um nauðsyn þess að karlmenn taki þátt í jafnréttisstarfi og umræðum um jafnréttismál og að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins. Með þetta að leiðarljósi er áhersla á virka þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða fléttuð inn í öll verkefni sem kveðið er á um í samstarfsáætluninni.

Norrænt jafnréttisstarf er afar víðtækt og því hefur verið nauðsynlegt að þrengja og skerpa áherslur og aðferðir. Almenn forgangsmál í norrænu jafnréttisstarfi munu snúast um jafnrétti á vinnumarkaði, jafnrétti og menntun, jafnrétti og uppruna og leiðir til að útrýma kynbundnu ofbeldi. Í norrænu jafnréttissamstarfi við Eystrasaltsríkin verður áhersla lögð á jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisfræðslu, jafnrétti og jöfnuð og jafnrétti í fjölmiðlun. Forgangsmál í norrænu jafnréttissamstarfi við Norðvestur-Rússland varða jafnréttisfræðslu og verkefni sem snúa að því að útrýma kynbundnu ofbeldi.

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM)

Rætt var um ólík áhrif kynja á loftslagið á fundi norrænu jafnréttisráðherranna þann 21. september í Helsinki. Ráðherrarnir ræddu hvernig ólík fagsvið geta nýtt sér upplýsingar sem jafnréttisgeirinn hefur tekið saman um ólíkar athafnir kynja, svo sem neyslu matar, orkunotkun og hreyfingu, til að gera baráttuna gegn loftslagsbreytingum skilvirkari. Greint var frá því að í tengslum við þing NR yrði opnuð sérstök heimasíða með gagnagrunni með þessum upplýsingum. Í tengslum við umræðu ráðherranna um áhrif kynja á loftslagið var meginniðurstaða þeirra sú að jafnrétti kynja sé forsenda sjálfbærrar þróunar og viðnáms vegna loftslagsbreytinga.

Loftslagsbreytingar var meginþema formennskuáætlunar Finna á árinu. Norrænu jafnréttisráðherrarnir hafa unnið að málaflokknum síðan 2008. Ástæðurnar eru margar og nauðsynlegt er að rannsaka betur tengsl kynferðis og loftslagsmála. Konur og karlar á Norðurlöndum hafa einnig ólík áhrif á loftslagsbreytingarnar með atferli sínu. Samkvæmt rannsóknum hefur t.d. launamunur karla og kvenna áhrif á frístundastarf og þar með á loftslagið. Karlar nota einkabíla meira en konur notfæra sér frekar almenningsangöngur. Á fundinum var einnig rætt um samþættingu jafnréttissjónarmiða á Norðurlöndum og önnur jafnréttismál, sem efst eru á baugi, og viðburði á formennskuári Norðmanna 2012.

Velferðarráðherra kynnti á fundi ráðherranna helstu áherslur í jafnréttisstarfi á Íslandi og hvað hæst hefði borið í umræðum og aðgerðum frá síðasta fundi norrænna jafnréttisráðherra. Hann sagði m.a. frá jafnréttisþinginu sem

haldið var í febrúar síðastliðnum, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, jafnréttisákvæðum í nýjum fjölmiðlalögum, þriggja ára áætlun í kynjaðri hagstjórn og verkefni starfshóps um karla og jafnrétti sem mun skila tillögum í byrjun næsta árs.

Velferðarráðherra gerði að umtalsefni niðurstöður úr nýjum launakönnunum sem benda til þess að launamunur kynja á Íslandi sé nú að aukast, einkum hjá því opinbera, eftir að heldur hafði dregið saman með kynjunum á fyrstu misserum eftir bankahrunið á Íslandi. Ráðherra taldi eitt brýnasta og mikilvægasta viðfangsefni jafnréttismála á Íslandi að stöðva þessa þróun og snúa henni við. Í umræðum norrænu ráðherranna kom fram að enn eigi öll löndin langt í land hvað varðar afnám launamunar kynjanna og að fjölþættar aðgerðir séu forsenda árangurs. Jafnréttisráðherrarnir voru sammála um að efla norrænt samstarf um þetta viðfangsefni.

Undir ráðherranefndinni starfar *Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÁK-JÁM)*.

Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin

Á árinu var fram haldið umræðum um breytt fyrirkomulag á starfsemi norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnunarinnar (NIKK) en umræður um breytingar á fyrirkomulagi NIKK hófust árið 2009. Ráðgjafarfyrirtækið Ramböll Consulting A/S hefur í tvígang gert úttekt á starfseminni. NIKK hefur starfað frá 1995 sem samnorræn kynjarannsóknastofnun og upplýsingamiðstöð fjármögnuð af NMR. Hlutverk stofnunarinnar hefur verið að stunda norrænar kynjafræðirannsóknir og miðla upplýsingum um stöðu og framvindu jafnréttismála á Norðurlöndum.

Með hliðsjón af breyttu umhverfi kynjarannsókna í háskólum á Norðurlöndum og nauðsyn þess að stuðla að víðtækri þátttöku landanna í kynjarannsóknum, ákváðu jafnréttisráðherrarnir í maí 2010 að breyta fyrirkomulaginu, leggja NIKK niður sem norræna stofnun, breyta henni í eins konar samstarfsstofnun og taka upp verkefnasamstarf. Ákveðið var að samstarfsverkefnið skyldi heita „Nordisk information om kunskap om kön“. Með því væri hægt að nýta áfram skammstöfun (NIKK) fyrri stofnunar sem fest hefur rætur í norrænni jafnréttisumræðu. Meginbreytingin verður sú að auglýst verður meðal allra háskóla og rannsóknastofnana á Norðurlöndum eftir umsjónaraðila sem vildi taka að sér rannsóknaverkefnið sem norræna stofnunin NIKK hafði. Hlutverk nýja samstarfsverkefnisins verður að annast opið útboðsferli og samræma rannsóknarstarfið ásamt því að safna og miðla upplýsingum um rannsóknir, stefnumótun og aðgerðir landanna til að vinna að jafnrétti kynjanna. Tillagan um breytt fyrirkomulag kynjarannsóknastofnunarinnar var samþykkt í september af MR-SAM.

NIKK sem stofnun hætti starfsemi í lok ársins 2011 og nýja samstarfsverkefnið NIKK verður auglýst á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að auglýsingarferlinu ljúki á haustmánuðum ársins 2012 og mun norska

jafnréttisráðuneytið annast um heimasíðuna og önnur verkefni samstarfsins þar til undirbúningi nýja samstarfsverkefnisins er lokið.

Rannsóknir og verkefni

Í tengslum við þing NR í byrjun nóvember var haldinn hliðarviðburður undir heitinu „Græn Norðurlönd – þátttaka á jafnréttisgrundvelli” þar sem fram fóru pallborðsumræður um samhengi kynferðis, jafnréttis og loftslagsbreytinga. Markmiðið var að vekja athygli þátttakendanna á því að konur og karlar verða fyrir og hafa mismunandi áhrif á loftslagsbreytingarnar með hegðun sinni. Í pallborðsumræðum kom fram nauðsyn frekari rannsókna á samhengi kynferðis og loftslagsbreytinga. Í lok viðburðarins var opnaður norrænn upplýsingabanki um kyn og loftslagsmál á vefnum undir yfirskriftinni „Equal climate – kön och klimaförändring ur ett nordiskt perspektiv”. Þar er m.a. að finna ábendingar um það hvernig hægt er að skoða loftslagsmálin út frá kynjasjónarhorni og tengja þeim aðgerðum sem stjórnvöld eða aðrir vinna að til að draga úr gróðurhúsaáhrifum jörðinni til varnar. Á vefnum er m.a. að finna ýmsar greinar um loftslagsmál, upplýsingar um samgöngur sem eru einn helsti mengunarvaldurinn, orkumál, neyslu af ýmsu tagi og loks þá fæðu sem við neytum en framleiðsla á kjöti getur t.d. haft í för með sér mikla mengun.

Í samræmi við ákvörðun ÄK-JÄM í maí var settur á stofn starfshópur um karla og jafnrétti á Norðurlöndum. Verkefni starfshópsins er að leggja fram tillögur um sérstök verkefni eða aðferðir til að vinna með viðfangsefnið „karlar og jafnréttismál í norrænu jafnréttissamstarfi”. Starfshópurinn mun vinna að samantekt á þekkingu og stefnu landanna varðandi þátt karla í jafnréttisstarfinu, ásamt því að vinna að undirbúningi að ráðstefnu um karla og jafnrétti sem haldin verður í Ósló á árinu 2012.

Útgáfur

Í lok ársins kom út bókin „Parental leave, childcare and gender equality in the Nordic countries” en hún hafði áður komið út á norrænum málum. Bókin er afrakstur samstarfs félagsvísindamanna í norrænu ríkjunum fimm en verkefninu var ýtt úr vör á formennskuári Íslands 2009. Íslenskir félagsvísindamenn leiddu starfið og ritstýrðu bókinni. Fjallað er um samspil þriggja þátta norrænnar velferðarstefnu, fæðingar- og foreldraorlofs, barnaumhyggju og kynjajafnréttis. Grunnspurning samstarfsins var hvort merkja mætti mótsagnir milli þessara þátta svo sem hvort fæðingarorlof hefði neikvæð áhrif á kynjajafnrétti eða áherslan á kynjajafnrétti bitnaði á barnaumhyggjunni. Í köflum bókarinnar er þróun mála á Norðurlöndum rakin og borin saman og er hún sannkölluð náma upplýsinga um forsendur og stöðu þessara þátta. Bókin er gefin út bæði prentuð og rafrænt.

Ein áskorun í norrænu jafnréttissamstarfi er að tryggja jafnan rétt allra hópa í samfélaginu. Verkefni undir heitinu „félagslegt taumhald meðal

innflytjenda” var sett á laggirnar á vegum formennsku Dana. Verkefnið hefur það að markmiði að safna og miðla upplýsingum um hvernig félagslegt taumhald á konum er til staðar meðal hópa innflytjenda. Í framhaldi af vinnustofu sem haldin var með þátttöku 30 fulltrúa, sem vinna með málefni innflytjenda í löndunum, var gefinn út bæklingur um reynslu og fyrirkomulag vinnu við að aðstoða tvítyngda einstaklinga til að mæta félagslegu taumhaldi sem tengt er menningarhefð og ólíkum viðhorfum þjóða til jafnréttis kynjanna.³

Árið 2010 var hafist handa við rannsóknarverkefni um fjármálakreppuna og kynskiptan vinnumarkað. Í kjölfar hnattvæðingar og efnahagsþrenginga hefur atvinnuleysi aukist með ólíkum áhrifum á stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Í verkefninu var leitast við að kanna möguleika á að nýta þessar aðstæður til að brjóta múra á mjög kynskiptum vinnumarkaði landanna. Í febrúar 2011 kom út skýrsla um stöðu mála og reynslu norrænu þjóðanna af aðgerðum í þessu skyni.⁴

Ráðstefnur

Fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna fjallaði að þessu sinni annars vegar um tækifæri kvenna til menntunar, starfsþjálfunar og sæmandi starfa, hins vegar um stúlkubörn með áherslu á ofbeldi og útbreiðslu HIV-veirunnar. Hvort tveggja á sér stoð í Peking-sáttmálanum og aðgerðaáætluninni frá 1995. Á fundinum 2010 var bent á að stúlkubörn hefðu gleymst og því var ákveðið að beina sjónum að stöðu þeirra. Norrænu löndin hafa staðið fyrir sameiginlegum viðburðum meðan á fundum kvennanefndarinnar stendur og voru haldnir tveir fundir þar sem fjallað var um ofangreind efni. Norrænu löndin fjölluðu um ofbeldi gegn bæði stúlkum og drengjum og langtíma afleiðingar þess fyrir börn. Einkum var rætt um kynferðisofbeldi gegn börnum og svo þau börn sem upplifa ofbeldi á heimilum sínum, einkum gegn mæðrum sínum.

Á haustmánuðum var haldin ráðstefna í Helsinki um áhrif efnahagsþrenginga á Norðurlöndum á stefnu landanna í fæðingarorlofsmálum. Mikil atvinnuþátttaka bæði karla og kvenna einkennir löndin sem og það viðhorf að samþætting fjölskyldu og atvinnulífs með áherslu á sem jafnasta skiptingu umönnunar barna og heimilisstarfa sé mikilvæg vísbending um stöðu kynjanna. Á ráðstefnunni var fjallað um áhrif kreppunnar á fyrirkomulag og nýtingu kynjanna á fæðingar- og foreldraorlofi, fæðingartíðni og verkaskiptingu vegna umönnunarstarfa. Þá var fjallað um samanburð á mismunandi réttindum til tóku orlofs vegna barna, nýtingu þess og framtíðar stefnumótun landanna í þessum málum.

3 Sjá bæklinginn: Kontrol over eget liv - ligestilling blandt tosprogede unge

4 Sjá rannsóknarskýrsluna: Nordiske mænd til omsorgsarbejde!

8. Menntun og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) starfaði á árinu samkvæmt nýrri áætlun um stefnu á sviði menntunar og rannsókna 2011–2013, „Þekking í þágu græns hagvaxtar og velferðar“, sem undirbúin hafði verið 2009–2010 og var lögð fyrir þing NR í Reykjavík 2010. Áætlunin var samþykkt á fundi MR-U í Kaupmannahöfn í nóvember 2010. Í hinni nýju stefnu er lögð áhersla á þau mikilvægu mannlegu og efnahagslegu gæði sem íbúar á Norðurlöndum búa yfir, þann styrk sem er í norrænum velferðarsamfélögum og þeirri sameign sem felst í tungumálum og menningu landanna. Stefnt er að því að fjárfesta í menntun og rannsóknum, með langtímamarkmið að leiðarljósi. Markmiðin endurspeгла að í samspili menntunar, rannsókna og nýsköpunar – í þekkingarþríhyrningnum – verði til bæði ný hugsun og þróun.

Samstarf á vegum MR-U tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í samráði og samanburði milli landanna um stefnumótun, sem fram fer með úttektum og ráðstefnum svo og samvinnuverkefnum sem miða að því að hrinda stefnumótun í framkvæmd.

Ráðherranefndin hélt á árinu einn fund sem íslenski ráðherrann sótti. Þar fóru fram þemaumræður ráðherranna um þátt menntunar og rannsókna í þróun norræna velferðarsamfélagsins, rædd var úttekt á norræna rannsóknarkerfinu og tekin ákvörðun um uppfærslu á Nordplus-áætluninni fyrir árin 2012–2016. Fram komu þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að halda jafnvægi milli grunnrannsókna og nýsköpunar.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherra fundi auk annarra verkefna sem henni eru falin. Nefndin hélt fimm fundi á árinu og átti auk þess sameiginlegan fund með embættismönnum frá Eyrstrasaltsríkjunum í desember þar sem fylgt var eftir samþykktum ráðherra fundar Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna árið 2007.

Fastar ráðgjafanefndir

Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa þrjár ráðgjafanefndir, ein um skólamál, önnur um æðri menntun og sú þriðja um fullorðinsfræðslu. Vorið 2008 var tímabundið skipaður starfshópur til að fjalla um rannsóknir. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Samstarf um skólamál

Verksvið ráðgjafarnefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin

til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólustarf til þeirra sem í hlut eiga. Finnar fóru með formennsku árið 2011 og þeir héldu að mestu áfram með þau verkefni sem NSS hafði unnið að á formennskuári Dana árið áður. Tungumálaátakið var áfram til umræðu og lauk því verkefni með ráðstefnu í október. Vinna í verkefnum um brottfall hélt og áfram. Mikil umræða fór fram um fyrrnefndan þekkingarþríhyrning og var haldin ráðstefna um það efni í Åbo í Finnlandi þar sem rædd var m.a. EU2020 áætlun ESB. Á ráðstefnunni voru mörg verkefni kynnt á sviði menntunar, vísinda og nýsköpunar og reynt að tengja þessa þætti. Fram fóru umræður og reynt var að auka samstarf nefnda um þetta efni.

Norrænt tungumálasamstarf

Norræna tungumálasamstarfið var endurskoðað árið 2008. Um langt skeið hefur ríkt nokkur óvissa um tilhögun þessa samstarfs, m.a. vegna þess að viðhorfið er nokkuð mismunandi eftir löndunum, og líta sum á samstarfið sem menningarmál en önnur sem menntamál. Væntingar til samstarfsins voru misjafnar. Menntamálaráðherrum var umhugað um að auka málskilning milli íbúa landanna fimm en á vettvangi menningarmála var meiri áhersla á að skoða málsögulegan, málfræðilegan og menningarlegan samanburð. Þá var töluverður áhugi á samstarfi um máltæknileg atriði í tölvusamskiptum.

Norræna tungumálaverkefnið var formlega sett á laggirnar vorið 2010 og kom hugmyndin upphaflega fram á formennskuári Íslendinga en Danir tóku síðan við keflinu. Verkefninu lauk í haust en samantekt er væntanleg í febrúar 2012.

ISLEX er orðabókarverk sem er unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við háskóla- og rannsóknastofnanir á Norðurlöndum. ISLEX-orðabókin er fyrsta rafræna orðabókin sem tengir saman mörg norræn mál. Kostir rafrænnar miðlunar eru látnir njóta sín og orðabókarlýsingin er studd myndefni, hreyfimyndum og hljóddæmum (sem eru væntanleg 2012). Orðabókin hefur að geyma um 50.000 íslensk uppflettiorð með þýðingum á sænsku, norsku og dönsku og endurspeglar íslenskt mál og málnotkun samtímans. Orðabók milli íslensku, dönsku, norsku og sænsku var opnuð á vefnum í nóvember. Verkið hefur verið fjármagnað með opinberu fé í öllum þáttökulöndunum auk styrkja úr norrænum sjóðum.

Fullorðinsfræðsla

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni, að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Hún hefur yfirumsjón með störfum samstarfsnets um nám fullorðinna (NVL), fjallar um áherslur samstarfsnetsins og forgangsröðun verkefna þess. Á undanförunum árum hefur SVL einbeitt sér að því að skoða færniþróun fullorðinna, gæði í fullorðinsfræðslu, nám fullorðinna í atvinnulífinu, lestrar- og skriftarörðug-

leika meðal fullorðinna og aðlögun innflytjenda. Þá hefur áhersla verið lögð á að vinna áfram með raunfærni og að undanfögnu hefur sjónum verið beint að náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Ýmis verkefni hafa notið stuðnings ráðherranefndarinnar á framangreindum sviðum og eru nokkur þeirra nefnd hér á eftir. Á árinu lauk samanburðarrannsókn um viðhorf fullorðinna notenda náms- og starfsráðgjafar á Norðurlöndum til gæða og árangurs þjónustunnar. Verkefninu var stýrt af Sérfræðisetri í ævilangri náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands (HÍ) og ber lokaskýrslan heitið „Voice of users – Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries”. Á árinu lauk einnig verkefni sem fólst í að kortleggja möguleika fullorðinna til að fræðast um og taka virkan þátt í sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og var skýrsla gefin út undir heitinu „Kunnskap for bærekraftig utvikling, en oversikt over tilbud til voksne i Norden”. Þá lauk samanburðarrannsókn um árangursríkar aðferðir í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum og er lokaskýrsla í útgáfufærli undir heitinu „Effektive strategier for livslang læring”. Nýverið ákvað SVL að setja á laggirnar vinnuhóp til að skilgreina sameiginlegar mælistikur fyrir tölfræði um nám fullorðinna á Norðurlöndum og tekur hann til starfa innan skamms.⁵

Háskólasamstarf

Ráðgjafanefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi á því sviði. Hún á að efla norrænt samstarf um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla.

Starf nefndarinnar á árinu snerist einkum um tvö stór verkefni. Annars vegar að gera norræna háskólamenntun sýnilegri á alþjóðavettvangi og ná saman norrænum einingum sem eru nægjanlega stórar og kraftmiklar til að geta tekist á við alþjóðlega keppinauta, ásamt því að auka hreyfanleika innan æðri menntunar á Norðurlöndum. Verkefnið hefur fengið heitið „Nordisk Akademi” og felur í sér að mynda eina heild úr starfsemi Nordic Centers of Excellence, Nordic Masters og Nordic PhD. Hins vegar að þróa norræna þátttöku í evrópsku tengslaneti háskóla um skráningu á áherslum þeirra með upplýsingum um ýmsar lykiltölur í starfsemi, svonefnt U-MAP (University Mapping). Tekist hefur að koma á samstarfi við alþjóðlega fyrirtækið CHEPS um að vinna verkefnið í samstarfi við HÖGUT og sérfræðinganefnd sem var komið á fót á árinu. Verkefnið fellur vel að þeirri þróun sem á sér stað úti í Evrópu.

Á fundi HÖGUT í ágúst var ákveðið að nefndin mundi vera í nánari samvinnu við starfshópinn sem skipaður var tímabundið til að fjalla um rannsóknir enda skarast svið þessara aðila oft. Í nóvember héldu nefndirnar sameiginlegan fund til að fjalla um U-MAP verkefnið. Á fundinum var samþykkt að leggja fundi þessara tveggja nefnda saman á árinu 2012 eins og framast er unnt til að styrkja samstarfið enn meira.

⁵ Sjá nánar um vinnuhópa, verkefni, ráðstefnur o.fl. á vegum NVL: www.nordvux.net

Vísindasamstarf

Öndvegisrannsóknáætlunin (TFI) á sviði umhverfis, loftlags og orku, sem er norræn rannsókn- og nýsköpunaráætlun, var hleypt af stokkunum árið 2009 að frumkvæði norrænu forsætisráðherranna. Samtals eru 400 milljónir danskra króna til ráðstöfunar í rannsókn- og nýsköpunarverkefni á fimm ára tímabili. Mikil áhersla er á samstarf háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja í áætluninni til að stuðla að öflugri nýsköpun fyrir samfélag og atvinnulíf. Úthlutað var styrkjum á árinu til rannsókn- og nýsköpunarverkefna, norrænna öndvegissetra og rannsóknánáms. Á ársfundi áætlunarinnar sem var haldinn í Ósló í lok nóvember var lýst ánægju með árangurinn á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að áætluninni var komið á fót og litið á hana sem fyrirmynd fyrir frekari norræna samvinnu um vísindi og nýsköpun.

Samnorrænni áætlun um uppbyggingu rafrænna innviða (Nordic eScience Globalisation Initiative), sem verið hefur í undirbúningi í nokkur ár, var komið á fót á árinu. Markmið hennar er að Norðurlönd verði leiðandi á sviði rafrænna vísinda (eScience). Áætlunin heyrir undir NordForsk en ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri og skipuð stýringsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar allra norrænu landanna. Fyrstu árin verður megin áherslan á menntun og þjálfun ungra vísindamanna með því að setja upp samnorrænan framhaldsnámsskóla á sviði rafrænna vísinda. Þá verði sett upp norræn öndvegissetur á tveimur sviðum rafrænna vísinda, annars vegar um loftslags- og umhverfisrannsóknir með áherslu á Norðurlönd og norðurslóðir og hins vegar um heilsu, með áherslu á gagna- og lífsýnabanka á Norðurlöndum. Auglýst verður eftir umsóknum á árinu 2012. Heildarfjárhagsrammi hljóðar upp á 40 milljónir norskra króna.

MR-U veitti NordForsk umboð til að setja á laggirnar nýja norræna stofnun til að efla samstarf norrænna háskóla og rannsóknastofnana um ofurtölvur, tölvunet og gagnasöfn í þágu vísindarannsókna. Stofnunin hefur hlotið heitið *NeIC – Nordic e-Infrastructure Collaboration* og heyrir hún undir stjórn NordForsk. Stjórn stofnunarinnar er skipuð tveimur aðilum frá hverju landanna.

Unnið er að uppsetningu norræns ofurtölvuvers á Íslandi en HÍ varð hlutskarpastur í útboði um verkefnið. Að verkefninu standa HÍ og þrjár norrænar stofnanir á sviði tölvufræði: Danish Center for Scientific Computing, Swedish National Infrastructure for Computing og UNINETT Sigma í Noregi. Þetta er tilraunaverkefni til þriggja ára og munu háskólar og rannsóknastofnanir á Norðurlöndum samnýta ofurtölvuverið en það hýsir reiknifreka tölvuvinnslu til vísindarannsókna fyrir háskóla. Gagnaverið Thor Data Center í Hafnarfirði hýsir ofurtölvuverið sem verður formlega opnað í apríl 2012. Heildarfjárfesting í verkefninu nemur rúmlega einni milljón evra eða um 160 milljónum íslenskra króna en mennta- og menningarmálaráuneytið er einn af bakhjörllum verkefnisins.

Að frumkvæði MR-U hefur verið ýtt úr vör samnorrænu verkefni í

menntunarrannsóknnum, „Joint Nordic initiative for educational research”, sem öll löndin taka þátt í. Heildarfjárhagsrammi er um 80 milljónir norskra króna. Auglýst verður eftir umsóknnum um verkefni á árinu 2012 en gert er ráð fyrir umfangsmiklum rannsóknaverkefnum sem verði styrkt um 200–250 milljónir íslenskra króna til fjögurra ára.

9. Félags- og heilbrigðismál

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Velferðarkerfi norrænna þjóða og hvernig þau geta best brugðist við lýðfræðilegri þróun voru megináherslur á vettvangi MR-S á árinu.

Ráðherrar funduðu í Vasa í Finnlandi dagana 20.–21. júní. Ræddu þeir velferðarþjónustuna og voru sammála um nauðsyn þess að velferðarkerfi þjóðanna séu sterk, þau þurfi að taka mið af lýðfræðilegri þróun og bera breytingar sem fylgja hækkandi hlutfalli aldraðra.

Umfjöllun um virka og heilbrigða öldrun bar hátt og voru ráðherrar sammála um að stuðla þurfi að virkni aldraðra og heilbrigðum lífsháttum og styðja getu þeirra til sjálfsbjargar eins lengi og unnt er. Ráðherrar lögðu áherslu á að hver þjóð væri í fremstu röð varðandi öldrunarþjónustu og heilbrigði en töldu jafnframt að samstarf þjóðanna í þessum efnum væri gefandi og mikils virði. ESB hefur ákveðið að árið 2012 skuli tileinkað virkri öldrun og Noregur sem fer með formennsku í norrænu samstarfi á því ári hefur einnig ákveðið að gera þessu efni hátt undir höfði í þeim sameiginlegu verkefnum sem þá verða unnin.

Fjallað var um stuðning við fjölskyldur sem eiga í félagslegum vanda og mikilvægi þess að beita snemmtækum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Í þessu sambandi kynntu Finnar skýrslu um reynslu af rekstri fjölskyldumiðstöðva víða á Norðurlöndum. Þá var farið yfir stöðu annarra forgangsverkefna ráðherranna á árinu sem sneru að forvörnum, þátttöku fatlaðs fólks og aldraðra á vinnumarkaði, samstarfi um mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu, klínískum vísindarannsóknnum og samstarfi um viðbúnað gegn heilsuvá.

Í tengslum við ráðherrafundinn funduðu ráðherrar einnig með forstjóra Evrópskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Rætt var um heilbrigðisáætlun WHO til ársins 2020 sem nú er í vinnslu um langvinna sjúkdóma, stefnu í áfengismálum og um geðheilsu.

Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S)

Embættismannanefndin fundaði fjórum sinnum á árinu.

Á fundi í Kaupmannahöfn í mars var m.a. rætt um samstarf um mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu, um norrænt samstarf varðandi tæknilausnir innan heilbrigðisþjónustunnar og rafrænar upplýsingar um heilbrigðismál,

um ungt fólk og vímuefni, hvort fýsilegt sé að vera með samnorðænar merkingar á lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld og samstarf um gæðaviðmið í heilbrigðisþjónustunni. Þá var rætt um starfsleyfi heilbrigðisstétta og um framtíð norðæna samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta, svonefnds Arjeplog-samnings.

Á fundi í maí var unnið að undirbúningi fyrir ráðherrafundinn í júní. Einnig var umræða um starfshætti EK-S og gengið frá verklagsreglum með það að markmiði að gera samstarfið markvissara.

Eftir sumarfund ráðherranna fór EK-S yfir niðurstöður fundarins og hvernig unnt væri að hrinda áherslum ráðherranna í framkvæmd sem fyrst. Norðmenn skýrðu frá því hvernig áherslur þeirra á formennskuárinu 2012 styddu við áherslur ráðherranna t.d. varðandi aldraða.

Á fundi 31. október og 1. nóvember var rædd skipting fjármagns sem nefndin getur ráðstafað til verkefna. Gerð var grein fyrir stöðunni, lögð fram áætlun fyrir árið 2012 og rætt um megináherslur á árinu 2013. Rætt var um drög að samningi við Norrænu velferðarmiðstöðina, um ráðningu nýs rektors við Norræna lýðheilsuháskólann og um niðurstöður hóps, sem EK-S skipaði á síðasta ári til að undirbúa tillögur til MR-SAM um samstarf um fötlunarmál, norræna fötlunarráðið. Þá var kynnt norræn skýrsla um ungt fólk og vímuefni og gerð grein fyrir helstu áherslum í vinnu samstarfsráðs um upplýsingatækni og í samstarfshópi um viðbúnað gegn heilsuvá. Ennfremur voru lagðar fram til kynningar áherslur fyrir nýtt samstarfstímabil í Norrænu hagskýrslunefndinni á sviði félags- og tryggingamála (NOSOSKO) og Norrænu heilbrigðistölfræðinefndinni (NOMESKO).

Norræni lýðheilsuháskólinn

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) er í Gautaborg og starfar samkvæmt samningi sem gerður er til þriggja ára í senn. Háskólinn er stofnun um æðri menntun og rannsóknir á sviði lýðheilsu og býður grunn-, símenntunar- og rannsóknanámskeið í lýðheilsufræðum fyrir starfsfólk í heilbrigðisgeiranum og á sviðum sem tengjast honum á Norðurlöndum.

Rektor skólans lét af störfum um mitt ár. Í hans stað var ráðinn rektor til bráðabirgða þar til ráðinn verður nýr rektor í ársbyrjun 2012. Þá hefur ráðherranefndin ákveðið að fara skuli fram úttekt á starfsemi og rekstri skólans.

Norrænu lýðheilsuverðlaunin

Jouko Lönnqvist, prófessor í sálfræði við háskólann í Helsinki, hlaut verðlaunin að þessu sinni. Hann hefur helgað mestum hluta starfsævinnar til uppbyggingar geðdeildar við stofnun um heilsu og velferð (THL) og hefur stjórnað alþjóðlegum rannsóknum á geðrænum vandamálum, útbreiðslu og

ástæðum og hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir starf sitt. Lönnqvist hefur beint rannsóknum sínum að þunglyndi hjá ungu fólki, geðklofa og áfengis- og fíkniefnaneyslu. Rannsóknir hans spanna breitt svið, allt frá rannsóknum á erfðamengi hópa með geðræn vandamál til eigindlegra rannsókna á áhrifum félagslegs stuðnings og viðhorfi fólks gagnvart þeim sem eru með geðsjúkdóma eða geðræn vandamál. Mikilvægt er framlag hans við að stofna fyrstu viðbragðsáætlun sinnar tegundar til að koma í veg fyrir sjálfsvíg. Það hefur verið tekið í notkun í Evrópu og víðar.

Norræna velferðarmiðstöðin

Markmiðin í starfi norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) beinast að því að styrkja samþættingu meðal hinna ýmsu hópa í samfélaginu, tryggja jafnrétti, félagslegan jöfnuð og aðgang og gæði við framkvæmd velferðarþjónustu. Miðstöðin hefur því skilgreint fimm meginstarfssvið:

- 1) Velferðarpólítík, þar sem áherslur eru á fjölskyldumál, uppvaxtarskilyrði og fyrirbyggjandi vinnu gagnvart fjölskyldum sem eiga á hættu að falla út á jaðar samfélagsins. Málefni eldri borgara og aðgengismál í viðum skilningi eru mikilvæg forgangsmál.
- 2) Málefni fatlaðs fólks, þar sem áhersla er á samning Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks. Sérstök áhersla er lögð á málefni daufblindra ásamt því að sviðið annast umsjón með starfi norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks (NHR).
- 3) Rannsóknir á sviði áfengis- og fíkniefnamála, þar sem sérstök áhersla er á að meta árangur aðgerða á þessu sviði sem snúa að notkun/misnotkun og skaða/áhrif.
- 4) Velferðartækni, þar sem áhersla er á að bregðast við áhrifum af breyttri aldurssamsetningu íbúa í löndunum og áhrifum alþjóðavæðingarinnar. Krafan er að unnið sé að því að þróa áhrifaríkari vinnuaðferðir og nýja tækni.
- 5) Samþætting á sviði atvinnumála, þar sem augum er beint að ungu fólki og leið þess frá skóla í atvinnu svo og að fólki með fötlun, sem oft á erfitt með að ná tryggri fótfestu á vinnumarkaði, og eldra fólki sem fellur fyrr út af vinnumarkaði en efni standa til.

Unnið var að verkefnum sem falla að framangreindum áherslum, m.a. verkefnum um forvarnir fyrir fjölskyldur í áhættu. Miðstöðin stóð fyrir ráðstefnu um hvernig mætti tryggja gæði í þjónustu við börn.

Stofnaður var samstarfshópur með þátttöku ráðuneyta landanna um samstarf á vettvangi fjölskyldumála. Fulltrúar miðstöðvarinnar tóku þátt í verkefnum um áfengis- og vímuvarnir á norrænum vettvangi og innan Evrópusamstarfsins. Unnið var að úttekt á reynslu ýmissa landa af vinnu á sviði velferðartækni. Jafnframt var stofnaður samstarfshópur sem fékk það hlutverk að stuðla að nýsköpun.

Unnið var að tveimur stórum verkefnum á sviði atvinnumála þar sem

staða ungs fólks utan skóla og án atvinnu var greind og verkefni sem ætlað er að styrkja atvinnu fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Upplýsingastarf var fjölbreytt á árinu, m.a. var haldið áfram að þróa heimasíðu miðstöðvarinnar. Gefin voru út fréttabréf og þemahefti um efni er snertir starfsemina.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO) ber m.a. ábyrgð á því að samræma staðtölur á Norðurlöndum og að safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í árlegri útgáfu af „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru. Þá er gefin út ársskýrsla um starfsemina.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu er í nánú samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG (Diagnostic Related Groups) hefur í auknum mæli verið unnin af þeirri stofnun.

Norræna hagskýrslunefndin

Út kom á rafrænu formi ritið „Social tryghed i de nordiske lande 2009/10“, sem Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála (NOSOSKO) birtir árlega. Einnig verður gefin út samantekt á prenti. Unnið hefur verið að þemahefti um ungt fólk í veikri stöðu á atvinnumarkaði sem verður gefið út 2012.

Norræna tannlækningastofnunin

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS) er rannsókn- og þekkingarsetur sem er að mestu fjármagnað af norrænum fjárveitingum og flokkast undir svokallaðar samstarfsstofnanir NMR. NIOM er í meirihlutaeigu UniRand AS sem er eignarhaldsfélag stofnana í eigu Óslóarháskóla. Þótt Óslóarháskóli hafi meirihluta í stjórn, eiga hin norrænu löndin einnig fulltrúa með það að markmiði að samnorrænt yfirbragð stofnunarinnar og tenging haldist.

Starfsemin hefur verið með svipuðu móti og undanfarin ár. NIOM hefur rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði sem notuð eru til tannlækninga og dreift upplýsingunum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings. Vísindamenn stofnunarinnar hafa gefið út vísindagreinar sem birst hafa í alþjóðlegum fagtimaritum. Þá hafa gestavísindamenn frá öllum norrænu löndunum starfað við stofnunina í einn eða fleiri mánuði og unnið að rannsóknum sínum í samstarfi við sérfræðinga NIOM.

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks (NHR) er stefnumarkandi og ráðgefandi fyrir ráðherranefndina en ráðinu er ætlað að koma málefnum fatlaðs fólks á dagskrá á norrænum vettvangi og fylgja eftir í hverju landi fyrir sig. Árið 2009 var starfsemi ráðsins metin og niðurstaðan var að á Norðurlöndum sé dýrmætt samfélag fatlaðs fólks en að óljós staða NHR innan norræns samstarfs hafi dregið úr pólitískum áhrifum og virkni ráðsins. Ákveðnar hafa verið aðgerðir sem ráðast þarf í til að mæta tillögum matsskýrslunnar.

Samningur um norrænan vinnumarkað fyrir heilbrigðisstéttir og dýralækna

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskirteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu ríkjanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningaskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Umræða hefur verið um tilverugrundvöll samningsins þar sem hann hefur verið framlengdur án formlegrar endurskoðunar. Samningurinn felur ekki í sér meiri réttindi fyrir heilbrigðisstarfsmenn en felast í Evrópusamstarfinu; hins vegar þykir miðlun upplýsinga milli landanna mikilvæg. Ef ákvörðun verður tekin um framhald á samningnum er talið nauðsynlegt að skipun fulltrúa í eftirlitsnefnd verði áfram með formlegum hætti og að nefndinni verði tryggður fjárhagslegur grundvöllur.

Norrænn vinnuhópur um heilbrigðisviðbúnað

Samstarf um heilbrigðisviðbúnað byggist á samningi landanna frá 2002. Framkvæmd samningsins hefur verið í höndum vinnuhóps heilbrigðisyfirvalda á Norðurlöndum sem jafnan er nefndur Svalbarðahópurinn. Finnland fór með formennsku í Svalbarðahópnum á árinu en haldnir voru formlegir fundir og símafundir. Í september var haldin árleg norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað sem fór fram í Bergen í Noregi.

Unnið var að skýrslu um hvernig stjórnvöld á Norðurlöndum brugðust við eldgosinu í Eyjafjallajökli árið 2010 og miðluðu upplýsingum sín á milli. Ákveðið var að vinna skyldi skýrslur um viðbrögð við vá sem snertir norrænu löndin og þann lærdóm sem af þeim má draga.

Fjallað var um kjarnorkuslysið í kjarnorkuverinu í Fukushima í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan. Til umræðu komu mismunandi viðbrögð stjórnvalda á Norðurlöndum sem lutu að því að sinna þeim íbúum landanna sem útsettir voru fyrir geislun í Japan á þessum tíma.

Á sumarfundi ráðherra velferðarmála í Vasa voru m.a. rædd mál sem tengjast heilbrigðisviðbúnaði almennt og notkun joðtaflna í tengslum við kjarnorkuslysið í Japan sérstaklega.

Stærstu verkefni vinnuhópsins á árinu voru að fjalla um heildaráætlun vegna áfalla sem snerta norrænu löndin sameiginlega og mat á aðgerðum sem gripið hefur verið til vegna slíkra áfalla.

Norrænn vinnuhópur um almannatryggingar

Vinnuhópurinn fylgist með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Þá fjallar hópurinn um mál tengd samstarfinu innan ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) á sviði félagslegs öryggis og önnur sameiginleg mál um almannatryggingar. Hópurinn er ráðgefandi og fylgist með vandamálum sem tengjast réttindum þeirra sem fara milli norrænu landanna, svokölluðum stjórnsýslulegum landamærahindrunum, og leggur til lausnir. Hann aðstoðar við að efla þekkingu á samningum og er ráðgefandi varðandi upplýsingagjöf og fræðslu á gildissviði samninganna.

Farið var yfir fyrirliggjandi drög að nýjum Norðurlandasamningi um almannatryggingar og náðist samkomulag um endanlegan texta. Stefnt er að undirritun samningsins á ráðherrafundi í júní 2012. Fjallað var um landamærahindranir, m.a. samhæfingarvandamál þegar starfsgeta er skert, stöðu íslenskra námsmanna í Svíþjóð og vinnu sérfræðingahóps um afnám stjórnsýslulegra landamærahindrana. Óskað var eftir stöðuskýrslu frá ritstjórnarhópi Norrænu vefgáttarinnar um almannatryggingar og niðurstaðan var að þörf væri á að uppfæra og þróa efni vefsins um landamærahindranir. Fjallað var um bætur er byggjast á búsetu og tengslin við nýjar ESB-tilskipanir, t.d. um frjálsa för og um búsetu. Sameiginlegur fundur var með norræna vinnuhópnum um félagslega aðstoð. Fjallað var um Norðurlandasamninginn um félagslega aðstoð og þörf á endurskoðun hans og hlutverk vinnuhópsins um félagslega aðstoð í því sambandi.

Sérfræðingahópur um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis

EK-S og norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnu-umhverfi (EK-A) ákváðu árið 2010 að setja á fót sameiginlegan, þverfaglegan sérfræðingahóp um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis við för milli Norðurlanda og hóf hópurinn störf þá um haustið. Sérfræðingahópnum er ætlað að greina nánar ætlaðar hindranir á frjálsri för fólks á Norðurlöndum á umræddu sviði í tengslum við vinnumarkað og félagsmál og gera tillögur að lausnum. Er það framlag til þeirrar vinnu sem fram fer í nefnd samstarfsráðherranna um afnám landamærahindrana (GF).

Fulltrúi Íslendinga sótti einn fund af fimm á árinu. Stöðuskýrslu var skilað

í október. Einnig gerði formaðurinn grein fyrir starfi hópsins á fundi MR-S í nóvember. Hópurinn hefur greint 36 landamærahindranir sem hann mun fjalla nánar um í lokaskýrslu sinni. Íslensk þátttaka hefur aðallega falist í að koma að skriflegum ábendingum. Í byrjun janúar 2012 voru drög að lokaskýrslu send sérfræðingum og stjórnsýslustofnunum í löndunum til umsagnar. Gert er ráð fyrir að sérfræðingahópurinn skili lokaskýrslu til EK-S og EK-A í mars 2012.⁶

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)* eru starfandi þrjár embættismannanefndir, sem fjalla hver um sig um einn hinna þriggja málaflokka ráðherranefndarinnar. Haldinn var ráðherrafundur í Helsinki 13.–14. október. Þar var m.a. ákveðið:

- Að halda áfram vinnu stýrihóps um skapandi greinar (KreaNord) en á vegum hans hefur verið komið á laggirnar þverfaglegu samstarfi um atvinnulíf og menningartengda starfsemi.
- Að halda áfram undirbúningi að stofnun norræns nýsköpunarsjóðs (Nordic Innovation Fund) sem Nordic Innovation og Evrópski fjárfestingasjóðurinn hafa unnið að. Er hinum nýja sjóði ætlað að fjárfesta í norrænum nýsköpunarfyrirtækjum, m.a. á sviði heilbrigðis-, umhverfis- og orkumála. Ráðherrar gerðu fyrirvara um fjármögnun.
- Að framhald yrði á samstarfsverkefni um úttektir og prófanir á raforkutækjum til að sannreyna þær upplýsingar sem koma frá framleiðendum. Um er að ræða dýrar prófanir og fáar skoðanastöðvar sem geta framkvæmt þær. Er það öllum norrænu löndunum til góðs ef hægt er að samnýta slíkar prófanir.
- Að auka samstarf um lausnir er lúta að orkunýtni og að á næsta fundi ráðherranna skyldi liggja fyrir yfirlit yfir helstu samstarfsmöguleika á því sviði. Einnig studdu ráðherrarnir tillögur um að framhald verði á samstarfinu um orkumerkingar og visthönnun vöru og kannaðir möguleikar á að hafa áhrif á framgang þeirra mála á evrópskum vettvangi.
- Að hér eftir sem hingað til yrði lögð áhersla á frekari samþættingu á norræna raforkumarkaðinum, með áherslu á neytendur.
- Að ráðherrarnir skyldu beina erindi til norrænu forsætisráðherranna þar sem skýrslu um grænan hagvöxt er fagnað.⁷ Í henni er gerð tillaga um átta áhersluverkefni og snerta þau flest viðfangsefni orku- og atvinnumála. Í bréfinu lýsa ráðherrarnir yfir áhuga á að taka þátt í frekari vinnu að þessum verkefnum. Mikilvægt er að embættismannanefndirnar tryggji að þau verkefni, sem þegar eru í

⁶ Sjá einnig um sérfræðingahópinn á bls. 51.

⁷ Sjá einnig: Nýjar áherslur í norrænu samstarfi – grænn hagvöxtur á bls. 10.

- gangi og tengjast græna hagkerfinu, verði samþætt nýjum verkefnum.
- Innan ESB er nú unnið að endurskoðun byggðastefnu og reglna um ríkisstyrki. Ráðherrarnir undirrituðu erindi til Johannesar Hahn og Joaquin Almunia, sem sæti eiga í framkvæmdastjórn ESB, með athugasemdum og ábendingum varðandi þá þætti byggðastefnunnar sem snerta norrænu löndin og strjálbýl svæði sérstaklega.
 - Kynnt var samkeppni um útnefninguna: „Norræna orkusveitarfélagið“. Um var að ræða samkeppni um verkefni sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á orku- og umhverfismál í norrænum sveitarfélögum og eru þess eðlis að auðvelt sé að yfirfæra niðurstöður og hugmyndafræði til annarra sveitarfélaga. Af 44 verkefnum voru fjórtán tilnefnd í úrslit, þar af tvö íslensk, annað frá Vestmannaeyjum og hitt frá Akureyri. Sveitarfélagið Albertslund í Danmörku vann samkeppnina fyrir verkefni sem lýtur að endurnýjun íbúðarhúsnæðis. Verkefni sem komust í úrslit voru kynnt opinberlega, m.a. á þingi NR í Kaupmannahöfn og á loftslagsráðstefnunni í Durban í Suður-Afríku í desember.
 - Norðmenn kynntu formennskuáherslur sínar á sviði atvinnu-, orku- og byggðamála. Kom þar m.a. fram að unnið verður að nýrri samstarfsáætlun fyrir byggðamál. Áfram verður lögð áhersla á að vinna eftir samstarfsáætlun um atvinnumál sem gildir fyrir árin 2011–2013 og í orkumálum verður sérstök áhersla lögð á samræmingu á norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni og norræn orkumál í evrópsku samhengi.

Atvinnumál

Á vettvangi *norrænu embættismannanefndarinnar um atvinnumál (EK-NE/Næring)* er starfað samkvæmt samstarfsáætlun um atvinnu- og nýsköpunarmál fyrir árin 2011–2013. Meginmarkmið áætlunarinnar er að Norðurlönd verði leiðandi í nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðarmála. Þar ber helst að nefna efnahagskreppuna, samkeppni við ný hagvaxtarsvæði, umhverfismál, eflingu græns hagkerfis og lýðfræðilega þróun. Í áætluninni er lögð áhersla á svokölluð kyndilverkefni en þau lúta m.a. að nýsköpun á sviði græns hagvaxtar og velferðar, samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, frumkvöðlastarfi, nýsköpunaráætlun um orku og umhverfisvænar byggingar, sameiginlegri markaðssetningu norrænna fyrirtækja og nýsköpun í opinberum innkaupum.

Ísland er í forsvari fyrir kyndilverkefni um „Norrænan nýsköpunarvettvang“ sem hefur það að markmiði að dýpka skilning Norðurlandabúa á tækifærum á sviði græns hagvaxtar og velferðar.

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin

Hlutverk Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (Nordic Innovation) er að auka nýsköpun, fjarlægja hindranir og efla tengsl. Stofnunin þjónar norrænu atvinnulífi með því að auka samstarf aðila í nýsköpun, hvort sem það eru fyrirtæki, stofnanir eða stjórnvöld.

Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Ósló, starfsmenn eru 23 og koma hvaðanæva af Norðurlöndum, þar af tveir frá Íslandi. Velta miðstöðvarinnar var rúmlega 86 milljónir norskra króna á árinu, þar af voru 79 milljónir af norrænum fjárveitingum.

Samkvæmt stefnu miðstöðvarinnar sem mótuð var á árinu 2010 eru áherslur lagðar á grænan hagvöxt og sjálfbært velferðarsamfélag. Greiningarvinna hefur verið eflað til að bæta stefnumótun Norðurlanda í nýsköpun. Samstarfsverkefnum verður fækkað en þau jafnframt stækkuð.

Eitt af meginverkefnum stofnunarinnar er að benda á landamærahindranir og leiðir til að fjarlægja þær og er unnið að mörgum verkefnum á því sviði. Auk þess hefur samstarf við ESB um að fjarlægja viðskiptahindranir á Norðurlöndum og í Evrópu verið eflað, svo og verkefni er lúta að stöðlun og vottun í byggingariðnaði.

Alls tóku 22 íslensk fyrirtæki þátt í samstarfsverkefninu „Measuring and Managing Innovation“ sem greinir og þróar nýsköpunarhæfni fyrirtækja. Verkefni sem snýr að nýsköpunartækifærum sem tengjast sjósókn, vinnslu og markaðssetningu afurða hafsins var hleypt af stokkunum í lok ársins. Sjávarútvegsráðuneytið lagði fram rúmlega 1,2 milljónir norskra króna til að styðja við íslensku þátttakendurna.⁸

Ásýnd stofnunarinnar breyttist á árinu með opnun nýrrar vefsíðu og breytingu á nafni hennar frá Nordisk InnovationsCenter (NICE) í Nordic Innovation.⁹

Orkumál

Norræna embættismannanefndin um orkumál (EK-NE/Energi) starfaði samkvæmt samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2010–2013. Í áætluninni er megináherslan lögð á norræna raforkumarkaðinn, endurnýjanlega orku, orkunýtni og orkusparnað svo og sjálfbæra orkuöflun á dreifbýlum svæðum. Vinnan endurspegladist í þessum áherslum bæði hjá embættismannanefndinni og hjá fjórum vinnuhópum hennar sem starfa á ofangreindum sviðum. Íslendingar hafa ekki haft tækni á að starfa með virkum hætt í öllum verkefnum vinnuhópanna en fylgst er með því sem fram fer og þá hefur verið þátttaka í einstaka verkefnum sem sérstaklega eiga við aðstæður hér á landi. Á það m.a. við um verkefni sem sett hafa verið á laggirnar og miða að því að skoða sameiginlega hagsmuni

⁸ Sjá nánar um verkefnið: <http://www.marineinnovation.net/>.

⁹ Sjá nánar um Nordic Innovation: www.nordicinnovation.org.

norrænu landanna varðandi útfærslu einstakra þátta í tilskipunum ESB á sviði orkumála, svo sem varðandi upprunaábyrgð raforku og sveigjanleikaákvæði í tilskipun um endurnýjanlega orku og ákvæði um orkumerkingar.

Embættismannanefndin fundaði fimm sinnum á árinu.

Norrænar orkurannsóknir

Hlutverk Norrænna orkurannsókna (NEF) er að stuðla að rannsóknum og nýsköpun á sviði orkumála, með því að styðja þróun á nýjum tæknilausnum og nýjum orkukerfum. Horft er til þess að efla samvinnu sérfræðinga og vísindamanna á Norðurlöndum og auka tengsl við iðnaðinn. Fastráðnir starfsmenn eru þrettán, þar af einn frá Íslandi.

Árið einkenndist af því að nýtt fjögurra ára styrktímabil fyrir rannsóknarverkefni hófst undir heitinu „Sustainable Energy Systems 2050”. Alls bárust 90 umsóknir og voru 29 þeirra með íslenskri þátttöku. Styrkt voru tíu verkefni, þar af þrjú með þátttöku Íslendinga. Heildarstyrkveiting til verkefnanna var alls 100 milljónir norskra króna.

Á árinu var einnig framhaldið vinnu við hnattvæðingarverkefnið „Orka og samgöngur” sem íslenskir aðilar taka virkan þátt í. Heildarfrjárlög til verkefnisins er um 30 milljónir norskra króna, bæði til sérverkefna og til að styrkja samkeppnisverkefni. Tvisvar var úthlutað verkefnastyrkjum, annars vegar til rafbilaverkefna og hins vegar til verkefna um vistvæna vöruflutninga og eru íslenskir aðilar þátttakendur í fjórum þeirra.

Íslendingar taka virkan þátt í verkefnum sem styrkt eru af TFI. Gengið var frá samningum um stórt CCS-verkefni (Carbon Capture and Storage) sem fékk styrk að upphæð 35 milljóna íslenskra króna úr TFI. Er það unnið í samvinnu HÍ og CarbFix verkefnis Orkuveitu Reykjavíkur.¹⁰

Á árinu var komið á tengslum milli NEF og International Energy Agency (IEA) og í kjölfarið tókst að fjármagna samstarfsverkefni þessara tveggja stofnana við rannsóknaraðila og stjórnsýslu orkumála í öllum norrænu löndunum. Verkefnið heitir Nordic Energy Technology Perspective (NETP) og hófst formlega í nóvember en Ísland tekur fullan þátt í því.¹¹

Byggðamál

Norræna embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) starfaði samkvæmt samstarfsáætlun um byggðamál fyrir tímabilið 2009–2012 sem og formennskuáætlun Finna. Aðaláherslurnar í formennskuáætluninni voru: áframhaldandi stuðningur við norrænu rannsóknastofnunina í skipulags- og byggðamálum (Nordregio), svæðisbundið samstarf innan Norðurlanda og aukið svæðisbundið samstarf á evrópskum vettvangi, áhrif lýðfræðilegra

¹⁰ Sjá nánar um öndvegisrannsóknarverkefnið: www.toppforskningsinitiativet.org/is.

¹¹ Sjá nánar um norrænar orkurannsóknir: www.nordicenergy.net.

breytinga í strjálbýli sem og á norðlægum svæðum, rannsóknir á áhrifum svæðisbundinna nýsköpunaraðgerða og myndun starfshóps til að fylgjast með vinnu ESB við endurskoðun byggðastefnu.

Þessum áherslum var fylgt eftir í gegnum starf vinnunefndanna fjögurra sem og með því að stofna fimmtu vinnunefndina að tillögu finnsku formennskunnar.

Eins og á árinu 2010 var ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til íslenskrar þátttöku í störfum vinnunefndanna.

Stærstu verkefni sem embættismannanefndin veitti fé til á árinu voru:

- 1) Rannsókn á því hversu langt áhrif starfsemi fyrirtækja í norrænum stórborgum nær.
- 2) Gerð handbókar um hvernig hægt er að takast á við lýðfræðileg vandamál. Ástandinu er lýst og settar fram hugmyndir að aðgerðum. Verkefninu lýkur árið 2012.
- 3) Verkefni sem lýtur að því að skoða byggðapróun á Vestur-Norðurlöndum og í Kanada sem heild, með áherslu á stefnu stjórnvalda varðandi þéttbýlispróun.
- 4) OECD-verkefni sem lýtur að nýsköpunarstefnu á landamærasvæðum. Nordregio var falið að vinna verkefnið.

Svæðisbundið samstarf var styrkt á tólf svæðum á Norðurlöndum en þar við bætist NORA. Við úthlutun fjár til svæðisbundna samstarfsins er unnið eftir stefnu sem nær yfir tímabilið 2009–2012. Samþykkt var ný stefnumótun NORA fyrir árin 2012–2016.

Embættismannanefndin fundaði fjórum sinnum á árinu.

Nordregio

Nordregio er norræn rannsóknastofnun um skipulags- og byggðamál, auk þess sem stofnunin hefur það hlutverk að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til víðeigandi stofnana innan þessara málaflökka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu sem og á mál tengd Eystrasaltsríkjnum hefur farið vaxandi undanfarin ár.

Hjá stofnuninni voru í lok árs 34 starfsmenn, þar af einn frá Íslandi. Nordregio er staðsett í Stokkhólmi.

Heildarvelta Nordregio á árinu nam um 37 milljónum sænskra króna. Samningur stofnunarinnar við NMR nær yfir tímabilið 2010–2012 og samkvæmt honum á grunnframlag NMR að fjármagna um 30–40% af veltu Nordregio. Stofnunin þarf að reiða sig á öflun verkefnastyrkja frá stofnunum og rannsóknarsjóðum ESB og á Norðurlöndum til að fjármagna starfsemina að öðru leyti.

Ný heimasíða var opnuð á árinu og er hún nú ein helsta fréttaveita Nordregio. Þar má m.a. finna kort, tölfræðigögn, rannsóknarskýrslur og

rafræna tímaritið „European Journal of Spatial Development“. Auk þess var settur upp samskiptavettvangur, Nordregio Forum, með nöfnum sérfræðinga um skipulags- og byggðamál.¹²

Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfsvettvangur á sviði byggðamála og svæðasamstarfs milli Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Skrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum. Stærstur hluti tekna NORA á árinu var af fjárveitingum NMR eða tæpar 6,4 milljónir danskra króna. Árlegt framlag aðildarlandanna var að þessu sinni að heildarfjárhæð rúmar 1,4 milljónir danskra króna í stað 1,7 milljóna danskra króna, vegna þess að íslenska ríkið skar framlag sitt niður um helming bæði árin 2010 og 2011.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna á NORA-svæðinu. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga. Ahersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum. Einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þúsund dönskum krónum á ári og að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Undanfarin ár hefur NORA unnið að því að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs sem og að styrkja tengsl við löndin við Norður-Atlantshaf – Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada – meðal annars með samstarfsverkefnum. Árið 2008 fór stjórn NORA til Kanada til að koma á nánara samstarfi. Svipuð ferð var farin til Skotlands nú í haust. Svæðagreining OECD á NORA-svæðinu var kynnt á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í apríl 2011 og í framhaldinu var settur á fót vinnuhópur til að vinna með niðurstöður og tillögur OECD. Í þeim hópi áttu sæti fulltrúar allra NORA-landanna. Nú er unnið að nýrri skipulagsáætlun fyrir tímabilið 2012–2014.

Á árinu var tvívegis úthlutað verkefnastyrkjum og bærust alls 57 umsóknir. Úthlutað var 5,9 milljónum danskra króna til nítján verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í sautján þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er alla jafna um 70–90%.¹³

11. Umhverfismál

Norrænt samstarf um umhverfismál á rætur sínar í samstarfi um náttúruvernd og útilíf en í árána rás hefur umfang og mikilvægi umhverfismála aukist á alþjóðavettvangi og hefur norrænt samstarf þróast í takti við það. Eftirtalдар áætlanir eru leiðarljós fyrir samstarf norrænu umhverfisráðherranna:

¹² Sjá: www.nordregio.se.

¹³ Sjá nánar um NORA: www.nora.fo

- Norræna umhverfisáætlunin 2009–2012.¹⁴
- Norræn stefna um loftslagsmál og hættuleg efni á norðurlóðum.¹⁵
- Norræn stefna um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum 2009–2012.¹⁶

Í ofangreindum áætlunum eru eftirtaldir málaflokkar í brennidepli:

- Loftslagsmál og loftgæði.
- Hafíð og strandsvæði.
- Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa.
- Sjálfbær neysla og framleiðsla.

Sú forgangsöröðun sem fram kemur í þessum áætlunum endurspeglar ekki einungis þau málefni, sem eru efst á baugi og talin mikilvæg fyrir Norðurlönd, heldur er í æ ríkara mæli lögð áhersla á að tengja norrænt samstarf alþjóðlegum áherslum í umhverfismálum í því skyni að koma norrænum áherslum á framfæri, m.a. á vettvangi ESB og Sameinuðu þjóðanna. Vægi svæðisbundinna samtaka hefur einnig aukist, ekki síst Norðurskautsráðsins (AC), en þar eiga öll norrænu löndin ríkra hagsmuna að gæta.

Norræna ráðherranefndin um umhverfismál (MR-M)

Grænt hagkerfi var í brennidepli á fundum umhverfisráðherranna á árinu og var m.a. gefin út skýrsla um grænt hagkerfi. Í skýrslunni eru sett fram dæmi sem draga fram styrkleika Norðurlanda á sviði umhverfismála. Meðal þess sem fram kemur er að þrátt fyrir strangar kröfur í umhverfismálum og sterkt velferðarkerfi hefur Norðurlöndum í stórum dráttum tekist að halda uppi hagvexti. Grænt hagkerfi var rætt í tengslum við undirbúning fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Ríó+20, sem fer fram í júní 2012. Á ráðstefnunni verður grænn hagvöxtur í brennidepli. Norrænu umhverfisráðherrarnir eru sammála um að leggja beri áherslu á að grænt hagkerfi feli í sér tækifæri til þróunar og hagvaxtar til lengri tíma og að umhverfismál geti stuðlað að betri lífsskilyrðum og þróun nýrra atvinnugreina í framtíðinni. Þá eru ráðherrarnir sammála um að nýta Ríó+20 til að varpa ljósi á mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni, þjónustu vistkerfa og stjórnþækja eins og græns bókhalds, hagrænna stjórnþækja, vistvænna opinberra innkaupa og umhverfismerkinga.

Umhverfisráðherrarnir ræddu einnig þróun loftslagsviðræðna og með hvaða hætti Norðurlönd gætu lagt sitt af mörkum til að ná fram nýjum samningi. Á fundi loftslagssamningsins í Durban í Suður-Afríku í árslok var ýtt úr vör verkefnum sem norrænu umhverfisráðherrarnir áttu frumkvæði að og felast í að aðstoða Perú og Vítíam við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá mengandi starfsemi á borð við meðhöndlun úrgangs og sementsframleiðslu. Verkefnin eru nýstárleg og byggja á svokallaðri geiranálgun. Talið er

¹⁴ Framkvæmdáætlun í umhverfismálum 2009-2012 (IS).

¹⁵ Nordisk strategi for klima og miljøgifter i Arktis.

¹⁶ Sjálfbær þróun - Ný stefna fyrir Norðurlönd (endurskoðuð útgáfa með markmiðum og forgangsöröðun 2009–2012).

að þau muni geta rutt brautina fyrir önnur álíka verkefni. Verkefnin eru fjármögnuð af NEFCO og NDF auk fjárframlags frá löndunum en vinnuhópur umhverfisráðherranna (NOAK-hópurinn) vann að faglegum undirbúningi þeirra.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M)

Embættismannanefndin og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að undirbúa fundi umhverfisráðherranna, fylgja eftir ákvörðunum þeirra og sinna ýmsum verkefnum sem ráðherrarnir fela þeim.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir MR-M.¹⁷

Vinnuhópar

Til að fylgja eftir þeim áætlunum sem í gildi eru hafa umhverfisráðherrarnir sett á laggirnar átta vinnuhópa, sem í eiga sæti sérfræðingar frá ráðuneytum og stjórnarsýslustofnunum norrænu landanna. Vinnuhóparnir vinna að ýmsum verkefnum sem tengjast þeim markmiðum sem sett eru. Algengast er að niðurstöður verkefna birtist í skýrslum sem NMR gefur út. Skýrslurnar nýtast til stefnumótunar í löndunum og í alþjóðastarfi, m.a. í alþjóðlegum samningaviðræðum, og síðast en ekki síst í því fjölþætta samstarfi sem norrænu löndin eiga með sér í tengslum við undirbúning, innleiðingu og framkvæmd tilskipana og annarra gerða á vettvangi ESB. Umhverfismálin eru viðamikill þáttur EES-samningsins og samvinna um útfærslur og innihald hinna ýmsu gerða er afar þýðingarmikil, ekki síst fyrir Ísland sem hefur minni möguleika en hin norrænu löndin til að fylgjast með mótun og þróun gerða ESB frá upphafi til enda. Hver vinnuhópur hefur allmörg verkefni á sinni könnu en einnig er algengt að vinnuhóparnir átta vinni sameiginlega að ýmsum verkefnum og endurspeglar það hið þverfaglega eðli umhverfismálanna.

1) Vinnuhópur um loftslagsmál og loftgæði

Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að fyrirbyggja alvarlegar breytingar á loftslagi, koma í veg fyrir áhrif loftslagsbreytinga og varna því að mengandi efni í andrúmslofti fari yfir þau mörk sem valda tjóni á heilsu fólks og umhverfi. Hópurinn leggur áherslu á að niðurstöður verkefna nýtist í stefnumótun í stjórnáslunni og styrki samningsstöðu landanna á alþjóðavettvangi. Hópurinn vinnur m.a. að verkefnum sem greina samskiði milli loftslags og loftgæða á Norðurlöndum og norðurskautssvæðinu og jafnframt áhrif væntanlegra loftslagsbreytinga. Varðandi loftgæði eru verkefni sett í forgang sem hafa áhrif á ákvarðanir varðandi Evrópugerðir og alþjóðlega

¹⁷ Sjá nánar um NEFCO á bls. 79.

samninga. Jafnframt verkefni sem stuðla að því að fyrirbyggja og draga úr losun mengunarefna sem berast langar leiðir, eins og kvikasilfur og díoxín. Á árinu ýtti hópurinn tveimur verkefnum úr vör sem snerta Ísland sérstaklega. Annars vegar er um að ræða kortlagningu þar sem lasertækni er beitt til að mæla hæð og breytingar á hæð jökla í Noregi, á Grænlandi og Íslandi. Markmiðið með verkefninu er að fá fram nákvæmari upplýsingar um breytingar á jöklum í þessum löndum og auka skilning á þýðingu jökla í loftslagsbreytingunum. Hins vegar er um að ræða verkefni sem snýr að mælingum á losun gastegunda frá eldfjöllum á Íslandi. Verkefninu er ætlað að styrkja samstarf norrænna vísindamanna á þessu sviði og safna áreiðanlegri upplýsingum um losun gastegunda frá eldgosum en hingað til hafa verið aðgengilegar.

2) *Vinnuhópur um vistkerfi haf- og strandsvæða*

Í starfi sínu leggur hópurinn áherslu á að safna upplýsingum sem nýtast Norðurlöndum í svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi um málefni hafsins. Markmiðið er að vistkerfi hafsins séu nýtt á sjálfbæran hátt, að þau séu heilbrigð og að vistkerfisnálgun sé beitt við stjórnun auðlinda hafsins. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem geta nýst í alþjóðlegu starfi eins og svæðisbundnum sáttmálum um hafið, t.d. samningunum um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR) og verndun Eystrasaltsins (HELCOM). Einnig er lögð áhersla á verkefni er tengjast áætlun ESB um hafið og hvernig hægt er að aðlaga hana aðstæðum á Norðurlöndum. Hópurinn vinnur að verkefnum sem tengjast súrnun hafs á norðurslóðum og áhrif súrnunar á lífverur í hafinu og vistkerfi þess. Jafnframt er unnið að verkefni um úrgang frá lyfjum og efnum í hreinlætis- og snyrtivörum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Verkefnið er unnið í samstarfi yfirvalda umhverfismála og lyfsala og felst í því að rannsaka úrgang frá þessum efnum í umhverfi hafsins. Þá vinnur hópurinn að skipulagi hafsvæða í því skyni að þróa norræna leið til að beita vistkerfisnálgun við stjórnun og skipulag hafsins.

3) *Vinnuhópur um vistkerfi á landi*

Vinna hópsins spannar þrjú megin svið, þ.e. líffræðilega fjölbreytni, landslag, menningarumhverfi og útilíf svo og aðlögun að loftslagsbreytingum. Vinna við að fylgja eftir ári líffræðilegrar fjölbreytni 2010 og ákvörðunum frá aðildarríkjafundi samningsins um líffræðilega fjölbreytni setur svip á starf hópsins. Hvað varðar útilíf er lögð áhersla á umhverfisvænt útilíf, sjálfbæra ferðamennsku, útilíf fyrir börn og ungmenni og tengsl útilífs og heilsufars. Þá er sjónum beint að loftslagsmálum og hvaða áhrif sú stefna, sem nú er í gildi í loftslagsmálum, hefur á líffræðilega fjölbreytni. Verkefni sem hópurinn vinnur að tengjast m.a. Ramsar-sáttmálanum um vernd votlendis, áhættumati vegna framandi ágengra tegunda og hvernig meta megir verðmæti vistkerfa votlendissvæða. Síðastnefnda verkefnið er unnið í samstarfi við vinnuhópinn um umhverfis- og efnahagsmál. Á árinu lauk mikilvægu verkefni á vegum hópsins sem

Landgræðsla ríkisins átti frumkvæði að og stjórnaði í nánú samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnið fjallar um endurheimt vistkerfa á Norðurlöndum en hnignun vistkerfa er alþjóðlegt vandamál sem bregðast þarf við, m.a. með fyrirbyggjandi starfi og með því að endurheimta vistkerfi. Lokaniðurstæða verkefnisins fyrir Ísland var birt í landsskýrslu þar sem er að finna yfirlit yfir vistheimt á Íslandi.¹⁸ Alls eiga fjórtán stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hér á landi kafla í skýrslunni þar sem fjallað er um vistheimt á þeirra vegum. Í október var efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu á Selfossi þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar. Á ráðstefnunni kom m.a. fram að mörg tækifæri felast í því að efla vistheimt á Norðurlöndum.

4) *Vinnuhópur um efni og efnavörur*

Markmiðið með starfi hópsins er að draga eftir megni úr neikvæðum áhrifum efna og efnavara á heilsu fólks og umhverfi. Reglugerð EB um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og önnur efnavörulöggjöf ESB eru viðamiklir þættir í starfi hópsins. Unnið er að því að greina þætti í löggjöfinni sem nýtast í faglegri umræðu og stefnumótun í því skyni að hafa áhrif á ákvarðanir, aðferðir og leiðbeiningar í tengslum við hættu- og áhættumat efna. Þar að auki er mikilvægt að safna og miðla upplýsingum um þau efni og efnavörur sem notuð eru og efla eftirlit með þeim. Einnig vinnur hópurinn að því að tryggja aukið öryggi við notkun framleiðsluvara sem innihalda hættuleg efni, m.a. með því að fylgjast með og hafa áhrif á hvaða kröfur eru settar, t.d. varðandi umbúðir og öryggi þeirra fyrir börn. Á vegum vinnuhópsins eru starfandi allmargir verkefnahópar um tiltekin málefni þar sem sértækrar þekkingar er þörf. Mörg verkefni hópsins nýtast beint í alþjóðlegu starfi, t.d. í OECD, UNEP, á vettvangi AC og í samningaviðræðum um málefni hafsins eins og OSPAR og HELCOM.

5) *Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu*

Meginmarkmiðið með starfi hópsins er að stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu og draga þannig úr álagi á umhverfið. Starf hópsins beinist einkum að vistvænum opinberum innkaupum, miðlun upplýsinga um sjálfbæra lífshætti, umhverfistækni, nýsköpun og umhverfismerkingum. Hópurinn fylgir markmiðum sínum eftir m.a. með fjölda verkefna sem felast í því að bæta upplýsingar um umhverfismál til neytenda, framleiðenda, embættismanna og stjórnálamanna með það fyrir augum að örva sjálfbæra neyslu og framleiðslu og grænan hagvöxt. Verkefni hópsins spanna vítt svið og má nefna greiningu á lífsferilskostnaði í opinberum innkaupum í því skyni að gera hann sýnilegan. Annað verkefni hópsins fjallar um sjálfbæra ferðamannastaði en verkefnið hefur mikla þýðingu þar sem vöxtur í ferðaþjónustu hefur verið mikill á síðustu árum, ekki síst á Íslandi.

Á vegum hópsins starfa jafnframt tveir formlegir undirhópar,

¹⁸ Sjá skýrsluna „Vistheimt á Íslandi“ á www.land.is

annars vegar hópur sem vinnur að og gefur út leiðbeiningar um bestu fáanlegu umhverfistækni (BAT-hópurinn) fyrir ákveðnar atvinnugreinar og hins vegar hópur um umhverfismál í smáum samfélögum á Norðurlöndum. Starfið í þessum hópum er sérlega mikilvægt fyrir Ísland.

Íslendingar hafa beitt sér í vinnu sem miðar að því að efla norræna umhverfismerkið Svaninn. Á vegum hópsins starfar um þessar mundir vinnuhópur undir forystu Íslands sem fylgir eftir nýrri stefnumótun um Svaninn til ársins 2015 (Svanen Vision 2015). Hópurinn ýtti úr vör sérhæfðum verkefnum sem miða að því að efla Svaninn sem leiðandi umhverfismerki á Norðurlöndum.

6) *Vinnuhópur um meðhöndlun úrgangs*

Hópurinn hefur skilgreint tvö svið sem forgangsverkefni. Annars vegar er um að ræða vinnu við rammatilskipun EB um úrgang og aðrar gerðir á því sviði. Hins vegar að draga fram samlegðaráhrif í stefnumótun um efni og efnavörur, framleiðsluvörur og meðferð úrgangs. Öll norrænu löndin vinna um þessar mundir að innleiðingu rammatilskipunar EB um úrgang. Í tilskipuninni eru margar kröfur sem erfitt getur reynst að uppfylla. Margar þeirra eru þess eðlis að vandamálin eru þau sömu í öllum löndunum og því geta norrænt samstarf og norræn verkefni verið mun árangursríkari en ef sérhvert land reyndi að finna lausnir fyrir sig. Á vegum hópsins starfa sérhæfðir faghópar sem fjalla um mismunandi þætti svo sem meðferð á raftækjaúrgangi. Einnig vinnur hópurinn að verkefni þar sem leitað er leiða til að fyrirbyggja og draga úr byggingaúrgangi og þróa viðmið um hvernig og hvenær má endurnýta byggingarefni en slík efni innihalda oft þungmálma sem geta dreifst stjórnlaust út í umhverfið ef ekki gilda ákveðin viðmið. Þá vann hópurinn að verkefni sem ætlað er að hvetja lönd til að staðfesta breytingu við Basel-sáttmálann um útflutning á hættulegum úrgangi. Breytingin felur í sér að flutningur hættulegs úrgangs frá iðnvæddum löndum til þróunarlanda verði bannaður.

7) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Hópurinn er þverfaglegur og eiga fulltrúar frá umhverfis- og fjármálaráðuneytum landanna sæti í honum. Meginviðfangsefni hópsins er að stuðla að hagþróun sem byggist á sjálfbærri neyslu og framleiðslu og leita leiða til að rjúfa sambandið milli hagvaxtar og neyslu. Stór hluti verkefna hópsins á árinu tengdist áherslum ráðherranna á grænan hagvöxt. Meðal þess sem hópurinn hefur unnið að má nefna verkefni er varðar græn störf. Í því er varpað fram og reynt að svara spurningum um þróunina á þessu sviði á Norðurlöndum, m.a. spurningunni um hvernig vinnumarkaðurinn muni líta út eftir fimm til tíu ár og hvaða efnahagsáhrif græna hagkerfið muni hafa. Einnig vann hópurinn að verkefni um hagræn stjórnþæki og rétta tækni til að draga úr umhverfisálagi vegna meðhöndlunar úrgangs.¹⁹

¹⁹ Sjá einnig um vinnuhópinn á bls. 57.

- 8) *Vinnuhópur vegna samningaviðræðna um loftslagsmál*
Umhverfissráðherrarnir skipuðu þennan hóp (NOAK-hópin) með tímabundið umboð til að vinna að ýmsum verkefnum, m.a. greiningum á tilteknum þáttum loftslagsmála með það fyrir augum að nýta norrænt frumkvæði og þekkingu á sviði loftslagsmála og reyna með því að stuðla að lausnum í samningaviðræðunum. Hópurinn hefur unnið mjög náið með samninganefndum landanna og efnt til kynningarfundar á samningafundum Sameinuðu þjóðanna um ýmsa þætti loftslagsmála þar sem niðurstöður hópsins um tiltekin atriði hafa verið kynntar. Árangur af starfi hópsins kemur m.a. fram í verkefnum í Perú og Vítname²⁰. NOAK-hópurinn hafði faglega umsjón með þróun þeirra verkefna og mun fylgja þeim efir í samstarfi við NEFCO og NDF.

12. Vinnumál

Á vegum *norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumarkað og vinnu- umhverfi (MR-A)* er unnið í samræmi við samstarfsáætlun um vinnu- og vinnuverndarmál árin 2009–2012.

MR-A kom saman til fundar í Helsinki 21. nóvember. Meginstef fundarins var að ræða aðferðir til að skapa atvinnutækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfshæfni. Fulltrúum Norræna verkalyðssambandsins (NFS) og NHR var boðið að taka þátt í umræðum um þetta málefni. Við upphaf umræðnanna var kynnt samanburðarúttekt sem unnin hafði verið fyrir finnska vinnumálaráðuneytið um stefnumótun í málefnum einstaklinga með skerta starfshæfni á Norðurlöndum og Englandi, í Þýskalandi, Frakklandi og Hollandi. Vinnumálaráðherrarnir gerðu grein fyrir stefnumótun landanna í starfsendurhæfingarmálum og fyrirhuguðum aðgerðum.

Samhljómur var um mikilvægi þess að skapa störf sem henta einstaklingum með skerta starfsgetu. Þetta þurfi að gera þannig að jafnræðis sé gætt. Ítrekað var mikilvægi þess að líta á einstaklinga með skerta starfsgetu sem auðlind en ekki vandamál. Hafa þurfi í huga að lýðfræðileg þróun á Norðurlöndum á næstu árum leiði af sér skort á starfsmönnum. Því sé þörf á vinnuframlagi sérhvers einstaklings með skerta starfshæfni. Fyrir marga er mikilvægt að eiga kost á starfi, ekki síst vegna tekjumöguleika. Einnig er það hagur fyrirtækja og vinnuveitenda að þessir starfskraftar séu nýttir. Lögð var áhersla á mikilvægi formlegs norræns samstarfs á þessu sviði og einnig samstarfs milli samtaka fatlaðs fólks. Fjármagn og aðferðir eru mismunandi en löndin vinna öll að sama markmiði. Á Íslandi er unnið að nýrri stefnumótun og málefnið er í framþróun í öllum löndunum. Helstu hindranir í dag eru fjármálakreppan og auknar kröfur um skilvirkni. Viðhorf almennings og gildismat skiptir líka miklu máli.

Framkvæmdastjóri NFS ítrekaði að sambandið legði áherslu á norrænt

²⁰ Sjá nánar um verkefni á bls. 45.

samstarf í áætlunum sínum. Ennfremur að NFS, sem eru samtök 9 milljóna launamanna á Norðurlöndum, sé rödd verkalyðshreyfingar og launþega í norrænu samstarfi. Markmiðið sé sjálfbært atvinnulíf á Norðurlöndum og það gerist með aukinni áherslu á norræna heildarsamninga og afnám stjórnsýsluhindrana.

Fjallað var um starf þverfaglegs sérfræðingahóps um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis við för milli Norðurlanda. Formaður verkefnisins gerði að umtalsefni hversu flókið og umfangsmikið verkefnið væri og að sífellt kæmu nýjar hindranir í ljós. Lögð var áhersla á að lönd samræmdu betur innleiðingu tilskipana ESB. Einnig væri þörf á skýrari vilja og umboði stjórnvalda til að ryðja úr vegi hindrunum í lögum og reglugerðum landanna.

Norræna embættismannanefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)

EK-A hélt tvo fundi á árinu. Umtalsverður tími hefur farið í að ræða fjármál norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA). Nefndin samþykkti árið 2010 að veita stofnuninni aukaframlag að fjárhæð 450 þúsund danskra króna til að mæta útgjöldum vegna starfsmannamála og til þróunar á kerfi til að meta námskeiðahald á vegum stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar var sent erindi þar sem lýst var áhyggjum af endurteknum óskum um aukafjárframlög af norrænum fjárlögum. Tekið var fram að þess sé vænst að í framtíðinni haldi stofnunin sig innan þess fjárhagsramma sem henni er settur. Formanni stjórnarnefndar NIVA var boðið á fund EK-A í apríl þar sem farið var yfir nýjan samning um starfsemi stofnunarinnar á árunum 2012–2014. Ákveðið var að óska eftir úttekt á starfsemi NIVA á árinu 2013 og í kjölfarið yrði gerður nýr samningur.

Á þingum NR hefur komið fram að þrátt fyrir norrænt samstarf á öllum sviðum séu enn stjórnsýslulegar landamærahindranir sem mæta fólki þegar það flytur frá einu norrænu landi til annars. Í framhaldi af endurteknum tilmælum þingsins til NMR um að taka þessi mál til athugunar hefur NMR brugðist við m.a. með því að halda reglulega málstofur um landamærahindranir og skrá upplýsingar sem þar komu fram um atriði sem þarfnast nánari athugunar. Þau snerta flest embættismannanefndirnar EK-A og EK-S, sem óskuðu eftir tilnefningum í fyrrnefndan *sérfræðingahóp um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis* við för milli Norðurlanda. Hópnum var falið að greina hvaða hindranir mæti fólki sem flyst milli landanna og í hverju vandinn felist. Ennfremur á vinnuhópurinn að benda á lagaákvæði og stjórnsýslureglur sem eru rót vandans, tengsl við Evrópurétt og markmið þeirrar lagasetningar sem veldur og hvaða stofnanir eigi í hlut. Niðurstöðurnar verði lagðar fyrir EK-A og EK-S.²¹

Í framhaldi af skýrslu Stellan Ottosson 2009 óskaði EK-A eftir því að undirnefndirnar tækju saman skýrslur um störf sín þar sem fram kæmi mat á árangri og ábendingar um hvernig mætti gera starfið markvissara. Í framhaldi

²¹ Sjá einnig um sérfræðingahópinn á bls. 38.

af skýrslunum voru samin drög að reglum um markmið og leiðir. Drögin voru afgreidd á vorkundi EK-A og þess er vænst að betra samræmi verði á milli pólitískrar stefnumótunar ráðherranefndarinnar og verkefna sem unnið er að á hennar vegum.

Norræna samstarfsverkefnið Nordjobb hefur seinni árin verið til umfjöllunar í EK-A. Markmiðið með verkefninu er að greiða fyrir ferðum ungs fólks um Norðurlönd í atvinnuskyni. Með þeim hætti gefst því tækifæri til að kynnst tungu og menningu frændþjóðanna. Verkefnið á upphaf að rekja til seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar og hefur þótt vel heppnað. Fulltrúar í EK-A hafa gagnrýnt kostnað við verkefnið og hefur sá þáttur valdið skoðanaágreiningi við NR. Haustið 2010 óskaði NR eftir því við EK-A að fjárhag Nordjobb yrði komið á traustari grunn og tekið yrði upp afkastahvetjandi kerfi en ekki hefur verið orðið við því.

Samstarfsáætlunin um vinnu- og vinnuverndarmál rennur út í lok ársins 2012. Embættismannanefndin leitaði eftir umsögnum undirnefnda um framgang áætlunarinnar. Ákveðið var að skipa vinnuhóp með fulltrúum landanna undir formennsku Norðmanna til að gera tillögur um nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2013–2016.

Nefnd um vinnurétt

Tveir fundir voru haldnir í norrænu nefndinni um vinnurétt (NAU). Rætt var almennt um stöðuna á vinnumarkaði ríkjanna auk þess sem farið var yfir fyrirhuguð frumvörp sem og þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið í tengslum við löggjöf er varðar vinnumarkað hvers ríkis.

Jafnframt var rætt um tilskipanir frá ESB sem ríkjunum er ætlað að innleiða á grundvelli aðildar að ESB eða EES sem og um innleiðingar á öðrum sameiginlegum evrópskum reglum. Í tengslum við þá umræðu greindu fulltrúar Íslands frá því að Eftirlitsstofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hefði gert athugasemdir við að í lögum um atvinnuleysistryggingar væri kveðið á um að við mat á rétti einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði væri einungis heimilt að taka tillit til starfstímabila viðkomandi í öðru aðildarríki að samningnum um EES eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum ef þeir hefðu starfað á innlendum vinnumarkaði að minnsta kosti síðasta mánuðinn. Fram kom að Eftirlitsstofnun EFTA teldi framangreint ákvæði fela í sér brot á reglugerð um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Ísland á í samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA vegna þessa máls og óskuðu fulltrúar Íslands m.a. eftir upplýsingum um reglur hvað þetta varðar annars staðar á Norðurlöndum. Fulltrúi Noregs upplýsti að í Noregi væru sambærilegar reglur og að Eftirlitsstofnun EFTA hefði einnig gert athugasemdir við þær.

Fjallað var um mál á sviði vinnuréttar sem Evrópudómstóllinn, Mannréttindadómstóll Evrópu og EFTA-dómstóllinn hafa fengið til með-

ferðar án þess að niðurstaða dómstólanna liggi fyrir. Jafnframt var farið yfir dóma fyrrnefndra dómstóla og rætt um þau réttaráhrif sem dómarnir kynnu að hafa á löggjöf innan einstakra ríkja á sviði vinnuréttar. Fulltrúar Íslands greindu frá niðurstöðu EFTA-dómstólsins í málinu E-12/10, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi. Í þeim dómi komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenskar lagagreinar um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, feli í sér brot á 36. gr. samningsins um EES og tilskipun 96/71/EB. Í máli fulltrúa Íslands kom fram að ljóst væri að breyta þyrfti fyrrnefndum lögum til að koma til móts við niðurstöðu dómstólsins en ekki hefði verið tekin ákvörðun um í hverju þær breytingar myndu felast.

Norræna vinnumarkaðsnefndin

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um norræn atvinnu- mál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Lögð er áhersla á áhrif hnattvæðingar, áhrif alþjóðafjármálakreppu og áhrif innflytjenda á vinnumarkað Norðurlanda.

Á árinu var m.a. lögð áhersla á atvinnu- mál ungs fólks, framhald á vinnu við hnattvæðingarverkefni og sérfræðingahóp um hindranir á sviði almannatrygginga og félagslegs öryggis við för milli Norðurlanda. Auk þess var lagt mat á starf vinnuhóps um upplýsingamál ESB. Undir formennsku Finna voru haldnar ráðstefnur, m.a. um atvinnu- mál ungs fólks og um vinnutíma, en auk þess var haldin ráðstefna um aukna þörf fyrir norrænt samstarf í breyttum heimi.

Samþykktar verkefnaumsóknir: Samstarfsverkefni á sviði vinnumála og fræðslumála á Norðurlöndum (PIAAC) byggist á gagnagrunni og norrænu samskiptaneti. Verkefnið nær yfir tímabilið 2010–2014 en það skiptist í þrjú undirverkefni sem eru fjármögnuð af vinnumála- og fræðslufirvöldum. Í lok tímabilsins er gert ráð fyrir að haldin verði norræn ráðstefna vísindamanna þar sem niðurstöður verði kynntar. Samstarf norræna samskiptanetsins og vísindamanna byggist á gögnum úr rannsóknum þar sem eftirtaldir þættir á Norðurlöndum eru kannaðir: 1) kunnátta, hæfni, tekjur og staða á vinnumarkaði, 2) kunnátta, hæfni og félagsleg staða, 3) skortur á kunnáttu og hæfni og 4) nýting kunnáttu og þörf ákveðinnar menntunar.

Verkefnið „Social Regulation in Nordic Welfare States: The Impact on Employment among Youth from Ethnic Minorities and Youth with Disabilities” nær yfir tímabilið 2011–2013. Markmið þess er að auka við þekkingu á áhrifum löggjafar á félagslega sviðinu á atvinnutækifæri og möguleika ungs fólks sem tilheyrir erlendum minnihlutahópum eða er fatlað. Reglugerðir ESB eiga að tryggja jafnrétti fólks í þessu samhengi en löggjöf norrænu ríkjanna er ólík að ýmsu leyti, þar sem til dæmis Noregur er með aðrar áherslur en ESB að því er varðar baráttu gegn mismunun vegna ólíks þjóðernis eða menningarbakgrunns.

Verkefnið „Ungdomsarbejdsløshed i de nordiske lande” nær yfir tímabilið 2011–2013. Markmið þess er að rannsaka atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum, vandamál tengd atvinnuleysi ungs fólks og tengsl þess við vinnumarkaðinn. Áhersla verður lögð á að rannsaka tengsl skóla og vinnumarkaðar og fyrstu reynslu ungs fólks af vinnumarkaðnum.

Verkefni lokið: Verkefninu „Jobbresan“ á vegum Nordjobb lauk á árinu. Markmiðið var að opna dyr atvinnulausra ungmenna að vinnumarkaði á Norðurlöndum með því að bjóða búsetu, öryggi og miðlun starfa á fimm vikna tímabili.

Önnur verkefni í vinnslu: Rannsóknarverkefni undir heitinu „Scandinavia’s population groups of developing countries origin: Change and integration“ miðar að því að afla nýrrar þekkingar um aðlögun innflytjenda sex ríkja í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og áhrif innflytjendastefnu í löndunum.

Rannsóknarverkefnið „Att möta globaliseringen: utbildning, aktivering och social exkludering i Norden“ hefur m.a. það markmið að skoða ferlið úr skóla í atvinnu tíu árum eftir próflok. Auk þess verður leitast við að skoða aðlögun innflytjenda að norrænum vinnumarkaði svo og tekjur þeirra miðað við tekjur heimamanna. Áhrif menntunar innflytjenda á tekjur eru einnig skoðuð og áhrif norræns almannatryggingakerfis á afkomu fólks með takmörkuð tengsl við vinnumarkaðinn.

Hnattvæðingarverkefni: Tilgangur verkefnis sem fjallar um vaxtarsvæði á Norðurlöndum er meðal annars að athuga hvað þarf að gera til að bæta möguleika norrænu landanna til aukins ábata í nýjum vaxtargreinum. Markmiðið er að auka möguleika á nýsköpun og nýjum störfum. Einnig er starfandi vinnuhópur sem vinnur að stefnumótun varðandi erlenda starfsmenn og jaðarhópa.

Lokið var við verkefni um norrænan vettvang um fjölmenningsamfélag – alþjóðlega samkeppnishæfni og ráðningar. Lögð var fram stöðuskýrsla fyrir verkefnið „Grenspendlingens struktur och utveckling 2001–2008“.

Atvinnuskipti ungs fólks: Nordjobb-verkefnið er umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála. Það byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna. Á árinu komu 58 ungmenni til starfa á Íslandi en 66 fóru héðan til starfa annars staðar á Norðurlöndum fyrir tilstuðlan Nordjobb.

Norræna vinnuverndarnefndin

Norræna vinnuverndarnefndin hélt tvo fundi á árinu. Fjallað var um birtingarstefnu NMR sem felur í sér að niðurstöður verkefna sem nefndin styrkir skuli settar fram með áherslu á pólitíska þýðingu og kynningu. Einnig var skipst á skoðunum um mat á starfi þeirra nefnda sem falla undir EK-A. Farið var yfir stöðu hnattvæðingarverkefna, þ.e. verkefni um samkeppnishæfni Norðurlanda, vinnuumhverfi og örtækni. Vinnuverndarsjónarhorn í því sambandi er undirverkefni á sviði örtækni og sama máli gegnir um verkefni um erlenda starfsmenn, vinnuumhverfi og vinnuskilyrði sem á að varpa ljósi á stöðu erlendra starfsmanna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Væntingar eru

um að hægt verði að læra af „best-practice“. Norræna vinnuverndarnefndin og vinnumarkaðsnefndin hafa umsjón með framkvæmd verkefnanna.

Ákveðið var að gera rannsókn undir formennsku Norðmanna á stöðu þekkingar um sálfélagslegt vinnumhverfi og áhættuþætti þess.

Verkefnastyrkir: Styrkt voru verkefni á sviði vinnuverndar með áherslu á vinnumhverfi sem eflir velferð, þátttöku á vinnumarkaði og framleiðni. Ennfremur voru eftirfarandi áherslur lagðar til grundvallar:

- 1) Þróun vinnuverndaraðgerða og eftirlits. Stuðla skal að þróun og aukinni þekkingu á virkni aðgerða í vinnumhverfismálum og á eftirliti með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum.
- 2) Mikilvægi vinnuverndar og aðgerða á vinnustað til að auðvelda endurkomu á vinnumarkað. Stuðla skal að aukinni þekkingu á því hvernig megi hindra að einstaklingar hafni utan vinnumarkaðar með því að skapa heilsueflandi vinnumhverfi þar sem allir rúmast og jafnframt stuðla að því að bæta tækifæri fólks sem, vegna fötlunar, þjóðernis, menntunar, kyns, aldurs eða sjúkdóms, hefur átt í erfiðleikum með að ná fótfestu á vinnumarkaði.
- 3) Lenging starfsævinnar. Stuðla skal að þekkingu á áhrifum vinnumhverfis á starfsævina og varpa ljósi á stefnu norrænu landanna. Vegna lýðfræðilegrar þróunar, aukinnar örorku og hvarfs af vinnumarkaði er lenging starfsævinnar mikilvægt markmið landanna í samfélags- og vinnuverndarstefnu.
- 4) Vinnuvernd, heilsa og efnahagur. Stuðla skal að því að mikilvægi vinnumhverfis fyrir framleiðni og fjárhagslega afkomu fyrirtækja verði sýnilegt.

Þrettán umsóknir bárust en samþykkt var að veita styrki til fjögurra verkefna, þ.e.:

- verkefni um stöðu þekkingar á sálfélagslegu vinnumhverfi og áhættuþætti (framhaldsverkefni)
- verkefni um eftirlit með sálfélagslegu vinnumhverfi,
- verkefni um vinnuvernd, starfsánægju og framleiðni (framhaldsverkefni),
- verkefni um vinnumhverfi sjúkrahúsa og flæði sjúklinga.

Verkefni undir íslenskri stjórn:

- Verkefni um samanburð á ákvæðum vinnuverndarlöggjafar á Norðurlöndum og framkvæmd löggjafarinnar hófst árið 2009 og lauk í ágúst 2011 með útgáfu skýrslu sem vænst er að muni nýtast í norrænni samvinnu á sviði vinnuverndarstjórnsýslu.
- Verkefni um banaslys við vinnu en verkefnið beinist að því að grafast fyrir um orsakir banaslysa. Slysir voru meðal annars flokkuð eftir kyni þeirra sem látast, aldri, starfsgrein og fleiri þáttum. Skýrsla með niðurstöðunum var gefin út.

- Haldin var ráðstefna um lengingu starfsævinnar og vinnuumhverfi í nóvember. Verulegur áhugi er á stöðu Íslands í þessum málum og var flutt íslenskt erindi um málefnið.
- Í nóvember var haldin ráðstefna á vegum nefndarinnar um markaðs- eftirlit sem NIVA skipulagði í Finnlandi. Mörg mikilvæg álitamál lúta að þessu efni en staða málsins á Íslandi var kynnt.

Verkefni með þátttöku Íslands:

- Verkefnið NOVO um samspil hagræðingar í heilbrigðisgeiranum og vinnuverndar. Haldið var tveggja daga málþing í nóvember með sérstakri áherslu á hönnun og gerð mannvirkja innan heilbrigðisgeirans og sjálfbærni.
- Út kom skýrsla um einelti á vinnustöðum, stöðu þekkingar og viðbrögð. Skýrslan svo og námskeiðshald ætti að nýtast stjórnvöldum og atvinnulífi nú þegar til stendur að endurskoða reglugerðir er lúta að málaflokknum.
- Innan vinnuverndarnefndarinnar hefur verið umræða um vinnulag og hvernig það hefur þróast. Á árinu 2012 verður unnið að tillögu um starfsáætlun til lengri tíma.

Stofnun um menntun á sviði vinnuverndar: Rekstur Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) var í jafnvægi og námskeiðshald var með hefðbundnu sniði.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Markmið fundanna er að móta stefnu um innihald og umfang námskeiða. Lögð er áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda, til þeirra sem sinna vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum og þeirra sem starfa hjá vinnueftirlitsstofnunum.

Þrettán námskeið voru haldin og voru þátttakendur alls 562 eða um 100 fleiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Tvö af þessum námskeiðum voru eins dags farandnámskeið sem haldin voru í öllum norrænu löndunum. Fyrra námskeiðið fjallaði um vinnuumhverfi þeirra sem vinna við að þjónusta aldraða en 29 einstaklingar sóttu það hér á Íslandi. Hitt fjallaði um geðheilbrigði og vinnu og hvernig hægt er að halda fólki við vinnu þrátt fyrir geðsjúkdóma og auðvelda endurkomu til vinnu. Það námskeið sóttu 63 nemendur hér á landi. Þá var haldið hér vikunámskeið um einelti.

Fyrirhugað er að halda námskeið hérlendis á vegum NIVA á árinu 2012 um vinnuumhverfi og til hvaða aðgerða er hægt að grípa til þess að auðvelda endurkomu til vinnu. Sérstök áhersla er lögð á að NIVA vinni náið með öðrum menntastofnunum á Norðurlöndum.²²

²² Sjá nánar um NIVA: www.niva.org

13. Efnahags- og ríkisfjármál

Einn fundur var haldinn í *norrænu ráðherranefndinni um efnahags- og ríkisfjármál (MR-Finans)* á árinu en erfitt er að ná að halda slíka fundi vegna álags sem fylgir störfum fjármálaráðherra. Var fundurinn haldinn í Kaupmannahöfn 1. nóvember í tengslum við þing NR. Til umræðu voru hefðbundin málefni í samskiptum fjármálaráðherra Norðurlanda en þó einkum árangursríkt samstarf í gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattaríki. Fjallað var um innleiðingu strangari eiginfjárreglna fyrir fjármálastofnanir (Basel III og CRD IV) og ákveðið að stofna nefnd embættismanna til að fjalla nánar um það efni.

Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar

Meginverkefni *norrænu embættismannanefndarinnar um efnahags- og ríkisfjármál (EK-Finans)* er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Embættismannanefndin hélt sex fundi.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum:

1) *Norræna efnahagsnefndin*

Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, og hefur hún einnig fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og efnahagsmálaráðuneytum landanna en fulltrúi Íslands er úr efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna. Á síðustu árum hefur skýrslan legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar. Haustfundur nefndarinnar var haldinn í Stokkhólmi og hafði sænska fjármálaráðuneytið yfirumsjón með gerð skýrslunnar að þessu sinni. Næsti fundur verður haldinn í Reykjavík í vor eða sumarbyrjun 2012.

2) *Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál*

Vinnuhópurinn um umhverfis- og efnahagsmál starfar á vegum embættismannanefndanna EK-Finans og EK-M. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Hópurinn hittist alla jafna tvisvar á ári. Á undanförunum árum hefur einungis verið hægt að taka mjög takmarkaðan þátt í starfi þessa hóps en hann hefur skilað fjölda skýrslna sem koma að gagni í starfi beggja ráðuneyta. Í ár var annar fundur hópsins haldinn hér á landi og tók fulltrúi ráðuneytisins þátt í honum.²³

²³ Sjá einnig um vinnuhópin á bls. 49.

- 3) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*
 Árlegur fundur hagfræðinga sem starfa að skattamálum í fjármálaráðuneytum landanna var haldinn í Stokkhólmi í maí. Tveir sóttu fundinn af Íslands hálfu. Farið var yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfi hvers lands undanfarið ár og það sem er markvert á döfinni. Í ár var einnig kynning á efnahagsþróuninni á Íslandi frá hrúni. Helstu önnur dagskrárefnin voru kynning á mikilli rannsókn á skattastefnu Svía, aðferðir við að meta tekjuáhrif skattabreytinga, skattar á orkugjafa og eldsneyti, skattlagning fjármálageirans og skattar á fyrirtæki og eigendur þeirra.
- 4) *Norræna launa- og starfsmannanefndin*
 Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (MR-SAM) og stjórnarnefnd NR í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við stofnanir NMR svo og starfsmanna á skrifstofum NR og NMR í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þau mál sem hún tekur til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988 um réttarstöðu norrænna stofnana og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu. Fjallað var um umsögn um tillögu NSK um frávik frá svonefndri átta ára reglu, nýtt launakerfi hjá NMR og hugsanlegar breytingar á lífeyriskerfi þeirra sem þar starfa, stjórnarlaun stofnananna á nýju ári og laun forstöðumanna norrænna stofnana. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Norræna hússins í Reykjavík.
- 5) *Norræn starfsmannaskipti*
 Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en NMR hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum annars staðar á Norðurlöndum. Hlutdeild Íslendinga á árinu var 212.400 danskra króna eða 12% af heildarfjárveitingunni. Hluta af fjárveitingunni var að þessu sinni heimilt að nota til gerðar kynningarefnis um starfsmannaskiptin. Gert hefur verið myndband sem sett verður á vefsíðu fjármálaráðuneytisins ásamt öðru efni sem varðar starfsmannaskiptin. Einn fundur var haldinn á árinu. Styrkþegar voru níu og hlutu þeir styrk til dvalar frá einum mánuði til fjögurra mánaða auk greiðslu ferðakostnaðar. Fjórir fóru að þessu sinni til Svíþjóðar, fjórir til Danmerkur og einn til Noregs.
- 6) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*
 Samstarfið er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Haldinn er einn fundur yfirmanna skattamála á ári og þess á milli eru m.a. send milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum.

Fulltrúi Íslands gerði grein fyrir nýlegum breytingum á íslenskum skattalögum. Meðal annars var sagt frá reglum um skattlagningu arðs og launa og sérreglum sem gilda um virðisaukaskatt og starfsemi gagnavera. Í máli fulltrúa hinna landanna kom fram að ekki virðast vera uppi þar áform um miklar breytingar á skattkerfunum en margvísleg atriði eru þó til skoðunar. Var m.a. fjallað um reglur um skattfrádrátt vegna kaupa á vinnu iðnaðarmanna við endurbætur á húsnæði. Reglur um slíkan skattfrádrátt eru nú í Finnlandi, Svíþjóð, Íslandi og Danmörku. Í Svíþjóð hefur verið til skoðunar um nokkurt skeið að lækka virðisaukaskatt á þjónustu veitingahúsa í því skyni að stuðla að auknum umsvifum og fjölgun starfa og voru þau áform kynnt. Þá var rætt um ýmis atriði sem snúa að réttaröryggi skattborgara, m.a. málsmeðferðartíma og dómsmál um tvöfalda refsingu. Einnig var fjallað um ýmis mál einstakra landa og lausnir á þeim m.a. með tilliti til reynslu hinna ríkjanna.

- 7) *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágs kattaríki*
Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum landanna auk verkefnisstjóra sem sinnir daglegum störfum. Verkefnið hófst árið 2006 en verklok eru áætluð 1. júlí 2012. Á árinu voru undirritaðir samningar við sjö lágs kattaríki. Stýrihópurinn hélt einn vinnufund auk þess sem haldnir voru samningafundir í Stokkhólmi með sendinefnd frá Barbados. Komist var að samkomulagi um gerð samninga við aðra samningsaðila með tölvupóstsamskiptum og símtölum þar sem samningsfyrirmynd norrænu landanna er lögð til grundvallar. Heildarfjöldi undirritaðra samninga er orðinn 37. Fyrir mitt ár 2012 er stefnt að því að ná samningum við þau sex til sjö ríki sem upp á vantar til þess að markmiði stýrihópsins verði náð sem er að ná samningum um upplýsingaskipti við öll skilgreind lágs kattaríki.
- 8) *Norræna skattrannsóknaráðið*
Markmið ráðsins er að stuðla að rannsóknnum í skattalögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund árlega; þá hefur einnig verið haldin ráðstefna á hverju ári en að þessu sinni fór hún fram í Danmörku í maí og fjallaði um skattlagningu óefnislegra eigna. Áformað er að næsta ráðstefna verði í Helsinki í maí 2012.
- 9) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*
Embættismenn úr fjármálaráðuneytum og frá ríkisskattstjórum landanna hittast árlega til að ræða málefni er varða Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun. Farið er yfir vandamál sem upp koma við túlkun samningsins auk ýmissa annarra atriða er varða m.a. alþjóðaskattlagningu.
- 10) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna*
Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um ýmis málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna. Enn fremur eru tiltekin mál til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er

mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og auðveldar samskipti milli fjármálaráðuneytanna. Vorfundur fjárlagastjóranna var haldinn í tengslum við árlega ráðstefnu fjárlagastjóra OECD sem fram fór í Lúxemborg í byrjun júní. Kynnt voru áform um umbætur í fjármálastýringu starfsheilda hins opinbera í Danmörku sem eru liður í að treysta betur útgjaldaramma ríkisfjármála. Einnig var farið yfir tillögur að nýrri lagasetningu þar í landi um regluverk rammafjárlaga og stýringu ríkisfjármála. Þá var til umfjöllunar hvernig staðið er að skýrslugjöf til þjóðþinga um ríkisfjármálin og einnig fjallað um aðgerðaáætlanir í ríkisfjármálum norrænu landanna. Á haustfundinum var umfjöllun um stöðu og horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum samstarfslandanna, með áherslu á áætlanir um jöfnuð í ríkisfjármálum.

11) Sérfræðihópur um norræna fjárhagsáætlanagerð

Hlutverk hópsins er að skila faglegri umsögn um tillögu MR-SAM um norræna fjárhagsáætlun, bæði tæknilegri og efnislegri. Hópurinn fjallar einnig um afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta landanna sitja starfsmenn frá skrifstofu NMR fundi. Árlegur fundur var haldinn í júní en þá var tillaga NMR um fjárhagsáætlun kynnt. Að þessu sinni gerði sérfræðihópurinn engar athugasemdir við fjárhagsætlunina.

12) *Norræna embættisnefndin fyrir Ísland*

Á fundi MR-Finans í Helsinki í október 2008 var ákveðið að stofna nefnd með embættismönnum og fulltrúum seðlabanka einstakra ríkja til þess að hafa umsjón með og samræma aðgerðir Norðurlandþjóða til að aðstoða Ísland. Nefndin hefur annast ýmis samræmingarverkefni vegna lánveitinga þjóðanna til Íslands.

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) var stofnaður árið 1975 með það að markmiði að bankinn aflaði lánsfjármagns á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og veitti því til mikilvægra fjárfestingarverkefna á Norðurlöndum og styddi þannig við efnahagsþróun þeirra. Eistland, Lettland og Litháen gerðust aðilar að bankanum árið 2005 og eru aðildarlöndin því átta talsins. Málefni NIB heyra undir MR-Finans. Hvert aðildarland skipar einn stjórnarmann og einn til vara. Þá skipar hvert land einn mann í endurskoðunarnefnd bankans. Á árinu voru haldnir átta stjórnarfundir hjá NIB og sóttu fulltrúar Íslands alla fundina. Megin viðfangsefni stjórnar tengjast hefðbundnum stjórnarstörfum svo sem frágangi áætlana um rekstur og fjárhag bankans og eftirliti með framgangi þeirra innan ársins. Þá eru allar stærri lánveitingar bankans háðar samþykki stjórnar. Málefni Íslands sem tengdust falli íslenska fjármálakerfisins hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn bankans en bankinn varð fyrir verulegu tapi á árinu 2008 vegna fallsins. Meðal annars vegna þessa hélt NIB að sér höndum um lánveitingar til Íslands um tíma en jákvæð breyting hefur nú orðið

á þeirri afstöðu. Til merkis þar um veitti bankinn lán til Landsvirkjunar vegna byggingar Búðarhálsvirkjunar á árinu.

Fulltrúar eigenda, sem eru fjármálaráðherrar landanna, hittast árlega til að fara yfir málefni bankans. Ísland gegnir nú formennsku í þeim hópi og mun næsti eigendafundur því verða á Íslandi.²⁴

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra

1) Eyrstrasaltsnefndin

Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eyrstrasaltsríkin miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánú samstarfi við fulltrúa NIB, Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

2) Norræn-baltnesku ráðgjafanefndirnar

Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, norræn-baltneska fjármálanefndin, er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, norræn-baltneska fulltrúanefndin, er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum AGS. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð embættismönnum frá Norðurlöndum og Eyrstrasaltsríkjunum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu norrænu landanna og Eyrstrasaltsríkjanna til mála sem koma fyrir stjórn AGS og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi AGS og fundi í fjárhagsnefnd AGS (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norræn-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

3) Ritnefnd „Nordic Economic Policy Review“

Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hefur tekið þátt í störfum ritnefndar „Nordic Economic Policy Review“, tímarits sem gefið er út á vegum MR-Finans. Tvö tölublöð hafa verið gefin út og undirbúningur vegna útgáfu þriðja bindis ritsins er langt kominn. Verið er að leggja drög að fjórða bindi sem mun fjalla um hagfræði menntunar.

²⁴ Sjá nánar um Norræna fjárfestingabankann á bls. 76.

Norrænir fjármálaráðherrar hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana eins og fyrir fundi AGS. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínur eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu (CBSS) ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

14. Samstarf á sviði löggjafar, flóttamanna og björgunarmála

Samstarf um löggjafarmál

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmál byggir á Helsingfors-samningnum, samstarfsáætlun og formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast árlega. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Þá skipar EK-Lov eftir þörfum vinnuhópa til að fjalla um einstök réttarsvið eða álitæfni.

MR-Lov starfar samkvæmt endurnýjaðri samstarfsáætlun frá árinu 2011. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggist á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufæri á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Mikil áhersla er lögð á að ná samræmi í löggjöf við innleiðingu á löggjöf ESB og EES. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þá skuli í lagafrumvörpum, þegar það á við, gerð grein fyrir samsvarandi löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu.

Þá var á árinu starfað samkvæmt formennskuáætlun Finnlands. Helstu áhersluatriði er varðar lagasamstarfið voru réttarríkið og málsmeðferðartími fyrir dómstólum, áhrif löggjafar ESB á norrænt samstarf og stuðningur við hagkvæma samvinnu.

Árlegur fundur MR-Lov var haldinn 21. júní í Finnlandi. Meðal umræðuefna á fundinum var norrænt samstarf í baráttunni gegn skipulagðri

glæpastarfsemi, önnur úrræði en gæsluvarðhald þegar um væri að ræða erlenda glæpamenn og norrænn erfðaréttur.

Þá voru áherslumál að venju rædd í starfshópum sem ekki eru hluti af formlegu norrænu samstarfi, svo sem sérfræðingahópi um sifjarétt.

Einnig var að störfum vinnuhópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir annað hvert ár. Ekki var haldinn fundur á árinu. Í áðurnefndri samstarfsáætlun MR-Lov kemur fram að samstarfið byggist á mikilvægi náins samstarfs á svæðinu innan ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

Þá er einnig öflugt norrænt samstarf milli stjórnsýslustofnana dómstólanna, ríkissaksóknaraembættanna, ríkislögreglustjóranna o.fl.

Málefni flóttamanna

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin fundar tvisvar á ári og er annar fundurinn jafnan í tengslum við árlegan júní-fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfraeðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og innflutning á starfsmönnum. Á vegum EK-Lov starfa nokkrir vinnuhópar sem koma saman eftir þörfum og gera nefndinni grein fyrir vinnu sinni, sem felst aðallega í samráði og upplýsingaskiptum. Vinnuhóparnir sem starfað hafa að undanförunu fjalla um búsetu flóttamanna, brottvísanir og endursendingar, innflutning á starfsmönnum og þróun útlendingamála í ESB. Á árinu var fundur hér á landi í vinnuhópi um brottvísanir og endursendingar. Fyrri fundur samráðsnefndarinnar var haldinn í tengslum við fund norrænna ráðherra sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna 15. júní í Stokkhólmi. Meðal annars var þar rætt um málefni Rómafólks og réttinn til frjálssrar farar innan EES.

Björgunarsamstarf

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammisamningi um björgunarþjónustu milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf það í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Haldnir voru tveir fundir og ein björgunaræfing.²⁵

15. Grannsvæðasamstarf

Samstarf NMR við nágretta Norðurlanda í vestri

Áhrif loftslagsbreytinga gera það að verkum að samstarf Norðurlanda við nágretta í vestri verður æ mikilvægara. Í norrænu samstarfi hafa Íslendingar ávallt verið hvatamenn þess að NMR beindi sjónum sínum ekki bara til suð-austurs og austurs heldur einnig til vesturs í leit að samstarfsaðilum en aldrei fengið hljómgrunn fyrir þau sjónarmið fyrr en á síðustu árum. Á formennskuári Íslands 2009 voru kannaðir möguleikar á samstarfi við hagsmunaaðila í austurfylkjum Kanada um nýsköpun og rannsóknir, einkum á áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins. Niðurstaðan reyndist mjög jákvæð og var í framhaldinu ráðist í að móta leiðbeinandi reglur um samstarf fagráðherranefnda og norrænna stofnana við hagsmunaaðila á grannsvæðum Norðurlanda í vestri. Þær voru samþykktar af MR-SAM í febrúar 2011 og lagðar fram á þingi NR í Kaupmannahöfn. Þær munu gilda á tímabilinu 2012–2016. Samstarf NMR við aðila í vestri er enn á mótunarstigi en á norrænni fjárhagsáætlun 2010 var í fyrsta sinn sérstakur liður sem var ætlaður til samstarfsverkefna af þessu tagi. Ekki er um miklar fjárhæðir að ræða en um 2,6 milljónir danskra króna (rúmlega 55 milljónir íslenskra króna) voru til ráðstöfunar 2011.

Þess má geta að á vegum Nordic Innovation taka nú fimm kanadískir samstarfsaðilar þátt í fjórum norrænum verkefnum á sviði nýsköpunar í sjávarútvegi. Mikill áhugi mun vera hjá kanadískum samstarfsaðilum á að taka þátt í frekari nýsköpunarverkefnum á þessu sviði og komið hafa fram óskir af þeirra hálfu um nánara samstarf við Nordic Innovation í framtíðarverkefnum. Annað mikilvægt samstarfsverkefni sem nú er í undirbúningi er norræna sviðslistahátíðin í Kennedy Center sem verður haldin í febrúar/mars 2013. Kennedy Center mun standa fyrir helmingi fjármögnunar og áformað er

²⁵ Sjá nánar um NORDRED á www.nordred.org

að norrænu löndin, ásamt NMR og norrænum sjóðum, standi fyrir hinum helmingnum.²⁶

Norðurslóðasamstarf NMR

Á árinu var gengið frá nýrri áætlun um samstarfið á norðurslóðum sem nær yfir tímabilið 2012–2014. Hún var samþykkt á fundi MR-SAM í byrjun september og mælti samstarfsráðherra fyrir ráðherranefndartillögu um hana á þingi NR. Málafni norðurslóða hafa verið á dagskrá ráðherranefndarinnar frá því 1996 en sérstök áætlun um norrænt norðurslóðasamstarf tók í fyrsta sinn gildi 2001. Í upphafi var þessi málaflokkur ekki ofarlega á hinni pólitísku dagskrá en starfinu hefur vaxið fiskur um hrygg í takt við aukinn pólitískan áhuga alþjóðasamfélagsins á málafnum norðurskautsins. Norræn framlög til þessa málaflokks hafa fimmfaldast frá 1996 en árið 2011 var rúmlega 9,7 milljónum danskra króna varið til hans. Í nýju áætluninni er meginmarkmiðið að tryggja velferð og framtíðarmöguleika þess fólks sem byggir norðurslóðir – áætlunin byggir á breiðum grunni þar sem fjögur þemu eru í forgrunni:

- Íbúar norðurslóða, lífsskilyrði þeirra, heilsufar og samfélagslegar áskoranir.
- Umhverfi norðurslóða, náttúra og loftslagsmál.
- Sjálfbær atvinnuþróun og mótun græns efnahags á norðurslóðum.
- Menntun og hæfnisuppygging íbúanna á norðurslóðum.

Áætlunin byggir á reynslunni af fyrri áætlunum. Hún tekur einnig mið af norðurslóðastefnum landanna en þau hafa nú öll mótað sér sína stefnu í þessum málaflokki. Hún tekur líka mið af þeim niðurstöðum sem skýrslan „Megatrends in the Arctic” skilaði en þar var leitast við að spá fyrir um þróunina á norðurslóðum á næstu áratugum. Megatrends-skýrslan var framlag ráðherranefndarinnar til ráðherrafundar AC sem haldinn var í Nuuk í maí 2011.

Norðurskautsáætlun NMR hefur alltaf verið nátengd starfsemi AC. Fulltrúar Norðurlanda í ráðinu sitja þannig í sérfræðinganefnd NMR sem metur allar umsóknir um verkefnafe úr áætluninni og mörg verkefna AC hafa í gegnum árin notið styrkja frá áætluninni. Einnig má minna á að NMR er með áheyrnarfulltrúa í AC.

Aðkoma NMR að Eyrstrasaltsáætlun ESB og Norðlægu víddinni

Samstarfið við ESB hefur tekið framförum á undanförunum árum, m.a. að því er varðar stuðning við lýðræðisöflin í Hvíta-Rússlandi,²⁷ Norðlægu víddina og Eyrstrasaltsáætlun ESB. NMR tekur virkan þátt í að framkvæma áætlun ESB um velmegun, samkeppnishæfni og samkennd á Eyrstrasaltssvæðinu (EU Strategy for the Baltic Sea Region). NMR stendur að nokkrum stórum verkefnum sem eru hluti af áætluninni, m.a. um afnám stjórnsýslulegra

²⁶ Sjá nánar um listahátíðina í Kennedy Center á bls. 16.

²⁷ Sjá nánar um verkefni tengd Hvíta-Rússlandi á bls. 66.

landamærahindrana og innri markaði, rannsóknir og nýsköpun, landbúnað, skógrækt og sjávarútveg (erfðaefnisrannsóknir), orkumál (raforkumarkaðinn), menningu, viðbragðsáætlun á heilbrigðissviði og baráttu gegn eyðni, mansali og félagslegri útskúfun. Þá tekur NMR þátt í mótun verkefnis um fimmta frelsið sem á að gera nemum, kennurum og vísindamönnum á svæðinu kleift að starfa óháð landamærum. Einstök verkefni áætlunarinnar eru fjármögnuð með framlögum úr sjóðum ESB en viðkomandi fagráðherranefndir taka ákvarðanir fyrir sitt leyti um fjárframlög til verkefnanna.

Líkt og önnur fjölbjóðleg svæðasamtök í Norður-Evrópu er NMR þátttakandi í Norðlægu víddinni og er aðili að þremur af þeim fjórum samstarfsverkefnum (partnerships) sem starfrækt eru innan vébanda þess. Á menningarsviðinu er það Northern Dimension Partnership on Culture (NDPC) en þess má geta að NMR sér um skrifstofuhald vegna NDPC, á heilbrigðissviði Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being (NDPHS) og á sviði umhverfismála Northern Dimension Environmental Partnership (NDEP). NMR er enn ekki aðili að fjórða verkefninu um samgöngur og flutninga, Northern Dimension Partnership on Transport and Logistics (NDPTL).

Samstarf við Eistland, Lettland og Litháen

Samstarf fagsviða og stofnana NMR við Eistland, Lettland og Litháen fer eftir leiðbeinandi samstarfsreglum sem ná yfir tímabilið 2009–2013. Tilgangur samstarfsins er að skapa norræn-baltneskan virðisauka með því að styrkja Eystrasaltssvæðið sem heild og auka aðdráttarafl þess fyrir íbúana, fyrirtæki, fjárfesta og atvinnulífið. Þá styður samstarfið einnig við tvíhliða samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin þrjú sem og við Eystrasaltsáætlun ESB og Norðlægu víddina. Ráðherranefndin hefur frá árinu 1991 rekið sendiskrifstofur í Tallinn, Vilníus og Ríga en þær eru mikilvægur bakhjarl og stuðningur við ýmsa þætti samstarfsins, svo sem mannaskiptaáætlanir, samstarf frjálsra félagasamtaka, samstarf norrænna og baltneskra stofnana og samstarf um framkvæmd ýmissa verkefna innan Norðlægu víddarinnar. Flestar fagráðherranefndir eiga í samstarfi við fagaðila á svæðinu og bæði ráðherrar og embættismenn halda reglulega fundi og eiga með sér verkefnasamstarf sem er fjármagnað af báðum aðilum.

Verkefni tengd Hvíta-Rússlandi

Eitt mikilvægasta samstarfsverkefni NMR og ESB snýr að Hvíta-Rússlandi og felst í stuðningi við Evrópska háskólann í húmanískum fræðum (EHU), hvítúrússneskan háskóla sem var hrakinn frá heimalandinu árið 2004 en hefur frá 2005 verið starfræktur í Vilníus. Um 2000 hvítúrússneskir námsmenn stunda þar nám. Verkefnið um EHU er að miklu leyti kostað af ESB og NMR en fjölmargir aðrir styrktaraðilar, ríki og öflugir sjóðir, koma að fjármögnun skólans. Auk þess að taka þátt í fjármögnun er NMR fjárhagslegur tengiliður

milli EHU og styrktaraðilanna. Sérstakur styrktarsjóður EHU (Trust Fund) var stofnaður árið 2008 til þess að annast fjáröflun og tengsl við styrktaraðila. Sjóðurinn er með aðsetur á skrifstofu NMR í Kaupmannahöfn. Frá 2006 hefur NMR einnig séð um að starfrækja námsstyrkjasjóði fyrir námsmenn við EHU. Til lengri tíma litið er takmarkið að háskólinn verði fjárhagslega sjálfbær og geti snúið aftur til heimahaganna en þróun stjórn málaástandsins í Hvíta-Rússlandi gefur ekki til kynna að af því geti orðið í bráð.

Nýjasta samstarfsverkefni NMR og ESB sem tengist Hvíta-Rússlandi er styrktarsjóður sem stofnaður var í kjölfar forsetakosninga í landinu í desember 2010. Sjóðurinn sem ber heitið Civil Society Stability for Belarus (CSSB) styrkir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem lentu í útistöðum við stjórnvöld í tengslum við kosningarnar, hann styrkir einnig fjölmiðla í landinu sem og alþjóðlega upplýsingamiðlun um félagslegt og pólitískt ástand í Hvíta-Rússlandi. Skrifstofa NMR í Vilníus er miðstöð framangreindra verkefna.

Í ljósi vaxandi umsvifa NMR gagnvart Hvíta-Rússlandi samþykktu samstarfsráðherrarnir leiðbeinandi reglur þar um sem gilda fyrir tímabilið 2011–2012.

Samstarf við Norðvestur-Rússland

Samstarf NMR við Norðvestur-Rússland hefur staðið frá árinu 1995. Það tekur nú mið af leiðbeinandi samstarfsreglum sem gilda fyrir tímabilið 2009–2013. Samstarf fer fram á þeim sviðum og um þau málefni þar sem hagsmunir beggja aðila fara saman. Lögð er áhersla á samstarf um baráttu gegn spillingu og stuðning við frjáls félagasamtök, auk þess sem mikil áhersla er lögð á baráttu gegn mansali og að hefta útbreiðslu alnæmis en að þeim verkefnum er unnið innan ramma Norðlægu víddarinnar og CBSS. Mannaskiptaáætlun ráðherranefndarinnar um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta skiptir miklu máli fyrir starfsemi hennar í Norðvestur-Rússlandi. Einnig vegur áætlun ESB um Eystrasaltssvæðið þungt sem og NDPC sem er samstarfsverkefni milli ESB, Rússlands, Íslands og Noregs um menningu og skapandi greinar sem atvinnugrein.

NMR starfrækir nú skrifstofur í Pétursborg og Kalínígrad og er auk þess með upplýsingamiðlun í Petrozavodsk, Arkhangelsk og Múrmansk. Skrifstofurnar skipta miklu fyrir samstarfsverkefni ráðherranefnda og stofnana við aðila í Norðvestur-Rússlandi, sem og mannaskiptaáætlanir og þau verkefni önnur sem starfrækt eru á vegum NMR.

Úttekt á grannsvæðasamstarfi NMR

Viðmiðunarreglur ráðherranefndarinnar um samstarfið við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland voru teknar til endurmats á árinu en í reglunum segir að það skuli gert á miðju gildistímabili þeirra. Niðurstöður voru kynntar á fundum NSK og MR-SAM í byrjun september þar sem fram fór fyrsta

umræða um þær. Að mati ráðgjafarfyrtækisins sem sá um úttektina á reglunum þjóna þær ágætlega tilgangi sínum og setja nauðsynlegan ramma utan um samstarfið en þær gilda út árið 2013. Í úttektinni var ekki lagt upp með það að leggja mat á rekstur skrifstofanna í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi heldur snýr hún að reglunum eingöngu – allt að einu kom þó fram það mat að norrænum fjármunum væri vel varið með rekstri skrifstofanna og að ráðherranefndin næði vel markmiðum sínum með þeirri starfsemi sem þar færi fram. Grannsvæðasamstarfið tekur sem fyrr segir til sín um 10% af norrænu fjárhagsáætluninni. Undir árslok var tekin ákvörðun um að gera úttekt á grannsvæðasamstarfinu sem lögð verður fyrir samstarfsráðherrana í lok árs 2012. Með því móti gefst nægur tími til að taka ákvörðun um fyrirkomulag samstarfsins eftir 2013 en raddir eru uppi um að þörf sé á breytingum.

Samstarf við önnur svæðisbundin ráð og stofnanir

NMR heldur árlega samráðsfundi með öðrum svæðisbundnum ráðum sem eru með norðanverða Evrópu og norðurslóðir sem starfsvettvang sinn, það er CBSS, Barentsráðinu (BEAC) og AC. Tilgangurinn er að bera saman bækur og koma í veg fyrir tvíverknað. NMR starfar einnig með þessum ráðum að tilteknum verkefnum. NEFCO og NIB styðja t.d. verkefni HELCOM innan ramma Baltic Sea Action Plan. NMR starfar enn fremur með öðrum fjölþjóðlegum samtökum á svæðinu, svo sem HELCOM og Baltic Development Forum (BDF).

16. Norrænar stofnanir á Íslandi

Norræna húsið

Barnamenning

Margar sýningar eftir og fyrir börn voru haldnar í Norræna húsinu, meðal annarra má nefna *Það sem ég finn í því sem ég fann*, verk eftir leikskólabörn á Laufásborg á aldrinum þriggja til fimm ára. Verkin voru unnin úr tré, rusli, textíl og gifsi, sumt fundu börnin sjálf og annað var leikskólanum gefið.

Leikskólarnir í Vesturbænum ákváðu að leyfa börnum sem fædd eru árið 2007 að sýna hvað í þeim býr. Úr því urðu mörg ólík listaverk enda tóku níu leikskólar og um 200 börn þátt í *Skapandi Snillingar 2007*. Aðrar sýningar ætlaðar börnum voru *Hávamál*, *Manna* og *Víðátta og Rjóður*.

Boðið var upp á *sögustundir* fyrir sænsku-, norsku-, dönsku- og finnskumælandi börn og foreldra þeirra einu sinni í mánuði fyrir hvert tungumál.

Febrúar ár hvert er haldin *sænsk/norsk kvikmyndavika* í samvinnu við norsku- og sænskukennara við grunnskólana.

Barnadjasstónleikar á vegum Jazzhátíðar í Reykjavík voru haldnir í ágúst.

Orri Huginn Ágústsson leikari og söngvari kynnti leikreglur djassleiks fyrir þá allra yngstu. *Tónlist fyrir alla, skólatónleikar á Íslandi* voru haldnir í október en um það bil 140 börn tóku þátt.

Tónleikar

15:15-tónleikarnir eru orðnir að föstum viðburði. Haldnir voru fimm tónleikar með nokkrum af vinsælustu tónlistarmönnum Íslands ásamt erlendum gestum frá m.a. Færeyjum. *Klassík í Vatnsmyrinni* er tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna (FÍT) í samvinnu við Norræna húsið með áherslu á norrænt og alþjóðlegt samstarf. Markmiðið með tónleikaröðinni er að gefa áheyrendum tækifæri til að hlýða á innlenda og erlenda listamenn með áherslu á einleikarann annars vegar og kammertónlist hins vegar. Haldnir voru fernir tónleikar með erlendum einleikurum í samvinnu við norska einleikarafélagið, ítalska tónleikahaldara og með íslensku listafólki úr röðum félagsmanna FÍT. *Wagnerfélagið* hélt tónleika og sýndi upptökur á tónlist Wagners.

Átta tónleikar á vegum *Jazzhátíðar Reykjavíkur* voru haldnir með íslenskum, sænskum og dönskum tónlistarmönnum. *Múlinn jazzklúbbur* er samstarfsverkefni með Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Jazzvakningu en klúbburinn ber nafn Jóns Múla Árnasonar sem var heiðursfélagi og verndari Múlans. Alls voru haldnir fjórtán tónleikar.

Norræna húsið og *Airwaves* hafa frá 2007 í sameiningu boðið upp á dagskrá í húsinu. Í ár var eingöngu boðið upp á norræn tónlistaratriði en alls komu sautján hljómsveitir fram, þar á meðal voru Guðrið Hansen frá Færeyjum, 22 Pistoprikko frá Finnlandi og Jenny Hval frá Noregi. Tónlistarhátíðin *Reykjavík Music Mess* var haldin í fyrsta sinn í ár og viðamikil dagskrá var í húsinu í tvo daga meðan á hátíðinni stóð. Meðal þeirra sem fram komu voru Nive Nilsen frá Grænlandi og Fossils frá Danmörku.

Af öðrum tónlistarviðburðum má nefna tónleika með færeysku hljómsveitinni Orka, dönsku jazzsöngkonunni Cathrine Legardh og íslenska saxófónleikaranum Sigurði Flosasyni, ásamt Papii, slagverkshljómsveit sex grænleikarmanna sem skapar hefðbundna grænleikahljómsveitir í bland við nútímalegri takta.

Sýningar

Alls voru 27 sýningar í húsinu í ár, sýndur voru frá Norðurlöndum, Frakklandi, Rúmeníu og Litháen.

Sýningin *Manna* frá Resilience Center við háskólann í Stokkhólmi var ein best sótt sýningin á árinu en hún birtir vistfræðilegan veruleika vors daglega brauðs og fjallar um sambandið milli fæðu og umhverfis og hvernig við vanmetum áhrif okkar á náttúruna. Málefnið var sett fram á myndrænan hátt með hómor og jákvæðni að leiðarljósi.

Sýningin *I Vesterveg* var afrakstur samvinnu listamanna frá Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandseyjum og Noregi en íslenska myndlistarkonan Málfríður Aðalsteinsdóttir var stjórnandi og upphafsmaður að verkefninu.

Sýningin *List án landamæra* er orðin fastur liður. Að þessu sinni voru sýnd *Íslensk eldfjöll með augum finnsks listafólks*. Eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 birtist Finnum sem hættulegt ástand en einnig ákaflega fallegt. Nemendur og leiðbeinendur í skólanum Kiipula í Turenki í Finnlandi söfnuðu myndum og fréttum af gosinu og unnu út frá þeim röð málverka sem sýnd voru.

Sýningin *Viðátta og rjóður* var unnin upp úr syrpu listabúða sem haldnar voru þrjú sumur í þremur norrænum löndum fyrir ungmenni úr þremur norrænum lista- og byggingarlistaskólum. Viðfangsefnið var náttúra, landslag og manngert umhverfi byggingarlistar. Sýningin gaf innsýn í verkefni sem þar voru unnin auk þess sem gestum var boðið að spreyta sig á völdum verkefnum í opinni smíðju í landslaginu umhverfis Norræna húsið. Guja Dögg Hauksdóttir sýningarstjóri leiddi þátttakendur í gegnum sýninguna.

Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar

Fyrirlestrasyrpan *Ný norræn byggingarlist* miðaðist við að höfða til áhugamanna um vandaða byggingarlist og áhersla var lögð á að nálgast viðfangsefnið frá ýmsum sjónarhornum.

Friðlandið í Vatnsmýrinni er í miðri borg. Efnt var til málþings um tækifærin sem felast í friðlandinu og möguleikum til endurbóta. Til máls tóku m.a. Erik Jeppesen prófessor við Árórsarháskóla og Natalie Jeremijenko prófessor við háskólann í New York. Skipaður var sérfræðihópur með það að markmiði að blása lífi í friðlandið og hefur verkefnið hlotið fjölda styrkja m.a. frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar og Auðlind.

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember var íslensk-skandinavíska veforðabókin *ISLEX* opnuð í Norræna húsinu. Þar tóku til máls Guðrún Kvaran, Þórdís Úlfarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Nina Martola, Bodil Aurstad, Eiríkur Rögnvaldsson og Ann Sandelin.²⁸

Í samvinnu við alþjóðamálastofu HÍ var flutt fyrirlestraröð en meðal fyrirlesara voru fyrrverandi sendiherra Finnlands Annti Kuosmanen og utanríkisráðherra Palestínu Dr. Riyad al-Maliki.

Ýmsir viðburðir

Á þrjátíandnum steig á stökk landsþekkt tónlistarfólk og áhugafólk, m.a. Björk, Ólafur Stefánsson og Ómar Ragnarsson, sem fluttu orkumikinn óð til náttúrunnar. Allir voru hvattir til að taka þátt og syngja sitt uppáhaldslag í stærsta *karaókí* Íslandssögunnar.

²⁸ Sjá nánar um ISLEX á bls. 30.

Þemað á *Safnanótt* var að þessu sinni *Íslendingurinn*. Framlag hússins var *Nýir Íslendingar*. Með fimm myndvörpum fengu Íslendingar að sjá sig með augum nýrra landsmanna sem eiga rætur að rekja til Póllands. Einnig voru haldnir tónleikar með hljómsveitinni Miklagarði.

Vatnsmýrarhátíðin fjallaði um börn og barnamenningu, vísindi og leik. Í ár var áherslan á samstarfið við List án landamæra en sýnt var verkið Blómabreiða eftir handverkstæðið Ásgarð. Friðlandið í Vatnsmýrinni var kynnt í fyrirlestri sem nemendur við Landbúnaðarháskólann fluttu en þau hafa unnið meistaraverkefni um friðlandið.

Sail Húsavík – Norræn strandmenningarhátíð var haldin í júlí. Að hátíðinni stóðu auk Norræna hússins grasrótarsamtök á Norðurlöndum og heimamenn en þátttakendur voru víðsvegar að af Norðurlöndum. Nokkrir tugir skipa komu á hátíðina bæði frá Íslandi og í skandinavískri samsiglingu frá Noregi með viðkomu í Hjaltlandseyjum og Færeyjum. Var þetta fyrst og fremst fjölskylduhátíð en viðburðir voru í formi fyrirlestra, sýninga, tónleika, leiklistar og dans. Markmið hátíðarinnar var að stuðla að eflingu strandmenningar hér á landi en boðið var upp á viðburði sem styðja við frekari uppbyggingu, atvinnuþróun og rannsóknir á því sviði. Á hátíðinni var einnig málþing um strandmenningu með þátttöku sérfræðinga frá Norðurlöndum. Yfir 15.000 manns sóttu hátíðina þá átta daga sem hún stóð yfir.

Á *Menningarnótt* voru haldnir tónleikar með píanóleikaranum Luke Howard frá Ástralíu og bassaleikaranum Janos Bruneel frá Belgíu. Auk þess voru djasstónleikar fyrir þá allra yngstu. Í anddyrinu var Charlie Strand með sýninguna „Unseen“, sem var safn af áður óbirtum ljósmyndum.

Bókmenntahátíð í Reykjavík var haldin í fyrsta skipti árið 1985. Thor Vilhjálmsson rithöfundur, Einar Bragi skáld og Knut Ødegård, þáverandi forstöðumaður Norræna hússins, stofnuðu til hátíðarinnar og varð hún fljótt einn af helstu viðburðum íslenska bókmenntasamfélagsins. Helstu viðburðir í ár voru í Norræna húsinu og Iðnó. Á bókmenntahátíðina koma innlendir og erlendir rithöfundar, kynna verk sín og ræða um líf sitt og störf en í ár tóku m.a. þátt Herta Müller, Nawal El Saadawi og Sara Stridsberg. Þemað í ár var *norrænn sagnaarfur, lifandi samtímabókmenntir* og var m.a. blásið til Íslendingasagnabings á hátíðinni. Hátíðin var tileinkuð minningu Thors Vilhjálmssonar en hann lést á árinu.

Norræni tískutvíaeringurinn *Nordic Fashion Biennale* var haldinn í Seattle 30. september–13. nóvember. Tískutvíaeringurinn (NFB) var fyrst haldinn að frumkvæði Norræna hússins í Reykjavík 2009. Sextíu hönnuðir og listamenn tóku þátt og fékk viðburðurinn mikla umfjöllun hér heima og erlendis. Í ár var hann í safninu Nordic Heritage Museum í Seattle sem er meðframleiðandi. Safnið miðlar norrænum menningararfi en það er staðsett í Ballard-hverfinu í Seattle sem var byggt upp af norrænum landnemunum á nítjándu öld. Sýnd var norræn tísku- og skartgripahönnun með áherslu á Færeyjar, Ísland og Grænland. Sýningarhluti NFB hlaut nafnið *Looking back to find our future* en

sýningarstjóri og listrænn stjórnandi var Hrafnhildur Arnardóttir. Einnig var haldið tveggja daga málþing um sjálfbærni í hönnun.

Húsið er sem fyrr einn af aðalstyrktaraðilum *RIFF (Reykjavík International Film Festival)*. Sýndar voru kvikmyndir frá hádegi til miðnættis alla hátíðina, aðallega náttúrumyndir, mannréttindamyndir, matarmyndir, menningarmyndir og barna- og unglingamyndir. Í tengslum við RIFF var sýning eftir rúmenska ljósmyndarann Alex Galmeanu en hann þykir einn af hæfileikaríkustu ljósmyndurum Rúmeníu.

Sjöunda *alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils* var haldin í október. Íslenskir og erlendir þátttakendur lásu upp og tóku þátt í pallborðsumræðum.

Völuspá – A Nordic Food Expedition var samstarfsverkefni með leikhúsinu République í Kaupmannahöfn og veitingahúsinu Dill og byggði á textum Völuspár og norrænni matarmenningu. Sýningin var ferðalag um heima skilningarvitanna þar sem mörkin milli hefðbundinnar leiksýningar og máltíðar voru könnuð og þeim ögrað. Sýningin var sett upp sem ferðalag um byggingu Alvars Aaltos og nánasta umhverfi hennar, hvert rými fyrir sig táknaði hluta textans og réttir sýningarinnar drógu þá merkingu fram. Danski matreiðslumeistarinn Mette Sia Martinussen, sem rekur Madeleines Madteater í Kaupmannahöfn, og matreiðslumeistari Dill, Gunnar Karl Gíslason, skipu- lögðu réttina.

Í *jóladagatali* hússins voru á hverjum degi frá 1. desember og fram til jóla nýir gluggar opnaðir á dagatalinu og skemmtiatriði flutt í salnum. Boðið var upp á hádegisdagskrá á aðventunni en í ár tóku m.a. þátt Guðrið Hansdóttir frá Færeyjum, norskur danshópur og Magga Stína frá Íslandi. Ingibjörg Birgisdóttir hannaði jóladagatalið.

Í ár var í fyrsta sinn boðið upp á *leiðsögn með hinum heimsfræga arkitekt Alvar Aalto*, sem hannaði húsið. Gestirnir fengu leiðsögn um húsið, sögu þess og hönnun og voru fræddir um arkitektinn.

Bókasafn

Hlutverk bókasafnsins er að kynna norrænar samtímabókmenntir, verk klassískra norrænna höfunda og norræna menningu fyrir börnum og fullorðnum.

Á bókasafnadeginum í apríl var opnað fyrir aðgang að *rafrænum bókum og hljóðbókum á sænsku* í gegnum heimasíðu safnsins. Lánþegar bókasafnsins munu geta hlaðið niður rafbókum á rafbókalesara og hlustað á hljóðbækur á sænsku í gegnum netið. Þetta er mikil aukning við bókakost safnsins og viðbót við almenna bókasafnsþjónustu og fylgir eftir þróun sem bókasöfn búa sig undir að ganga í gegnum. Með þessu er ætlað að koma til móts við fjölbreyttan notendahóp, notendur á landsbyggðinni og þá sem eiga ekki heimangengt. Bókasafnið býður áfram hin hefðbundnu útlán bóka, hljóðbóka og tímarita ásamt norrænum DVD-myndum og grafíkmyndlist. Í rafræna bókasafninu eru

3000 rafrænar bækur, skáldsögur og fræðirit. Árni Matthíasson blaðamaður og Hrafnhildur Hreinsdóttir formaður félags bókasafns- og upplýsingafræða, ræddu um notkun rafræna bókanna og framtíðarsýn bókasafna hvað varðar rafræna bækur.

Á rithöfundakvöldum í apríl, maí og júní voru rithöfundar frá Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Grænlandi og Færeyjum, m.a. hin norska Beate Grimsrud og Eva Gabrielsson, ekkja sænska metsöluhöfundarins Stiegs Larsson, en einnig íslenskir höfundar. Verk sumra höfundanna hafa verið þýdd á íslensku en önnur má nálgast á bókasafninu.

Í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag var boðið til rithöfundakvölds í nóvember. Gestur kvöldsins var Herman Lindqvist, sænskur metsöluhöfundur sögulegra bóka um kóngafólk og þekktar persónur úr mannkynssögunni.

Norræna bókasafnsvikan var haldin í fimmtánda sinn í nóvember en þema hennar var „Húmor í norðri“. Í samstarfi við Nordklúbbinn, ungmennafélag Norræna félagsins í Reykjavík, var m.a. boðið upp á uppstand með Zinat Pirzadeh frá Svíþjóð, hláturjoga með Ástu Valdimarsdóttur og bíósýningu á sænsku myndinni „Rokkað í Vittula“.

Á veturna er tekið á móti skólahópum úr grunnskólum og framhaldsskólum. Húsið, norræn menning og bókmenntir eru kynnt. Alls var tekið á móti 650 nemendum. Auk þess tók bókasafnið á móti nemendahópum frá HÍ sem stunda nám í íslensku, bókmenntum og bókasafnsfræði.

Lögð er áhersla á að starfsfólk sæki endurmenntun en fulltrúar frá safninu sóttu m.a. fræðslufundi og námskeið á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð.

Ný norræn matargerð

Verkefnið „Ný norræn matargerð“ (NNM) tengir saman matarmenningu Norðurlanda og sjálfbæra þróun og kemur að matarborðinu með aukna meðvitund um hvað sé norrænt. Norræna húsið á fulltrúa í vinnuhópi NMR um áætlun nýrrar norrænnar matargerðar.

Í mars var haldin ráðstefnan *Kulturforum om nordisk madkultur*. Haldnir voru fyrirlestrar og vinnufundir og fram fóru umræður um matarmenningu. Þátttakendur voru hvaðanæva af Norðurlöndum, m.a. Richard Tällström frá Svíþjóð og Edda Lyberth frá Grænlandi. Þátttakendum bauðst einnig matarupplifun undir yfirskriftinni „Mixology“ sem þrír hönnunarnemar frá Konstfack í Stókkhólmi stóðu að.

Í sambandi við „Sail Húsavík“ í júlí voru skipulagðir fleiri viðburðir um nýja norræna matargerð. Þar á meðal má nefna markað þar sem matarframleiðendur og hönnuðir kynntu vörur sínar.

Full borg matar er matar- og uppskeruhátíð tileinkuð íslenskum mat og matarmenningu sem haldin var í fyrsta sinn í september. Gestgjafi við opnunina var Friðrika Hjördís Geirsdóttir.

Verkefnið um nýja norræna matargerð var einnig mikilvægasti hluti af undirbúningi og framkvæmd matarleikhússins Völuspár.

Í október auglýsti Nordic Innovation kokkakeppni sem hluta af verkefninu *Nordic Food in DC Schools*. Fimm ungir kokkar sem unnu keppnina fengu ásamt dómnefnd að kynna nýja norræna matargerð fyrir bandarískum nemendum. Tóku þeir þátt í að matreiða fyrir 30.000 nemendur í skólum Washington DC svo og að matreiða á einum af betri veitingastöðum Washingtonborgar.

Norræna eldfjallasetrið

Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) er norræn rannsóknamiðstöð í eldfjallafræði og skyldum greinum sem grundvölluð er á sérstæðri og fjölbreyttri náttúru Íslands. NORDVULK er hluti af Jarðvísindastofnun HÍ og myndar þar kjarna þverfagslegs þemahóps um rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á innri gerð og hegðun eldfjalla. Á eldfjallasetrinu er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum á sviði jarðefna- og jarðeðlisfræði, samhliða þjálfun ungra norrænna vísindamanna.

Eitt meginmarkmið eldfjallasetursins er að efla rannsóknir í eldfjallafræði og skyldum greinum á norrænum vettvangi, samhliða vísindalegri þjálfun og kennslu. Með starfsemi stofnunarinnar síðastliðin 37 ár hefur orðið til víðtækt þekkingarnet á Norðurlöndum sem skapað hefur henni sess á alþjóðavettvangi. Sumarskólar NORDVULK, sem styrktir hafa verið af norrænum og bandarískum vísindasjóðum, hafa ennfremur leitt saman unga vísindamenn og sérfræðinga austanhafs og vestan. Á grundvelli þeirra hafa mörg alþjóðleg rannsóknarverkefni orðið til. NORDVULK miðlar þekkingu með því að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í virtustu vísindatímaritum á sínu sviði. Rannsóknaniðurstöðum er einnig komið á framfæri við almenning þar sem vísindamenn við NORDVULK eru í ráðgjafahóp Almannavarna en einnig koma vísindamennirnir á framfæri upplýsingum við almenning í gegnum fjölmiðla þegar eldgos verða með áherslu á (en ekki bundið við) fjölmiðla frá norrænu löndunum.

Rannsóknir

Á NORDVULK er unnið að margvíslegum rannsóknaverkefnum. Sem dæmi má nefna rannsóknir á fornveðurfari og umhverfisbreytingum, jarðefnafræðilegar rannsóknir á eðli jarðhitavökva, jarðfræðilegar rannsóknir á gosefnum eldfjalla og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum á eldfjalla- og jarðskjálftasvæðum ásamt líkanreikningum af innviðum eldfjalla og kvikukerfum. Rannsóknir í eldfjallafræði hafa umtalsverða norræna skírskotun. Þannig eru t.d. gömul berglög mynduð og mótuð af eldvirkni mikilvægur hluti í jarðfræðilegri byggingu Skandinavíu og Finnlands. Til að kleift sé að skilja aðstæður og myndun slíkra jarðlaga er nauðsynlegt að nýta reynslu frá rannsóknum á virkum eldfjallasvæðum. Jarðlög Skandinavíu og Finnlands mynduðust að mestu fyrir hundruðum milljóna ára

en á Íslandi er jarðskorpan enn í mótun og myndun. Ein meginástæða hinnar miklu jarðfræðilegu sérstöðu Íslands er sú að hér á landi er úthafshryggur tengdur flekaskilum Norður-Ameríkuflækans og Evrasíuflækans ofansjávar. Ný jarðskorpa myndast á úthafshryggjum við eldvirkni og kvikuhreyfingar. Einstök tækifæri eru því hérlendis til að rannsaka úthafshrygg ofansjávar, þar sem slíkir hryggir liggja að öllu jöfnu á um tveggja til þriggja kílómetra sjávardýpi. Sérstaða Íslands er til orðin vegna samspils úthafshryggjar við heitan reit í möttli jarðar þar sem óvenjumikil eldvirkni er. Þá eru eldgos á Íslandi mjög fjölbreytileg og verða við mismunandi umhverfisaðstæður. Neðansjávangos og gos undir jöklum landsins verða auk sprengi- og hraungosa á þurru landi. Rannsóknir á eldvirkni úthafshryggja og öðrum mikilvægum þáttum flekahreyfinga á Íslandi eru mikilvægar til að skilja eðli sambærilegra ferla sem hafa myndað og mótað jarðskorpu hinna norrænu landanna. Þá eru rannsóknir sem tengjast ferlum sem eiga sér stað í eldfjöllum og á jarðhitasvæðum mikilvægar til að skilja myndun jarðefna sem unnin eru í dag úr rótum fornra eldstöðvakerfa annars staðar á Norðurlöndum.

Starfsfólk

Á hverju ári auglýsir Norræna eldfjallasetrið fimm til sex stöður fyrir unga norræna vísindamenn sem veittar eru til tólf mánaða í senn. Stöðurnar eru ætlaðar nemendum í framhaldsnámi eða nýdöktum frá Norðurlöndum. Þeir sem fá stöðurnar öðlast tækifæri til að vinna rannsóknarverkefni í samstarfi við rannsóknahóp NORDVULK. Umsækjendur um þessar stöður eru valdir af norrænni verkefnanefnd eldfjallasetursins en þar situr einn jarðvísindamaður frá hverju norrænu landanna. Jafnframt er ein staða fyrir reyndan norrænan vísindamann í eldfjallafræði. Sú staða er einnig tímabundin, veitt til fjögurra ára í senn, og sá sem situr í henni kemur gjarnan frá einhverju norrænu landanna utan Íslands. Þá er hópur fastráðinna jarðvísindamanna við Jarðvísindastofnun HÍ tengdur NORDVULK, sem og tæknimenn og starfsfólk á skrifstofu.

Rannsóknaniðurstöður

Gæði rannsóknastarfsemi innan NORDVULK má meta út frá birtingum rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum. Á árinu birtust fjórtán greinar í slíkum tímaritum eftir vísindamenn stofnunarinnar og tíu aðrar greinar eru í vinnslu í slíkum tímaritum. Þessi árangur er vel umfram það sem kveðið var á um í samningi við NMR um starfsemi eldfjallasetursins. Loks voru rannsóknaniðurstöður kynntar með framlögum á mörgum íslenskum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum.

Almannatengsl

Norræna eldfjallasetrið er alþjóðlega þekkt meðal vísindamanna sem norræn miðstöð rannsókna í eldfjallafræði. Mikill áhugi er einnig meðal

almennings á eldfjallarannsóknum sem fram fara á stofnuninni. Þetta lýsir sér t.d. í hversu margir norrænir framhaldsskólanemar heimsækja NORDVULK í skipulegum ferðum til Íslands á vegum skólanna (tíu hópar á árinu). Þar fá norrænir framhaldsskólanemar kynningu á jarðfræði Íslands og hinum virku eldfjöllum landsins jafnframt því sem lýst er rannsóknum sem fram fara á eldfjallasetrinu. Á árinu 2010 skilaði eldgosið í Eyjafjallajökli stórauðinni alþjóðlegri fjölmiðlaumfjöllun um eldvirkni og eldgos, einnig var aukning á heimsóknum erlends fjölmiðlafólks til NORDVULK. Þessi aukni áhugi hélt áfram 2011, þar sem Grímsvatnagosið bættist við. Samhliða daglegum vísindastörfum sinntu starfsmenn tíðum heimsóknum fjölmiðlafólks, bæði hópa og einstaklinga og tóku þátt í framleiðslu nokkurra sjónvarpsþátta fyrir t.d. National Geographic Channel, sænska ríkissjónvarpið SVT og danska ríkissjónvarpið DR.

17. Norrænar lánastofnanir

Norræni fjárfestingabankinn

Norræni fjárfestingabankinn (NIB) er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna, samtals átta landa (hér nefnt heimasvæði bankans), og er með meginhluta útlánastarfsemi sinnar á því svæði. NIB er einnig með alþjóðlega útlánastarfsemi til þess m.a. að styðja við verkefnaútflutning fyrirtækja á heimasvæði bankans. Bankinn veitir lán til langs tíma og er markmið hans að styrkja samkeppnishæfni landanna og bæta umhverfið. NIB fjármagnar útlán sín með skuldabréfaútgáfum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og hafa skuldabréfin hæstu mögulegu einkunn frá lánshæfismatsfyrirtækjum.

Ársreikningur fyrir árið 2011 liggur ekki fyrir og er því í þessari skýrslu stuðst við upplýsingar um rekstur bankans á fyrstu átta mánuðum ársins. Alþjóðlegir fjármálamarkaðir, sem að mestu höfðu færst í eðlilegt horf á árinu 2009, hafa í vaxandi mæli orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna efnahagserfiðleika nokkurra Evrópulanda en bankinn átti þrátt fyrir þetta ekki í erfiðleikum með fjármögnun sína. Eftirspurn eftir lánnum bankans er vaxandi enda minnkandi lánsfjárframboð frá hefðbundnum viðskiptabönkum vegna ýmissa vandamála þeirra.

Afkoma NIB á tímabilinu var góð en grunnhagnaður varð 136 milljónir evra samborið við 149 milljónir evra árið áður. Að meðtekinni fjármálastarfsemi og virðisrýrnun útlána reyndist heildarhagnaður bankans 124 milljónir evra. Hagnaður bankans er í svipuðu horfi og á fyrra ári en á árinu 2009 var hagnaður óvenju mikill og bankinn náði þá til baka hluta af því tapi sem hann hafði orðið fyrir á árinu 2008 vegna mikilla erfiðleika á fjármálamörkuðum.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok ágúst 2011 var 22,9 milljarðar evra. Útlánin námu 13,6 milljörðum evra sem er svipað og í upphafi ársins. Útborguð lán á tímabilinu reyndust 973 milljónir evra en voru 618 milljónir

evra á sama tímabili árið áður. Dregið hafði úr útlánagetu NIB, sem skýrir samdrátt í útlánum árið 2010, en eiginfjárukning hefur nú aftur aukið getu bankans til útlána á heimasvæði sínu. Virðisrýrnun útlána nam 17,6 milljónum evra á tímabilinu og hefur dregið úr útlánatöpum miðað við undanfarin þrjú ár. Ekki var greiddur arður vegna árána 2009 og 2010 þrátt fyrir góða afkomu en álit stjórnar bankans var að vinna þyrfti upp tap ársins 2008 áður en arðgreiðslur hæfust að nýju.

Í útlánastarfseminni lagði NIB vaxandi áherslu á fjármögnun verkefna innan skilgreindrar kjarnastarfsemi bankans sem er á fjórum sviðum: Umhverfi, orkuiðnaður, samgöngur og nýsköpun. 90% af útlánum bankans á tímabilinu voru innan kjarnastarfseminnar miðað við 75% á sama tíma árið áður.

Eins og áður er getið er NIB traustur útgefandi skuldabréfa með AAA-einkunn í láns hæfi. Bankanum gekk vel að afla sér fjár á lánsfjármarkaði til endurlána og gaf út skuldabréf sem námu samtals 2,1 milljörðum evra á tímabilinu á hagstæðum kjörum.

Umhverfislán

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem fyrst var sett árið 2001 en endurnýjuð árið 2008. Byggir stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar, ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu. Á tímabilinu námu útborguð umhverfislán 40% af heildarútlánum bankans á tímabilinu.

NIB gegnir mikilvægu hlutverki í NDEP sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, EBRD, Evrópska fjárfestingabankans (EIB), Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, í Barentshafi og Norðvestur-Rússlandi. Verkefnin varða m.a. hreinsun á efnaúrgangi, fjármögnun á hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu um undirbúning, skipulagningu og fjármögnun umhverfisverkefna á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra.

Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og sérstaklega þeim sem varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

NIB á Íslandi

Frá upphafi hefur NIB verið mikilvægur þátttakandi í fjármögnun verkefna á Íslandi, ekki síst virkjanaframkvæmda og annarra orkumannvirkja. Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu 531 milljónum evra eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta samsvarar 4,9% af heildarlánveitingum á heimasvæði bankans á sama tíma. Til samanburðar er eignarhlutur Íslands í bankanum 0,9%.

Eftir verulegt tap á árinu 2008, sem að miklu leyti tengdist Íslandi, hélt bankinn að sér höndum í lánveitingum til Íslands. Lækkandi lánshæfismat og óvissa um efnahagshorfur á Íslandi hafa einnig haft sitt að segja um þessa afstöðu bankans. Auk íslensku viðskiptabankanna og SPRON hefur NIB orðið fyrir tapi og/eða lent í erfiðleikum með lán til nokkurra einkaaðila á Íslandi og er að vinna úr þeim en sú úrvinnsla er nú langt komin.

Þá ber að nefna að álit bankans hefur verið að íslenska ríkið hafi með neyðarlögunum og skiptingu bankanna í nýja og gamla banka, þar sem lán vegna verkefna þeirra sem NIB var að fjármagna með lánveitingum sínum til fjármálastofnanna voru flutt yfir í nýju banka en skuldin við NIB skilin eftir í gömlu bönkunum, ekki að fullu gætt hagsmuna bankans. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á að kröfuhöfum íslensku bankanna sé ekki mismunað á nokkurn máta og að stjórnvöld eigi hvorki né geti hlutast til um ákvarðanir sem eðli máls og lögum samkvæmt eru á verksviði eftirlitsaðila og slitastjórna.

Átti fjármálaráðuneytið í viðræðum við bankann vegna ofangreindra mála á árinu 2010. Þau samskipti leiddu til þess að bankinn ákvað að taka upp að nýju eðlileg samskipti við Ísland og íslenska lántakendur og samþykkti á árinu 2011 lánsúmsókn Landsvirkjunar vegna Búðarhálsvirkjunar.

Aukning stofnfjár

Eins og nefnt er hér á undan var talið nauðsynlegt að auka stofnfé bankans til að hann gæti haldið áfram að gegna hlutverki sínu við fjármögnun mikilvægra verkefna en heildarútlán hans voru farin að nálgast það hámark sem núverandi stofnfé setur.

Á fundi bankaráðs NIB í júní 2010 komu fulltrúar eigenda, sem eru fjármálaráðherrar viðkomandi landa, sér saman um að auka stofnfé bankans um 2 milljarða evra frá 1. janúar 2011, með fyrirvara um samþykki þjóðþinga viðkomandi ríkja. Stofnfjárukningin yrði með þeim hætti að millifært yrði fé úr varasjóðum bankans, þannig að ekki kæmi til beinna fjárframlaga frá aðildarríkjunum.

Þjóðþing allra aðildarríkja samþykktu stofnfjárukninguna og tók hún gildi á tilsettum tíma. Hlutdeild Íslands í stofnfjárukningunni nam 19,5 milljónum evra og var hún samþykkt á Alþingi sem hluti af fjárukalögum fyrir árið 2010 (heimild 7.21).²⁹

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun sem umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu árið 1990. Stofnun sjóðsins á sínum tíma tengdist stuðningi Norðurlanda við sjálfstæði

²⁹ Sjá einnig um Norræna fjárfestingabankann á bls 60.

Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháen. Meginmarkmiðið með stofnun sjóðsins var að bæta umhverfið í þessum löndum, t.d. með því að endurnýja úrelta tækni, hreinsa frárennslisvatn, bæta meðferð úrgangs, auka notkun endurnýjanlegrar orku og auka orkunýtni.

Stofnun sjóðsins hefur haft jákvæð áhrif á umhverfið, ekki einungis í löndunum við Eystrasalt heldur einnig á Norðurlöndum t.d. hvað varðar loftgæði og ástand Eystrasaltsins. Einnig hefur starfsemi sjóðsins stuðlað að því að kynna og miðla norrænni þekkingu og tækni í þessum löndum. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna þriggja í ESB árið 2004 hefur NEFCO lagt áherslu á sams konar verkefni í öðrum grannlöndum eins og t.d. Norðvestur-Rússlandi og Úkraínu. Í Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og notkun lífmassa tekin upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt fjölda skóla, barnaheimila og sjúkrahúsa í Norðvestur-Rússlandi og víðar til að bæta orkunýtni sína. Formlegt samstarf er milli NEFCO og Bank Lviv í Úkraínu, sem er í eigu Íslendinga, um bættu orkunýtni við húshitun í Úkraínu. Öll þessi verkefni eiga þátt í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og losun ýmissa mengandi efna og stuðla þannig að því að bæta umhverfi og heilsu fólks.

Norræn fyrirtæki sem ráðgera að fjárfesta í verkefnum á starfssvæði NEFCO geta sótt um stuðning til sjóðsins. Stuðningur NEFCO við verkefni er ýmist í formi lána eða hlutafjár í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum, t.d. hjá sveitarfélögum. NEFCO vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða með svæðisbundnum samtökum eins og CBSS, AC og innan hinnar Norðlægu víddar ESB. Áður en lán er veitt til verkefnis fara fram útreikningar á hagkvæmni verkefnisins hvað varðar bæði fjárhagslegu hliðina og umhverfisáhrif þess.

Í öllu starfi NEFCO er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim. Útreikningar þeirra hafa m.a. sýnt að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum. Jákvæð áhrif af starfsemi sjóðsins á umhverfið eru töluverð eins og glögggt má sjá af eftirtöldum dæmum um hvernig verkefni á vegum sjóðsins drögu úr álagi á umhverfið árið 2010:

- Útblástur CO₂ á starfssvæði sjóðsins minnkaði um þrjár milljónir tonna en það samsvarar útblæstri frá flugferðum með 6,2 milljónir farþega frá Helsinki til New York og lætur nærri að þetta sé um 3/4 hlutar af árlegum heildarútbæstri CO₂ á Íslandi
- Losun fosfórs í frárennslu minnkaði um 1.251 tonn sem jafngildir fosfórmengun frá óhreinuðum úrgangi frá 1,7 milljónum íbúa á svæðinu.
- Losun brennisteins minnkaði um 8.075 tonn og nemur það magn um 1/10 af allri losun brennisteinsdíoxíðs í Finnlandi á árinu 2007.

Starfsemi NEFCO á síðustu árum endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál. Þær breytingar birtast m.a. í því að nú er unnið meira með hrein loftslagsverkefni en áður var og með nýjum samstarfsaðilum eins og öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða samtökum. Umhverfismál eru þó alltaf í brennidepli svo og útbreiðsla norrænnar þekkingar og tækni. Á síðastliðnum þremur árum hefur verið í þróun samstarf milli NEFCO og NDF um loftslagsverkefni í þróunarríkjum. Á árinu 2009 var ákveðið að hætta hefðbundinni starfsemi NDF en jafnframt ákveðið að hluti endurgreiðslna sem berast sjóðnum næstu 35 árin verði notaður til loftslagsverkefna í þróunarlöndum. Í þessu skyni var stofnaður sjóður, Norræni loftslagssjóðurinn (NCF).³⁰ Með samstarfinu er ætlunin að nýta þekkingu og reynslu NEFCO annars vegar og NDF hins vegar til að hrinda í framkvæmd ýmsum verkefnum sem auðvelda þróunarlöndum að takast á við loftslagsbreytingar og aðlagast þeim. Stofnun sjóðsins er sameiginlegt framlag Norðurlanda til að koma til móts við hina miklu fjárhörf þróunarlandanna til að takast á við loftslagsbreytingarnar. Við val á verkefnum verður sjónum einkum beint að því að flytja þekkingu og loftslagsvæna tækni frá Norðurlöndum til þróunarlanda. Samstarfsverkefni NEFCO og NDF í Víetnam þykir nýstárlegt og er þess vænst að það muni stuðla að því að fleiri alþjóðlegar fjármálastofnanir og einstök lönd beini starfi sínu í þróunarlöndum að álíka verkefnum.³¹

Auk loftslagssjóðsins hafa verið stofnaðir ýmsir sjóðir innan vébanda NEFCO sem ætluð eru ýmis verkefni, t.d. kolefnissjóður, auk þess sem NEFCO hefur tekið að sér umsýslu ýmissa annarra sjóða sem stofnaðir hafa verið til að vinna að umhverfisverkefnum, t.d. á norðurheimskautssvæðinu.

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur milli NEFCO og yfirvalda umhverfismála í Kína. Með samstarfinu er ætlunin að nýta þá jákvæðu reynslu sem fengist hefur af starfsaðferðum NEFCO til að vinna að verkefnum í Kína sem draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og áhrifum af völdum ósoneyðandi efna og þrávirkra eiturefna, þar á meðal þungmálma. Einnig er markmiðið að ýta undir notkun hreinni tækni í iðnaði og bættri orku- og auðlindanýtni.

NEFCO hefur aðsetur í Helsinki og eiga norrænu löndin hvert um sig einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Sérfræðingar sjóðsins koma með jöfnu millibili til Íslands og kynna starfsemi hans fyrir fulltrúum úr atvinnulífinu. Vonir eru bundnar við að slíkir fundir muni stuðla að aukinni þátttöku íslenskra fyrirtækja í verkefnum á vegum sjóðsins.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur aðsetur í Helsinki. Sjóðurinn hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla

30 Sjá nánar um Norræna loftslagssjóðinn á bls. 83

31 Sjá einnig um verkefnið á bls 45.

og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum með því að veita lán, annars vegar til for- og hagkvæmniathugana vegna alþjóðavæðingar fyrirtækja sem vilja koma á fót starfsemi erlendis og hins vegar til útflutnings skilgreindra verkefna. Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð o.fl. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um niðurstöður verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör.

Sjóðurinn hefur frá upphafi afgreitt nálægt 4600 umsóknir um lán, veitt rúmlega 2600 fyrirtækjum lán eða styrki og að meðaltali hafa verið um 200 lán í gangi á hverjum tíma. Sjóðurinn býr yfir miklum upplýsingabanka í formi niðurstaðna af forverkefnum í ýmsum löndum. Það býður upp á einstakt tækifæri til að miðla upplýsingum á milli þeirra fyrirtækja sem þegar hafa lokið verkefnum og þeirra sem eru á byrjunarreit. Með þessum hætti hefur myndast grunnur að tengslaneti norrænna fyrirtækja sem starfa á sama landsvæði.

Nopef lánaði á árinu fé til 65 verkefna í löndum utan ESB og EES. Dregið var úr fjárframlögum til sjóðsins á árinu og þess vegna gerðu áætlanir ráð fyrir um 100 umsóknum í stað 150 árið áður. Veitt lán voru því 67 samanborið við 117 árið áður. Eins og fyrr var megin áhersla á að styðja við verkefni í Austur-Evrópu, Kína auk Norður- og Suður-Ameríku. Einnig var horft jákvæðum augum til hagkvæmniathugana á sviði orku- og umhverfismála og verkefna sem sýnt þótti að hefðu sterk jákvæð áhrif á atvinnurekstur á Norðurlöndum með því að auka umsvif og vöxt umsóknarfyrirtækjanna heima fyrir.

Engin umsókn barst frá Íslandi árið 2011 en árið áður voru þær þrjár og þá voru fimm lán veitt til íslenskra fyrirtækja. Nú eru í gangi fjögur íslensk verkefni en þremur lauk á síðasta ári. Eitt verkefni er í Kína, eitt í Asíu og tvö í Austur-Evrópu.

Alls voru 155 verkefni í gangi í lok árs 2011 og námu útistandandi lánsloforð 4,9 milljónum evra (2010 voru 188 verkefni í gangi og nam upphæð lánsloforða 6,1 milljónum evra). Meðalupphæð lánsloforða er þannig tæplega 32.000 evrur. Verkefni, sem veitt voru lán til, skiptust þannig á milli landsvæða: Kína 47 verkefni, önnur Asíulönd 24, Rússland 24, Suður- og Mið-Ameríka 23, Norður-Ameríka 16, Evrópa 15, Afríka 5 og Ástralía 1 verkefni. Flest verkefni voru sænsk eða 65, dönsk verkefni voru 60, norsk 40, finnsk 24 og 4 íslensk. Umsóknarfyrirtæki eru flest lítil, þannig var helmingur fyrirtækjanna með færri en 50 starfsmenn og 75% þeirra voru með færri en 100 starfsmenn.

Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er í eigu Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Hann hefur aðsetur í Helsinki og nýtur að hluta samrekstrar með NIB og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

NDF hefur veitt víkjandi lán til þróunarríkjanna frá stofnun sjóðsins árið 1989. Árið 2009 ákvað NMR á grundvelli tillögu stjórnarinnar að þeim fjármunum sem endurgreiðast til sjóðsins – samtals um einn milljarður evra á 35 ára tímabili – verði varið til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum, og var samþykktum sjóðsins breytt til samræmis við það.

Markmið NDF eru:

- að greiða fyrir stærri fjárfestingum í þróunarríkjum, í samstarfi við aðra alþjóðlega fjárfesta, með það að markmiði að bregðast við orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga,
- að endurspegla áherslur norrænu landanna á sviði loftslagsbreytinga og í baráttunni við fátækt og hungur,
- að auka samlegðaráhrif loftslagsverkefna og vera viðbót við aðra fjármögnun.

Á grundvelli nýs hlutverks hefur stjórn NDF samþykkt 39 styrki, samtals að upphæð 106,7 milljónir evra á árunum 2009–2011. Samþykkt verkefni eru staðsett í lágtekjulöndum í Afríku (39%), Asíu (30%), og Rómönsku Ameríku (32%).

Miða þau að því að styðja löndin við að laga sig að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga sem og til þess að draga úr útblæstri á gróðurhúsalofttegundum, hvort sem er með aðlögun og/eða fyrirbyggjandi aðgerðum.

Með aðstoð á sviði loftslagsmála geta Norðurlönd nýtt sérþekkingu sína í umhverfismálum til að aðstoða þau ríki þar sem þörfin er mest. Ekki er gert ráð fyrir að norrænu löndin leggi sjóðnum til nýtt fjármagn. Mun stofnfé hans þar af leiðandi rýrna og taka verður afstöðu til hvort endanlega eigi að leggja sjóðinn niður síðar.

Stjórn NDF samþykkti í júní 2009 framkvæmdaáætlunina „NDF:s framtida inriktning – Future and operations – an outline for 2009–2011“. Áætlunin er grundvöllurinn fyrir framtíðarverkefni sjóðsins. Úttekt var gerð á áætluninni og gefin út framvinduskýrsla á árinu 2011, sem er í heildina mjög jákvæð. Þar kom m.a. fram að sjóðurinn hefur farið fram úr áætluðum markmiðum og að samband við samstarfsaðila hafi eflst á undanförunum árum.

Ný stefna í loftslagsmálum fyrir árin 2012–2013 var samþykkt í lok árs 2011 en samkvæmt henni mun NDF leggja aukna áherslu á að draga saman og leggja mat á reynslu af yfirstandandi loftslagsverkefnum. Sem norræn stofnun mun sjóðurinn halda áfram að styðja norrænar áherslur í loftslags- og þróunarmálum en hyggst skerpa val á verkefnum með áherslu á starfsemi þar sem sjóðurinn getur, auk fjárframlags, lagt meira af mörkum og skapað samlegðaráhrif. Ennfremur, með endurskoðun á reglum um eftirfylgni og úttektir, ásamt þróun á stefnumiðuðu árangursmati verkefna, mun NDF einbeita sér frekar að skilvirkri og árangursmiðaðri innleiðingu núverandi skuldbindinga.

Norræni loftslagssjóðurinn (NCF) er vistaður hjá NDF og veitir styrki

til verkefna sem vinna að takmörkun áhrifa loftslagsbreytinga. Sjóðurinn er fjármagnaður af NDF í samstarfi við NEFCO.

NCF er ætlað að styrkja verkefni sem efla tækni- og þekkingarmiðlun á sviði loftslagsbreytinga. Markmiðið er að hvetja til samstarfsverkefna milli norrænna stofnana, yfirvalda, samtaka og fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra í þróunarríkjum.

Þegar kallað var eftir styrkumsóknum árið 2010 var áhersla lögð á áhrif loftslagsbreytinga í borgum og endurnýjanlega orkugjafa. Úthlutað var á árinu 2011 en af um 180 umsóknum hlutu 12 styrki úr sjóðnum.

Í lok árs 2011 var í þriðja sinn kallað eftir styrkumsóknum. Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á frumlegar og hagkvæmar lausnir í loftslagsmálum, sem beinast að staðbundinni viðskiptaþróun.

Í stjórn NDF sitja fulltrúar norrænu ríkjanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru þrettán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestingafyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig er lánað til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annaðhvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út þrjú lán, eitt til Grænlands og tvö til Færeyja, samtals að upphæð 16 milljónir danskra króna.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramótin 2011/2012 120,7 milljónir danskra króna og á sama tíma námu útlán samtals 95,8 milljónum danskra króna.

Breytingar á samþykktum, er tóku gildi um áramótin 1997/98, kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja NORA um allt að 1,5 milljónir danskra króna á ári.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

Fylgiskjal 1:**Styttingar**

ÄK-JÄM	Nordisk Embedsmandskomit� for Ligestilling – Norr�na emb�ttismannanefndin um jafnr�ttism�l
AC	Arctic Council - Nor�urskautsr�di�
AGS	Alþj��agjaldeyrissj��urinn
CBSS	Council of Baltic Sea States – Eystrasaltsr�di�
CSSB	Civil Society Stability for Belarus
BDF	Baltic Development Forum
BEAC	Barents Euro-Arctic Council – Barentsr�di�
EBRD	European Bank for Reconstruction and Development – Endurreisnar- og þr�unarbanki Evr�pu
EES	Evr�pska efnahagssv��i�
EFTA	The European Free Trade Association – Friverslunarsamt�k Evr�pu
EHU	European Humanities University – Evr�pski h�sk�linn � h�maniskum fr��um
EIB	European Investment Bank – Evr�pski fj�rfestingabankinn
EK-A	Nordisk Embedsmandskomit� for Arbejdsliv – Norr�na emb�ttismannanefndin um vinnumark� og vinnuumhverfi
EK-Finans	Nordisk Embedsmandskomit� for �konomi- og Finanspolitik – Norr�na emb�ttismannanefndin um efnahags- og r�kisfj�rm�l
EK-FJLS	Nordisk Embedsmandskomit� for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norr�na emb�ttismannanefndin um sj�varutveg, landb�na�, matv�li og sk�gr�ekt
EK-K	Nordisk Embedsmandskomit� for Kultur – Norr�na emb�ttismannanefndin um menningarm�l
EK-Lov	Nordisk Embedsmandskomit� for Lovsamarbejde – Norr�na emb�ttismannanefndin um l�ggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk Embedsmandskomit� for Milj� – Norr�na emb�ttismannanefndin um umhverfism�l
EK-NE/Energi	Nordisk Embedsmandskomit� for Enerkipolitik – Norr�na emb�ttismannanefndin um orkum�l
EK-NE/N�ring	Nordisk Embedsmandskomit� for Erhvervspolitik – Norr�na emb�ttismannanefndin um atvinnum�l
EK-R	Nordisk Embedsmandskomit� for Regionalpolitik – Norr�na emb�ttismannanefndin um bygg�dam�l
EK-S	Nordisk Embedsmandskomit� for Social- og sundhedssp�rgsm�l – Norr�na emb�ttismannanefndin um f�lags- og heilbrig�ism�l
EK-U	Nordisk Embedsmandskomit� for Uddannelse og Forskning – Norr�na emb�ttismannanefndin um menntam�l og ranns�knir
ESB	Evr�pusambandi�
FAO	Food and Agriculture Organisation of the United Nations – Matv�la- og landb�na�arstofnun Sameinu�u þj��anna
F�T	F�lag �slenskra t�nlistarmanna
GF	Nordisk Gr�nsehindringsforum – Nefnd um afn�m stj�rnis�slulegra landam�rahindrana
HELCOM	Convention on the Protection of the Marine Environment of the Baltic Sea – HELCOM-samningurinn um verndun Eystrasaltsins
H�	H�sk�li �slands
H�GUT	R�dgivningsgruppen f�r nordiskt samarbete inom h�gre utbildning – R�dgjafanefndin um ��ri menntun

IMFC	International Monetary and Financial Committee – Fjárhagsnefnd Alþjóða- gjaldeyrissjóðsins
KKN	Kulturkontakt Nord – Norræna menningargáttin
KreaNord	Nordisk arbeidsgruppe for udvikling af kreative industrier – Norræn stjórnarnefnd um skapandi greinar
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og ríkisfjármál
MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt
MR-JÄM	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kultur – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Lov	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordisk Ministerråd for Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og sundhedspolitik – Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministre – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Nordisk-baltiske ministermøder – Fundir ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NCF	Nordic Climate Facility – Norræni loftslagssjóðurinn
NDEP	Northern Dimension Environmental Partnership
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NDPC	Northern Dimension Partnership on Culture – Menningarsamstarf á vettvangi Norðlægu víddarinnar
NDPHS	Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being
NEF	Nordisk Energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NFB	Nordic Fashion Biennale – Norræni tískutviáringurinn
NFS	Nordens Fackliga Samorganisation – Norræna verkalýðssambandið
NHR	Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks – Nordisk Handicappolitisk Råd
NHV	Nordisk Højskole for Folkesundhedsvidenskab – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIVA	Nordisk Institution for Videreuddannelse indenfor Arbejdsmiljøområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
Nordic Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin
NIB	Den Nordiske Investeringsbank – Norræni fjárfestingabankinn
NIFIN	Nordens Institut i Finland – Norræna stofnunin í Finnlandi
NIKK	Nordisk Institut for Kundskab om Køn – Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin
NIOM	Nordisk Institut for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NKJ	Nordisk kontaktorgan for jordbrugsforskning og madforskning – Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðar- og matvælarannsóknir

NKMT	Nordisk arbeidsgruppe for Kosthold, Mad og Toksikologi – Vinnuhópur um matvæli, næringu og eiturefnafræði
NMDD	Nordisk Arbejdsgruppe for Mikrobiologi og Dyrehelse/Dyrevelfærd – Vinnuhópur um örverufræði og dýraheilbrigði/dýravelferð
NMF	Nordisk arbeidsgruppe for madforvaltning og konsumentinformation – Norrænn vinnuhópur um matvælaeftirlit og neytendafræðslu
NMKL	Nordisk Metodikkomiteé for Levnedsmidler – Norræna aðferðafræðinefndin um matvæli
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNM	Ný Nordisk Mad – Ný norræn matargerð
NNR	Nordic Nutrition Recommendations – Norræn næringarráðgjöf
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðistölfraðinefndin
Nopef	Nordisk Projekteksporfond – Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknaráðið
NordGen	Nordisk Genressourcecenter – Norræna erfðalindasetrið
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre for Spatial Development – Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDVULK	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félags- og tryggingamála
NR	Nordisk Råd – Norðurlandaráð
NSHF	Nordisk samrádsgruppe i flygtningespørgsmål – Norræn samráðsnefnd um málefni flóttamanna
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS	Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafanefnd um samstarf um skólamál
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk netværk for voksnes læring – Norrænt samstarfsnet um nám fullorðinna
OECD	Organisation for Economic Cooperation and Development – Efnahags- og framfarastofnun Evrópu
OSPAR	Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic – Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins
Rio+20	United Nations Conference on Sustainable Development 2012 (UNCSD) – Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 2012 um sjálfbæra þróun
SNS	SamNordisk Skovforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir
SVL	Styregruppen for voksnes læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
TFI	Topforskningsinitiativet – Öndvegisrannsóknáætlunin
UNEP	The United Nations Environment Programme – Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
WHO	World Health Organization – Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

